

**MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR**

*Bakar eftir nýrri söru-uppskrift fyrir hver jól*

• jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÞORLÁKSMESSA**

*Manndómsvígslur og veglegar veislur*

Sérblaðið Þorláksmessa

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**Tempur heilsuinniskór**

Ein vinsælasta jólagjöfin okkar

Jólatilboð: Kr. 7.700,-

Betra BAK

*Opið í dag til kl. 23*



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. desember 2008 — 351. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Semja við Fat Cat



Stórsveit Nix Noltes gefur út í Bandaríkjunum og Bretlandi á vegum plötuútgáfunnar Fat Cat.

FÓLK 32

### Gleði og gjafir

„Við Íslendingar erum sem stendur í erfiðu námi,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir. „Námsefnið er þolinmæði, þrautseigja og útsjónarsemi.“

Í DAG 16

### Lét drauminn rætast



Haukur Ingi Jónasson, lektor við HÍ, hefur hafið nýliðaþjálfun hjá Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur.

TÍMAMÓT 20

### Sögulegur tíu manna listi



Nú er ljóst hvaða tíu íþróttamenn urðu í efstu sætunum í kjöri SÍ á Íþróttamanni ársins 2008.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR Í KVÖLD** Í dag verða SV 10-20 m/s, hvassast norðvestan til. Snýst í sunnan 18-23 m/s vestan til á landinu í kvöld. Bjart eystra annars skúrir. Mikil rigning sunnan- og vestanlands í kvöld.

VEÐUR 4

# Segja stjórnvöld fela nýja sjúklingaskatta

**Innlagnargjald á sjúkrahúsum skilar aðeins þriðjungi af þeim 360 milljónum sem forsætisráðherra boðaði. Innlagnargjaldið mun nema um fjögur þúsund krónum. 250 milljónir verða innheimtar með hækkun annarra gjalda.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýtt innlagnargjald á sjúkrahúsum verður um fjögur þúsund krónur. Gjaldið skilar 110 milljónum króna á ári eða aðeins þriðjungi af þeim 360 milljóna króna viðbótartekjum sem áætlaðar eru í breytingu á lögum um sjúkratryggingar. Um 250 milljónir króna verða innheimtar með hækkunum annarra gjalda á sjúklinga, segir formaður heilbrigðisnefndar.

Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, sem situr í heilbrigðisnefnd, segir að nýtt innlagnargjald á heilbrigðisstofnunum verði um fjögur þúsund krónur eða sama upphæð og komugjald á slysa- og bráðadeildum Landspítalans er nú. Hún telur stjórnvöld vera að lauma inn nýjum sjúklingasköttum í skjóli lagabreytingar. Verið sé að gefa heilbrigðisráðherra opna heimild til að leggja ný gjöld á sjúklinga og hækka þau sem fyrir eru.

Innlagnir á heilbrigðisstofnunum á Íslandi eru áætlaðar um 32 þúsund á ársgrundvelli. Gjaldið mun því skila um 110 milljónum í viðbótartekjur en ekki 360 milljónum, eins og kom fram í máli Geirs H. Haarde forsætisráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á laugardag.

Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður heilbrigðisnefndar, staðfestir að um 110 milljónir fáist með upptöku innlagnargjalda. „Annað mun nást með hækkun annarra gjalda í heilbrigðisþjónustunni.“ Ásta segir ekki hafa verið skilgreint hvaða gjöld verði hækkuð. Hún bendir einnig á að komugjöld hafi ekki verið hækkuð um langt árabil og að komugjöld barna og unglinga hafi verið felld niður um síðustu áramót.

- shá



**ÁTÖK VIÐ JÓLATRÉSÖLUNA** Það er ekki heiglum hent að koma jólatré í plast en þarna eru menn frá Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur á ferð svo að þeir bjarga sér alveg. Viðskiptavinir kippa sér hins vegar ekkert upp við hamaganginn en líta á úrvalið í ró og næði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SUNGIÐ Á SVÖLUM GIMLIS** Þótt hér sjáist bara tveir tenórar verða þeir fjórir í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjórir tenórar í stað þriggja:

## Tenórar syngja á Gimlissvölum

**FÓLK** Fríður flokkur tenóra mun í kvöld þenja raddböndin á árlegum Þorláksmessutónleikum í miðborg Reykjavíkur. Tónleikarnir nú verða þó á nýjum stað.

„Ákveðið var að færa tónleikana í Kvosina, á svalir Gimlis við útitaflið í Lækjargötu,“ segir Guðríður Inga Ingólfsdóttir, viðburðafulltrúi Höfuðborgarstofu. Er það gert í hagræðingarskyni þannig að fleiri geti notið tónleikanna en svæðið við Sólon þykir of lítið.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og þar koma fram Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Snorri Wiium, Gissur Páll Gissurarson og Garðar Thor Cortes verður með í fyrsta skipti. Steinunn Birna Ragnarsdóttir leikur undir.

- hs / sjá sérblaðið Þorláksmessa

Árleg Eurovision-verðlaun:

## Eurobandið tilnefnt í sjö flokkum

**FÓLK „Þetta er auðvitað frábært og gaman að sjá að fólk skuli muna eftir okkur,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson, annar söngvara Eurobandsins. Íslensku Eurovision-fararnir eru tilnefndir til verðlauna í sjö flokkum af hinum árlegu Eurovision-verðlaunum sem vefsíðan Esctoday.com stendur nú fyrir þriðja árið í röð.**

**Úrslit verða kunngjörð á morgun. Meðal þeirra flokka sem Eurobandið er tilnefnt í eru besta lagið, besta framkoman og bestu búningarnir.**

- fgg / sjá síðu 32

Vel yfir hundrað þúsund eintök af íslenskum skáldverkum seljast fyrir þessi jól:

# Neytendur velja íslenskt í pakka

**VIÐSKIPTI** Íslensk framleiðsla selst vel fyrir þessi jól Útgefendur og kaupmenn sem Fréttablaðið talaði við eru sammála um að neytendur hafi tekið ákvörðun um að velja íslenskt í pakkana í ár.

„Íslenskar skáldsögur seljast sérstaklega vel og ég fæ ekki betur séð en að að meðaltali verði keypt eitt íslenskt skáldverk inn á hvert íslenskt heimili í ár,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda. Það þýðir að um 100 til 120 þúsund eintök seljist í þessum eina bókaflokki.

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri íslenskrar tónlistar hjá Senu, segir að sömu sögu sé að segja í tónlistarútgáfunni. „Sala á íslenskri tónlist er í meðallagi góð en sala á erlendri tónlist hefur hins vegar sjaldan verið daprari,“ segir hann.

„Jólasalan hefur gengið ótrúlega vel og við finnum fyrir miklum velvilja í garð íslenskrar hönnunar,“ segir Halla Bogadóttir, framkvæmdastjóri verslunarinnar Kraums. Þar eru seldir skartgripir, húsgögn, fatnaður og fleira eftir hundrað íslenska hönnuði. „Íslendingar eru okkar helstu viðskiptavinir,“ segir hún.

- jse


ostur.is



GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA

*Kynnið ykkur úrvalið af sælkeraostakörfum á ostur.is*

24 Skeifan

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

ALLTAF í Skeifunni

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Opið til 23

Kringlan



1 dagur til jóla

## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, átt þú hauk í horni í Ævari Erni?*

„Hann getur verið óttalegur fálki stundum.“

Ævar Örn Jósepsson rithöfundur skýrði persónu í glæpasögunni Land tækifæranna eftir Gunnari Viktorssyni sjúkraþjálfara, vini sínum úr Hafnarfirði. Persónan í bókinni er Haukamaður, en alvöru Gunnar er eitilharður FH-ingur. Gunnar skrifar þetta á „óþverraskap“ af hálfu Ævars.

Um fjörutíu útigangshross á Kjalarnesi veiktust hastarlega og eitt drapst :

# Sex hesthús sett í einangrun

**DÝRAHALD** Stærstur hluti útigangshrossa á Kjalarnesi reyndist vera orðinn fárveikur í fyrradag, þegar fólk bar þar að. Í hópnum voru samtals fjörutíu hross. Eitt þeirra drapst úr veikinni. Fimm hesthús í Mosfellsbæ hafa verið innsigluð vegna málsins, svo og eitt utan svæðisins.

„Hrossin sem veiktust voru með niðurgang og háan hita,“ segir Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis. „Það vakti með okkur ugg að blóðmyndin gat í fyrstu bent til veirusmits. En við erum búin að kryfja þetta eina hross sem drapst og krufningin sýndi mikið smit í meltingarfærum. Við erum því frekar á því að þarna sé um bakteríusmit að ræða, líklega salmonellu, sem gæti hafa verið í vatni eða fóðri hrossanna.“



**HESTHÚSABYGGÐ Í MOSFELLSBÆ** Fjögur hesthús í hverfinu hafa verið innsigluð. Myndin er úr safni.

Að sögn Gunnars Arnar hafði hluti hrossanna verið fluttur í fyrrakvöld og fyrrinótt niður í hesthúsahverfið í Mosfellsbæ.

„Ég var í fyrstu nokkuð áhyggjufullur yfir því,“ segir Gunnar Örn. „En það spáði svo illa að menn voru áhyggjufullir og vildu koma hrossunum undir þak. Þeim sem eftir eru er verið að koma í húsaskjól. Ég mun þó ekki loka öllu hverfinu heldur þeim húsum þar sem hrossin eru hýst og setja upp ákveðnar varúðarreglur hvað þau varðar.“ - jss

Boðnir velkomnir í verslanir:

# Mótmælt verður í Bónus í dag

**MÓTMÆLI Hvatt er til þess að almenningur fari í verslanir Bónuss í dag og sleppi því að versla í mótmælaskyni. Eva Hauksdóttir, ein af forsprökkum mótmælanna, segir hugmyndina að hindra viðskipti.**

**Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir mótmælendur velkomna í verslunina, öryggisgæsla verði ekki aukin. „Við vonum mótmælin verði friðsöm. Við höfum líka boðið forsprökkunum að koma á skrifstofuna þar sem við Jóhannes getum farið yfir þau mál sem fólki finnst að standi upp á okkur,“ segir hann.** - ghs



**HARÐAR DEILUR** Óeirðir stóðu vikum saman á Norðurbrú í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Deilur um Ungdómshúsið:

# Fimmtán hlutu fangelsisdóma

**DANMÖRK Fimmtán ungmenni fá níu til fimmtán mánaða óskilorðsbundna fangelsisdóma vegna mótmælanna út af niðurrifi Ungmennahússins á Norðurbrú í Kaupmannahöfn vorið 2007. Sannað þótti að þau hefðu búið sig undir blóðug átök við lögreglu.**

**Ungmennin fimmtán höfðu dvalist í húsinu síðustu dagana áður en það var rifið. Í húsinu fundust járnstengur, bensínsprengjur, grjót og fleira vopnakyns, sem þótti ótvírætt merki þess að beita hafi átt ofbeldi.** - gb

Geir Haarde forsætisráðherra:

# Ekki breyting á ráðherraskipan

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki eiga von á því að gerð verði breyting á ráðherraskipan Sjálfstæðismanna fyrir landsfund sem haldinn verður í lok næsta mánaðar.

Þetta kom fram í viðtali við hann á Stöð 2 í gær. Hann sagði það þó ekki útilokað að slíkar breytingar yrðu gerðar á þessu kjörtímabili. Hann sagði jafnframt að fleyting krónunnar hefði farið vel af stað og að hann vonaðist til þess að hægt yrði að slaka á höftum með fjármagnsviðskipti eftir áramót - jse

# Ekki gerð skýrsla um ólæti lögreglumanns

**Lögregluvarðstjóri af Suðurnesjum handtekinn fyrir slagsmál og ólæti. „Dónalegur og hrokafullur í garð lögreglu,“ segir í dagbók. Lögregla skrifaði ekki skýrslu um málið. Handvömm, segir lögreglustjóri. Varðstjórinn enn við störf.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregluvarðstjóri af Suðurnesjum var handtekinn tvívegis vegna óláta og slagsmála á Hótel Nordica fyrir mánuði. Engar skýrslur eru til um málið hjá lögreglu og maðurinn er enn við störf.

Fréttablaðið hefur undir höndum afrit af dagbókarfærslum lögreglu um atvikið, sem átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 23. nóvember.

Þar kemur fram að lögregla hafi verið kvödd að hótelinu vegna ölvaðs manns sem væri „með leiðindi og uppivöðslu“. Þar rita lögreglumenn sem fóru á vettvang að umræddur varðstjóri hafi átt í rifrildi við þrjá aðra og verið „mjög ógnandi“ við einn þeirra. Þeir höfðu lent í átökum fyrr um kvöldið, en ber ekki saman um hver átti upptökin. Einn mannanna sakaði varðstjórann um að hafa slegið sig með krepptum hnefa í andlitið. Hann hefur þó ekki kært.

„Í viðræðum við starfsfólk hafði komið fram að… var ekki velkominn á hótelið ef hann myndi ekki róa sig niður og virtust samstarfsmenn frekar uggandi um ástand hans,“ segir í dagbókinni.

Ákveðið var að færa hann á lögreglustöð úr því að hann virti ekki tilmæli um að halda sig frá fólkinu sem hann lenti í útistöðum við. Honum var kynnt réttarstaða handtekins og sakbornings, að því er segir í dagbókinni.

Hann var mjög ölvaður við yfirheyrslur og nefndi ítrekað að hann væri lögreglumaður og þyrfti ekki að kynna sér neinar upplýsingar. Að yfirheyrslu lokinni var honum ekið aftur á hótelið. Hann hafði áður lofað því að fara rakleiðis að sofa, en þegar hann kvaddi sagði hann hins vegar að hann hygðist halda áfram að skemmta sér. „Þess ber að geta að …var mjög dónalegur og hrokafullur í garð lögreglumanna“ segir í dagbókinni.



**HÓTEL NORDICA** Árshátíð stóð yfir á hótelinu umrætt kvöld. Átökin milli varðstjórans og eins mannanna brutust út á salerninu. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN



**STEFÁN EIRÍKSSON**



**JÓN BJARTMARZ**

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins þurfti síðan aftur að handtaka manninn og færa hann á lögreglustöð síðar um nóttina.

Þegar menn eru handteknir ber lögreglu að rita handtökuskýrslu um málið. Engin slík er hins vegar til um þetta mál, né heldur svokölluð frumskýrsla um málið. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að þar sé um handvömm að ræða og úr því verði bætt. Fráleitt sé að slakað hafi verið á reglum um skráningu vegna starfa mannsins.

Lögregluvarðstjórinn er enn við störf. Jón Bjartmarz, starfandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir að embættið hafi verið látið vita af málinu og verið sé að vinna í því.

stigur@frettabladid.is

# Halldóra Eldjárn látin



Halldóra Eldjárn, fyrrverandi forsetafrú, lést síðastliðinn sunnudag, 85 ára að aldri.

Halldóra fæddist á Ísafirði 24. nóvember 1923. Foreldrar hennar voru Ingólfur Árnason, framkvæmdastjóri á Ísafirði, og Ólöf Sigríður Jónasdóttir húsfreyja.

Halldóra lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands árið 1942. Hún starfaði meðal annars hjá Orðabók Háskóla Íslands.

Hún giftist Kristjáni Eldjárn þjóðminjaverði árið 1947. Kristján var kjörinn forseti Íslands 1968 og gegndi embætti í þrjú kjörtímabil, til ársins 1980. Kristján lést 14. september 1982.

Börn Halldóru og Kristjáns eru Ólöf Eldjárn, Þórarinn Eldjárn, Sigrún Eldjárn og Ingólfur Árni Eldjárn.

Ríkisskattstjóri rannsakar:

# Skoðar kort 30 auðugra manna

**LÖGREGLAN Eftir rannsókn á kortanotkun þrjátíu einstaklinga, sem grunaðir eru um að svíkja undan skatti, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að biðja þá um skýringar á notkuninni.**

**Fólkið notaði erlend kort á Íslandi og greiddi inn á þau úti. Samkvæmt heimildum Stöðvar tvö munu einstök kort hafa verið notuð fyrir allt að fjörutíu milljónir á ári. Viðtölin fara fram í janúar, og verða óútskýrð mál send skattrannsóknarstjóra.** - kóþ


GIRNILEG JÓL

XL Humar - Humarsupa prinsins
Tigris rækjur - Risa hörpudiskur

TILBOÐ DAGSINS ALLA ÞRIÐJUDAGA

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Þú getur alltaf treyst á prinsinn

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is


Rektor HÍ telur 130 milljónir duga háskólanum til að taka á móti 1.600 nemum:

# Greiðsluseðlar HÍ birtast brátt

**MENNTUN** Greiðsluseðlar til nýrra nemenda við Háskóla Íslands eru á leiðinni í heimabanka þeirra, eftir að í ljós kom að skólinn fær úthlutað 130 milljónum meira frá ríkinu en talið var.

Skólinn hafði látið eyða greiðsluseðlunum úr heimabönkunum, eftir að tilkynnt var um að framlög ríkisins lækkuðu um 960 milljónir frá því sem áður var áætlað. Rektor skólans sagði þá að ekki væri hægt að taka á móti 1.630 nýjum nemendum án aukafjárveitingar.

Milli annarrar og þriðju umræðu frumvarpsins á Alþingi bættust svo við þessar 130 milljónir í verðlagsuppfærslur. Kristín segir að þessi viðbót hafi verið óvænt en mjög ánægjuleg. „Okkur hafði verið sagt að fjárveitingin yrði minni og því teljum við komið til móts við okkur. Við bjóðum því þá nemendur velkomna sem uppfylla inntökuskilyrði,“ segir Kristín Ingólfsdóttir rektor. Góður hugur sé í starfsfólinu og það tilbúið til að leggja á sig þetta aukaálag.

Heildarniðurskurður Alþingis hljóði nú upp á 830 milljónir í stað 960. „Og það breytir talsverðu,“ segir rektor. Aukinn fjöldi nema og minna fé bitni alls ekki á námsgæðum. Menntamálaráðherra sagði á sunnudag að jafnvel þyrfti að skera enn meira niður á næsta ári. - kóþ



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Rektor HÍ er óðum að jafna sig á 830 milljóna króna minnkun á framlagi ríkisins í ár. Þorgerður Katrín hefur gefið til kynna að rektor geti átt von á enn meiri samdrætti á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

N1

# Eigum gleðileg jól um land allt

Meira í leiðinni!

N1 óskar viðskiptavinum sínum um land allt gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða og hlökkum til að standa vaktina fyrir ykkur á nýju ári.

**Opið til klukkan 15 á aðfangadag.**
**Opnum aftur á annan í jólum.**



## GENGIÐ 22.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,19 | 121,77 |
| Sterlingspund | 179,01 | 179,89 |
| Evra | 169,95 | 170,91 |
| Dönsk króna | 22,801 | 22,935 |
| Norsk króna | 17,291 | 17,393 |
| Sænsk króna | 15,602 | 15,694 |
| Japanskt jen | 1,3464 | 1,3542 |
| SDR | 187,14 | 188,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,5214

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samkeppniseftirlitið gerir athugasemdir við samruna 365 miðla og Árvakurs:

# Unnið að svari til eftirlitsins

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið gerir athugasemdir við fyrirhugaðan samruna Árvakurs og 365 miðla. Verið er að skoða athugasemdir og vinna að svari, segir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.

Samkomulag um að 365 miðlar renni inn í Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitsins, staðfestir að málið sé enn til meðferðar. Beðið sé upplýsinga frá Árvakri og 365 miðlum, sem gefa meðal annars út Fréttablaðið.

Ari segir að alltaf hafi legið fyrir að Samkeppniseftirlitið myndi setja skilyrði fyrir slíkum samruna. Þá þurfi að meta skilyrðin út frá því hvað vinnist við samrunann. Svör 365 miðla og Árvakurs verði líklega ekki send fyrr en eftir áramót. „Því fyrr sem við getum unnið úr þeim hugmyndum sem Samkeppniseftirlitið hefur í sambandi við þetta mál og svarað, því fyrr fáum við niðurstöðu í þetta mál,“ segir Ari.



**PRENTUN** Fréttablaðið hefur verið prentað í prentsmiðju Árvakurs undanfarna daga sökum slæmrar stöðu á pappírsbirgðum Ísafoldarprentsmiðju, segir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.

Fréttablaðið hefur verið prentað í Landsprenti, prentsmiðju Árvakurs, frá því á föstudag. Ari segir það ekki tengjast fyrirhuguðu samstarfi. Staðan á pappírsbirgðum Ísafoldarprentsmiðju sé með þeim hætti að rétt hafi þótt að semja um tímabundna prentun hjá Landsprenti. Fréttablaðið hafi nokkrum sinnum áður verið prentað þar þegar það hafi hentað. **- bj**

Handtekinn í Taílandi:

## Gleypti eiturlyf í leigubílnum

**LÖGREGLUMÁL Tæplega fertugur Íslendingur situr nú í gæsluvarðhaldi í Pattaya í Taílandi eftir að lögreglan handtók hann með amfetamín í fórum sínum.**

**Maðurinn var í leigubíl þegar lögreglunni barst til eyrna að hann væri með fíkniefni á sér. Þegar maðurinn sá lögregluna tók hann töflurnar og tróð þeim upp í munninn. Lögreglan reyndi að ná þeim út úr honum, en honum tókst að gleypa þær. Þegar á lögreglustöðina var komið sat maðurinn og steinþagði hvernig sem á hann var yrt. Þvagsýni sem þá var tekið úr honum sýndi að hann hafði neytt amfetamíns. - jss**

Mótmælt við Bessastaði:

## Forsetinn bauð upp á kaffi

**EFNAHAGSMÁL** Hópur manna mætti á Bessastaði í gær og hvatti Ólaf Ragnar Grímsson forseta til að skrifa ekki undir fjárlög frá Alþingi.

Forsetinn bauð fólkinu upp á heitt súkkulaði og ræddi við það drykklanga stund, hátt í 40 mínútur. Fyrir utan fjárlögin bar á góma þátt forsetans í útrásinni síðustu ár. Að því loknu kvöddu gestirnir en sögðu svör forsetans hafa verið fremur fátækleg.

Ekki fæst uppgefið hvort Ólafur Ragnar ætlar að verða við beiðni fólksins, því hann hefur þá starfsreglu að tjá sig ekki um frumvörp sem eru til umræðu á Alþingi. **- kóp**


**BRUGÐIÐ Á LEIK** Algengt er að fólk slái saman í skötuveisluna þetta árið.

Slegið saman í skötuveislur:

## Svipuð skötusala og í fyrra

**VERSLUN „Það er ákveðinn hópur fólks sem borðar alltaf skötu á Þorláksmessu. Skötusalan er því svipuð og síðustu ár en humar og rækjur seljast ekki neitt,“ segir Geir Vilhjálmsson, ein eigenda fiskbúðarinnar Hafbergs við Gnoðarvog í Reykjavík.**

**Geir segir greinilegt að viðskiptavinir horfi meira í aurinn en áður. „Mér sýnist vera mikið um það að fólk slái saman fyrir matnum í skötuveislunum í ár,“ segir Geir. - kg**


**LESIÐ, HLUSTAÐ, HUGSAÐ** Óvenju margir voru í þingsalnum í gær. Þar eru stundum bara fjórir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjárlagahalli upp á 154 milljarða króna

**Fjárlög voru samþykkt í gær þó mikil óvissa ríki um forsendur. Fjáraukalög skekkja fjárlög þessa árs um 45 milljarða. Þingforseti vill fækka fastanefndum.**

**ALÞINGI** Ríkissjóður verður rekinn með meiri halla á næsta ári en dæmi eru um í seinni tíð. Gjöld ríkisins verða 154 milljörðum króna hærri en tekjurnar. Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram 1. október var gert ráð fyrir rúmlega 60 milljarða króna halla. Við hrun bankanna og efnahagsþrengingarnar hefur gatið stækkað um næstum 100 milljarða króna.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði við atkvæðagreiðslu fjárlaganna í gærkvöldi að líklega væri afstaðin fjárlagavinna sú erfiðasta í sögunni.

Þegar frumvarpið var lagt fram í október lýstu stjórnarandstæðingar því strax yfir að forsendur þess hefðu brostið um leið og það kom úr prentun. Þó ekki hafi þeir séð fyrir hrun bankanna og aðra óáran höfðu þeir rétt fyrir sér. Frumvarpið þurfti því svo gott sem að vinna upp á nýtt. Raunverulegar forsendur breyttust sem og nauðsynlegar þjóðhagsspár.

Stjórnarandstaðan mótmælti allar götur síðan vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar sem stýrði fjárlagavinnunni þar til alveg undir það síðasta. Var þess krafist allt til síðustu stundar að afgreiðslu fjárlaga yrði frestað, gerðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir til að halda ríkisrekstrinum áfram og nýtt frumvarp yrði unnið fyrir miðjan febrúar.

Stjórnarflokkarnir fóru aðra leið, þeir samþykktu fjárlögin. Engu að síður er þeim ljóst sú mikla óvissa sem einkenna mun efnahagslíf næsta árs.

Fjáraukalög ársins 2008 voru einnig samþykkt í gær. Breyta þau áður samþykktum fjárlögum um 45 milljarða króna.

Við frestun þingfunda í gærkvöldi upplýsti Sturla Böðvarsson þingforseti að til athugunar væri á hans á vegum að fækka fastanefndum Alþingis úr tólf í sjö.

**bjorn@frettabladid.is**

Heiðurslaun listamanna:

## Edda Heiðrún fær heiðurslaun

**ALÞINGI** Edda Heiðrún Backman, leikkona og leikstjóri, er ný í hópi listamanna sem njóta heiðurslauna Alþingis.

29 listamenn fá slík heiðurslaun sem nema 150 þúsund krónum á mánuði. **- bþs**

### ÞAU FÁ HEIÐURSLAUN

**Auk Eddu Heiðrúnar**

- Atli Heimir Sveinsson
- Ásgerður Búadóttir
- Erró
- Fríða Á. Sigurðardóttir
- Guðbergur Bergsson
- Guðmunda Elíasdóttir
- Gunnar Eyjólfsson
- Hannes Pétursson
- Herdís Þorvaldsdóttir
- Jóhann Hjálmarsson
- Jón Nordal
- Jón Sigurbjörnsson
- Jón Þórarinsson
- Jónas Ingimundarson
- Jórunn Viðar
- Kristbjörg Kjeld
- Kristján Davíðsson
- Magnús Pálsson
- Matthías Johannessen
- Megas
- Róbert Arnfinnsson
- Thor Vilhjálmsson
- Vigdís Grímsdóttir
- Vilborg Dagbjartsdóttir
- Þorbjörg Höskuldsdóttir
- Þorsteinn frá Hamri
- Þráinn Bertelsson
- Þuríður Pálsdóttir

### REYKJAVÍKURBORG

**Fjárhagsáætlun frestað**

Borgarráð hefur samþykkt að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar. Síðari umræða og afgreiðsla mun fara fram á fundi borgarstjórnar 6. janúar á næsta ári.

### NOREGUR

**Tjaldsjúkrahús til Tsjad**

Norðmenn hafa ákveðið að senda tjaldsjúkrahús til Tsjad ásamt 150 starfsmönnum. Um 1,2 milljónir flóttamanna eru í Tsjad.






## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VÆTUSÖM JÓL SUNNAN OG VESTAN TIL**

Það er runnin upp Þorláksmessa. Hún verður hvöss norðvestan til í dag en í kvöld verður víða sunnanstormur á vestanverðu landinu og á miðhálendinu. Það er aðfangadagslægðin sem þá verður að störfum. Í fyrramálið verður allhvöss suðvestanátt með talsverðri rigningu sunnan og vestan til. Verulega dregur úr úrkomu eftir hádegi á morgun og lægir heldur þótt víða verði strekkingur.




**AÐFANGADAGUR JÓLA** 10-15 m/s

**JÓLADAGUR** 13-20 m/s vestan til annars 8-13 m/s

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 7° |
| Eindhoven | 9° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| New York | 0° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -2° |
| París | 9° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Öll lifandi jólatré

# 2.990

aðeins eitt verð

**Gildir í dag**
Þorláksmessu



# JÓLATRÉ - eitt verð

blómaval

**50%**
**afsláttur**
af öllu
jólaskrauti
(gildir ekki af ljósaseríum)

HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Ertu sammála launalækkun forseta Íslands?*

| | |
|---|---|
| Já | 91,7% |
| Nei | 8,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur afstaða flokka til eftirlaunafrumvarps áhrif á hvernig þú kýst í næstu kosningum?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

### Borgarráð hefur ekki afgreitt ósk Brimborgar um að skila 113 milljóna króna lóð:

# Frestun en ekki synjun á lóðaskilum

**STJÓRNSÝSLA** Borgarráð hefur ekki synjað ósk bílafyrirtækisins Brimborgar um að fá að skila atvinnulóð á Esjumelum eins og sagði í Fréttablaðinu í gær heldur var afgreiðslu erindis fyrirtækisins frestað.

„Brimborg býst fastlega við að borgarráð fari að lögum á endanum og greiði fyrirtækinu útlögð gatnagerðargjöld í kjölfar skila á lóðinni í samræmi við lög um gatnagerðargjöld,“ segir Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar.

Brimborg var úthlutað lóðinni á Esjumelum árið 2006. Ætlunin var að byggja þar framtíðaraðstöðu fyrir atvinnutækjasölu fyrirtækisins og sölu notaðra bíla ásamt öðru. Nú hefur Brimborg hætt við þessi áform og vill fá að skila lóðinni og fá 113 milljóna króna gatnagerðargjöld endurgreidd. Peningana vill Brimborg frekar nýta til að styrkja fjárhag fyrirtækisins.



**FRÉTT BLAÐSINS Í GÆR**

Að sögn Óskars Bergssonar, formanns borgarráðs, er Brimborg með frestun afgreiðslu erindisins gefinn kostur á að koma fram andmælum við umsögn skrifstofustjóra framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær segir skrifstofustjórinn í umsögn til borgarráðs að borgin sé ekki skylt að taka aftur við lóð Brimborgar. Aðstæður fyrirtækisins séu ekki sérstakari en annarra sem glíma við núverandi efnahagsástand. Í bréfi lögmanns Brimborgar kemur hins vegar fram það sjónarmið að fyrirtækið eigi rétt á að skila lóðinni. **- gar**

### Félag kráareigenda:

# Mótmæla aðför stjórnvalda

**VIÐSKIPTI Félag kráareigenda hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem mótmælt er harðlega aðför stjórnvalda að veitingastöðum með hækkun áfengisgjalda.**

**Í tilkynningunni kemur fram það álit félagsins að með hækkuninni séu stjórnvöld að beina viðskiptum frá veitingahúsum, sem séu einkarekin fyrirtæki, til vínbúða sem séu í eigu ríkisins. Þannig sé verið að stuðla að miklum erfiðleikum í rekstri veitingahúsa, enda neyðist veitingamenn til að mæta hækkuninni með frekari verðhækkunum en hafi nú þegar átt sér stað. - kg**

### Eden í Hveragerði:

# Fór í þrot og var lokað

**HVERAGERÐI** Ferðamannastaðnum Eden hefur verið lokað þar sem reksturinn í húsinu er farinn í þrot. Sparisjóður Suðurlands hefur auglýst fasteignirnar og reksturinn til sölu eða leigu og eru nokkrir aðilar að velta fyrir sér að gera tilboð, að sögn Ólafs Elíssonar sparisjóðsstjóra.

Hann býst við að reynt verði að ná samkomulagi á næstu dögum, helst fyrir áramót. Ólafur segir að leigan nemi nærri 20 milljónum króna á ári en vill ekki segja hverju ársveltan gæti numið.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði,hefur fullan trú á að rekstur verði hafinn í Eden innan tíðar. **- ghs**

## ALÞINGI

### Útvarpshúsið keypt

Ríkissjóði er heimilt að kaupa hús Ríkisútvarpsins við Efstaleiti 1. Heimild þess efnis er í fjárlögum næsta árs. Til skoðunar er að ríkið yfirtaki lífeyrisskuldbindingar RÚV og eignist húsið í staðinn.

## VINNUMARKAÐUR

### Hlýtur nafnið Fagfélagið

Sameinað félag Trésmiðafélags Reykjavíkur og Félags byggingamanna Eyjafirði hefur hlotið nafnið Fagfélagið. Félagið vinnur á Stór-Reykjavíkursvæðinu utan Hafnarfjarðar og á Eyjafjarðarsvæðinu til Siglufjarðar en þjónustar félagsmenn hvar sem þeir vinna á landinu.

# Hækkun verðbólgu ekki meiri í átján ár

**Verðbólga síðastliðna 12 mánuði hefur ekki verið meiri síðan í maí 1990. Með tilkomu greiðslujöfnunarlána lækkar afborgun í febrúar um 12 þúsund krónur á láni sem var með 100 þúsund króna afborgun í desember.**

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 18,1 prósent síðastliðna tólf mánuði, samkvæmt nýjum útreikningum Hagstofunnar og hefur ekki hækkað jafn mikið síðan í maí 1990. Verðbólgan nú hækkaði um 1,52 prósent frá því í nóvembermánuði.

Vísitölutryggðar skuldir Íslendinga eru, gróflega áætlaðar, um 1.100 milljarðar, samkvæmt Ólafi Darra Andrasyni, deildarstjóra hagdeildar ASÍ. Samkvæmt því hækkuðu vísitöluskuldir um 16,7 milljarða við þessa hækkun verðbólgu.

Frá og með 1. desember gátu lántakendur, með innlend verðtryggð veðlán, fengið greiðslujöfnun. Fylgja afborganir þá greiðslujöfnunarvísitölu í stað vísitölu neysluverðs. Í greiðslujöfnunarvísitölu er vegin launaþróun og þróun atvinnustigs. Í niðursveiflunni fylgja því greiðslujöfnuð lán mun lægri vísitölu en lán sem fylgja vísitölu neysluverðs. Mismuninum á greiðslum er frestað, þar til kaupmáttur atvinnutekna hefur aftur náð sama stigi og um síðustu áramót.

Tímabundið verður greiðslubyrðin af greiðslujöfnunarlánum því léttari, en þegar upp er staðið munu slík lán verða dýrari þegar tekið er tillit til vaxta og verðbóta.

Hægt er að taka dæmi af láni, sem fylgir neysluverðsvísitölu, þar sem afborgun í desember var 100 þúsund krónur. Í janúar mun afborgunin hækka í 102 þúsund og um þúsund krónur að auki í febrúar, miðað við verðbólgu og útreikninga sérfræðinga félagsmálaráðuneytisins.

Afborgun sama láns, sem breytt var í greiðslujöfnunarlán, var 1. desember verður 94 þúsund og 91 þúsund í febrúarmánuði, miðað við spár um launaþróun og atvinnuleysi.

Munurinn á afborguninni eftir því hvor leiðin er farin verður því um tólf þúsund krónur í febrúar og líkur eru á að hann muni aukast fram undir mitt ár 2009.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum hafa tæplega tvö hundruð manns óskað eftir greiðslujöfnun og upplýsingafulltrúi Kaupþings segir að á annað hundrað lánum hafi verið umbreytt í greiðslujöfnunarlán hjá þeim. Ekki fengust upplýsingar hjá Glitni og Íbúðalánasjóði, en hægt er að sækja um breytingu fyrir 20. hvers mánaðar.

svanborg@frettabladid.is

**BREYTINGAR Á VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS FRÁ 1989**

**Ársbreyting síðustu 12 mánuði í %**




**BREYTINGAR Á MÁNAÐARLEGUM AFBORGUNUM LÁNA**

Í þúsundum króna

| Mánuður | M.v. vísitölu neysluverðs | M.v vísitölu greiðslujöfnunar |
|---|---|---|
| des 2008 | 100 | 94 |
| jan 2009 | 102 | 93 |
| feb 2009 | 103 | 91 |

**Miðað við lán þar sem afborgun var 100 þúsund nú í desember.**

## Neytendur: Um gjafakort Kaupþings

# *Bara frítt fyrir viðskiptavini bankans*



**DR. GUNNI**
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@ frettabladid.is



Reiðufé er vinsælasta jólagjöfin í ár því allir halda að sér höndum og bíða eftir útsölunum sem byrja eftir áramót. Mörgum finnst hálf ópersónulegt og glatað að gefa peningaseðla og Valgerður Vigdís Þráinsdóttir vildi nýta sér þjónustu Kaupþings sem býður svokölluð gjafakort. *„Ég ætlaði að kaupa gjafakort handa þremur börnum fyrir tvö þúsund krónur á hvert kort. Þegar upp komst að ég er ekki viðskiptavinur bankans þurfti ég að gjöra svo vel að borga aukalega 450 krónur fyrir hvert kort, sem sagt 1.350 krónur. Það sem hefði átt að kosta mig 6.000 krónur hefði þá orðið 7.350 krónur. Ég hætti snarlega við allt saman.“*

Það er auðvitað ekkert nýtt að bankar geri betur við viðskiptavini sína umfram aðra. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir nokkrar fýluferðir ef skýrt hefði verið tekið fram í kynningu á þjónustunni að hún sé aðeins ókeypis fyrir viðskiptavini í Vexti Kaupþings. Að öðru leyti er þetta ágætlega sniðug þjónusta því kortið kemur í gjafaumbúðum sem hægt er að pakka inn í stærri pakka en sem nemur einu plastkorti.



nettó




**ÞÚ SPARAR 1.000 kr**

HUMAR Í ÖSKJU 2 kg

**2.990 kr/pk.**

~~3.990~~ kr/pk.

# Gleðileg jól!

## Þorláksmessa
## Opið: 10 - 22
(10 - 23 á Glerártorgi)

## Aðfangadagur
## Opið: 10 - 12

www.markhonnun.is

TILBOÐIÐ GILDIR 23. - 24. DESEMBER

KEA

Klikkar ekki!

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.netto.is

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvaða leikhúsmaður ætlar að reka leikhús í Loftkastalanum?*

*2. Hvað er Fjarðarpósturinn gamall um þessar mundir?*

*3. Hvað heitir forstöðumaður Litla-Hrauns?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Semja þarf um lífeyrismál við flugumferðarstjóra fyrir áramót, segir formaður FÍF:

# Bjartsýnn á að takist að semja

**SAMGÖNGUR** „Ég er engu nær eftir þennan fund,“ segir Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra. Samgönguráðuneytið stóð í gær fyrir fundi með þeim starfsmönnum flugleiðsöguþjónustunnar sem flytjast áttu til Flugstoða um áramót. Þar var þeim tilkynnt að til stæði að þeir flyttust til Keflavíkurflugvallar ohf.

Félag flugumferðarstjóra hefur gert alvarlegar athugasemdir við að félagsmenn verði fluttir til hins nýja félags án samráðs.

Loftur segir að fyrir liggi samningur frá janúar 2007 milli flugumferðarstjóra og Flugstoða og



**LÍFEYRISMÁL** Félag flugumferðarstjóra gerir alvarlegar athugasemdir við að flytja eigi starfsmenn til Keflavíkurflugvallar ohf. án þess að samið sé um lífeyrismál. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

með honum séu lífeyrisréttindi þeirra tryggð.

Gera þarf sams konar samning við Keflavíkurflugvöll ohf. ef þeir flugumferðarstjórar sem starfa við flugleiðsöguþjónustu eiga að taka til starfa hjá nýju félagi eftir áramót eins og samgönguráðuneytið boðar, segir Loftur.

„Eins og staðan er í dag er ég bjartsýnn á að það takist,“ segir Loftur. Engin ástæða sé til að ætla að Keflavíkurflugvöllur ohf. vilji ekki semja á sömu nótum og Flugstoðir. Þar sem samningurinn við Flugstoðir sé til staðar sé fyrirmyndin tilbúin, aðeins þurfi að skipta um nafn á fyrirtækinu og skrifa undir nýjan samning.

Ekki náðist í Kristján L. Möller samgönguráðherra við vinnslu fréttarinnar í gær. - bj

Gísli Marteinn Baldursson:

# Tekur sér launalaust leyfi

**STJÓRNMÁL** Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, mun fara í launalaust leyfi frá störfum borgarstjórnar eftir áramót. Hann greindi frá þessu á bloggsíðu sinni í fyrrakvöld. Gísli hefur stundað nám í borgarfræðum við Edinborgarháskóla síðan í haust og mætt á rúmlega helming borgarstjórnarfunda á þeim tíma.

Gísli segir að næsta önn verði snúnari í skólanum og meira verði um álag. Auk þess vilji hann sleppa við tíð ferðalög milli landa.

Sif Sigfúsdóttir mun taka sæti Gísla í borgarstjórn fram á sumar. - kg

Höfuðborgarsvæðið:

# Fíkniefnasali handtekinn

**LÖGREGLUMENN Tveir piltar voru handteknir í Hlíðunum í gær en í bíl þeirra fundust fíkniefni. Um var að ræða rúmlega 100 grömm af marijúana og viðurkenndi annar piltanna að það væri ætlað til sölu. Sá hinn sami hefur áður komið við sögu hjá lögreglu.**

**Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.** - jss

Smyglaði amfetamíni til að borga fíkniefnaskuld:

# Burðardýr inni í tvö ár

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður, Andri Þór Eyjólfsson, hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að reyna að smygla tæpum þremur kílóum af amfetamíni til landsins.

Maðurinn tók á móti fíkniefnunum í Amsterdam. Síðan fór hann með flugi til Parísar. Tollverðir fundu svo efnin falin undir botni í ferðatösku mannsins við komu hans á Keflavíkurflugvelli. Fíkniefnaleitarhundur hafði þá gert viðvart um að hann hefði fíkniefni meðferðis eða hefði komist í tæri við þau.

Maðurinn bar fyrir dómi að hann hefði skuldað um 800 þúsund krónur vegna fíkniefnakaupa. Hann hefði ekki átt peninga til að borga hana. Hefðu hann og fjölskylda hans sætt hótunum af þessum sökum. Sá hem hann skuldaði hefði boðið honum upp á þann kost að skuldin yrði felld niður tæki hann að sér að flytja fíkniefni til landsins.

Fíkniefnin voru vandlega falin í töskunni. Í botninum hafði verið komið fyrir hörðu spjaldi úr plasti. Undir því voru tvær fíkniefnapakkningar vandlega límdar við botn töskunnar.

Maðurinn á langan sakaferil að baki. - jss






**Á ALÞINGI** Þingmenn breyttu lögum um eigin eftirlaun í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dregið úr forréttindum

**Eftirlaunakjör þingmanna hafa verið færð nær þeim sem almenningur nýtur. Hugsanlegt er að laun þingmanna hækki við rýrari eftirlaunaréttindi.**

**ALÞINGI** Lögum um eftirlaun þingmanna, ráðherra og hæstaréttardómara var breytt í gær.

Helstu breytingar eru þær að aldurslágmark til töku eftirlauna hækkar úr 55 árum í 60, réttindaávinnsla lækkar í 2,375 prósent úr þremur prósentum hjá þingmönnum og sex prósentum hjá ráðherrum og hæstaréttardómurum, ekki má taka eftirlaun og njóta samtímis launa frá ríkinu og sérákvæði um forsætisráðherra hafa verið felld brott.

Lögum um eftirlaun þessara hópa var síðast breytt 2003 við hávær mótmæli þá og allar götur síðan.

Í athugasemdum frumvarpsins, sem kom fyrir þingið fyrir átta dögum, segir að þó of snemmt sé að segja til um hvort markmið þau sem stefnt var að með lögunum 2003 hafi náðst að fullu sé ljóst að tilteknar hliðar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar mæti ekki almennum skilningi í þjóðfélaginu. Við því þurfi að bregðast, meðal annars til að varðveita nauðsynlegt traust milli almennings og ráðamanna.

Nýju lögin, sem samþykkt voru síðdegis í gær, taka gildi 1. júlí á næsta ári. Er það gert til að veita þeim hópum sem í hlut eiga „ákveðinn aðlögunartíma“ eins og það er orðað.

Þrjátíu og sjö stjórnarþingmenn, auk Sivjar Friðleifsdóttur Framsóknarflokki, greiddu frumvarpinu jákvæði. Aðrir stjórnarandstæðingar sátu hjá nema Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda flokknum, sem var á móti. Stjórnarandstöðuflokkarnir sameinuðust um breytingartillögu í þá átt að fella þingmenn, ráðherra og hæstaréttardómara undir A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Enn njóti þessir hópar forréttinda, einkum þeirra að réttindaávinnsla þeirra er meiri en almennt gerist.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sem hafði á stefnuskrá sinni fyrir síðustu kosningar að fá lögunum breytt sagði mikil tímamót felast í samþykkt málsins, enda væru réttindi ráðherra og þingmanna til eftirlauna takmörkuð verulega. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður flokksins, sagði vel koma til greina að fara að vilja stjórnarandstöðuflokkanna síðar. Það þurfi að skoða vel.

Hugsanlegt er að laun þingmanna, ráðherra og hæstaréttardómara hækki í kjölfar gildistöku nýrra eftirlaunalaga. Í lögum um kjararáð er kveðið á um að við ákvörðun launa þeirra hópa sem það fjallar um skuli taka tillit til lífeyrisréttinda. Guðrún Zoëga, formaður kjararáðs, kvaðst ekki vilja tjá sig um hvort hækka þyrfti launin en ljóst væri hvað stæði í lögunum. Málið yrði ekki tekið til skoðunar strax þar sem eftirlaunalögin tækju ekki gildi fyrr en um mitt næsta ár. bjorn@frettabladid.is




# Hátíð í hverjum bæ

Íbúðalánasjóður óskar landsmönnum öllum gleði
og friðar á jólum og gæfuríks komandi árs.

Þökkum góð samskipti á þessu ári.





**www.ils.is**
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður



**LÍKAMSMÁLUNARLIST** Módel sýna líkamsmálunarlist ekvadorska listamannsins Johns Vargas á sýningu í Cali í Kólumbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meirihluta brigslað um ósanngirni, ójafnræði og ístöðuleysi í borgarráði í gær:

# Verðtryggja verktakagreiðslur

**REYKJAVÍK** Borgarráð samþykkti á laugardag drög að samkomulagi við Samtök iðnaðarins um að verðtryggja samninga við verktaka, og kostar þetta borgina um 250 milljónir.

Meirihlutinn gerist með þessu sekur um ósanngirni, með því að semja um „verðbætur aftur í tímann við einn aðila umfram aðra“, segir í bókun VG.

Jafnframt var bent á að í ágúst hefði borgarráð fengið bréf frá fjármálaskrifstofu borgarinnar, þar sem „ekki var talið heimilt að endurskoða og taka upp verðbótaákvæði í stuttum samningum, með tilvísun til útboðsreglna og jafnræðisreglu“. Einnig hafi skrifstofan ekki talið slíkt fyrirkomulag æskilegt út frá samkeppnissjónarmiðum.



**BORGARSTJÓRN Á FUNDI** Borgarráð er harðlega gagnrýnt fyrir að ætla að verðtryggja samninga við verktaka fyrir 250 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sagði fulltrúi VG, Svandís Svavarsdótttir, ljóst að Samtök iðnaðarins ættu „fleiri, sterkari og háværari talsmenn“ en til dæmis Stígamót og sjúklingasamtök sem ekki fá verðbætur.

Fulltrúi Samfylkingar tók undir margt í málflutningi VG og Ólafur F. Magnússon lét bóka andstöðu sína.

Borgarráðsfulltrúar Framsóknar og Sjálfstæðisflokks létu þá bóka að samningurinn væri gerður með það að markmiði að „draga úr hættu á að verktakar segi sig frá verkum“. Engu var svarað um brot á jafnræðisreglu, né álit fjármálaskrifstofu. - kóþ

Selt fyrir 350 milljónir króna:

# Íslensk forrit í Ameríku

**VIÐSKIPTI Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Crossroads Partner og ráðgjafarfyrirtækið Annata hafa gengið frá sölu á viðskiptakerfinu Microsoft Dynamics AX til Ameríku.**

**Um tvo samninga er að ræða. Annar er við Rodman, eitt stærsta verktakafyrirtæki í Texas í Bandaríkjunum og hljóðar upp á 200 milljónir króna. Hinn er við umboðsfyrirtækið Navitrans og hljóðar upp á 150 milljónir króna.**

**Hugbúnaðurinn vinnur með forritum frá Microsoft og er sérsniðið að fyrirtækjum í bílaiðnaði, að því er fram kemur í tilkynningu. - jab**








**BEÐIÐ EFTIR BRAUÐI** Langar biðraðir mynduðust við bakarí á Gazaströnd í gær af ótta við að hveitibirgðir væru á þrotum. Nánast algjör einangrun svæðisins veldur því að brýnustu nauðsynjar berast ekki þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ísraelar boða átök á Gaza

**Ísraelskir ráðamenn reyna nú að beina athygli umheimsins að hlutskipti íbúa við landamæri Gazasvæðisins, í návígi við sprengiflaugaregn frá Hamasliðum. Engar líkur virðast á friðarsamkomulagi.**

**ÍSRAEL, AP** Erindrekar Ísraelsstjórnar erlendis hafa fengið fyrirmæli um að draga athygli umheimsins að erfiðu hlutskipti þeirra Ísraela sem búa næst landamærum Gazastrandar. Tilgangurinn er sá að búa umheiminn undir væntanlegar hernaðaraðgerðir á Gazaströnd.

„Fólk erlendis áttar sig kannski ekki á því raunverulega álagi sem hvílir á Ísraelum í sunnanverðu landinu sem búa við hættuna af flugskeytaárásum,“ segir Yigal Palmor, talsmaður ísraelska utanríkisráðuneytisins.

Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, tók af allan vafa um að Ísraelar myndu senda herinn á vettvang, þegar hún sagði við Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að Ísraelar „geti ekki sætt sig við það ástand að Hamas haldi áfram að ráðast á ísraelska borgara“.

Síðan hálfs árs vopnahléi Hamas-samtakanna og Ísraels lauk í síðustu viku hafa íbúar í næsta nágrenni landamæranna mátt búa við flugskeytaregn nánast daglega, þótt hrein heppni sé hvort tjón hlýst af vegna þess að flugskeytin eru heimasmíðuð og án miðunarbúnaðar.

Hamas-liðar á Gazaströnd segjast ekki geta framlengt vopnahléið nema Ísraelar opni landamærin og aflétti þar með þeirri nánast algjöru einangrun sem íbúar þar hafa mátt búa við.

> Fólk erlendis áttar sig kannski ekki á því raunverulega álagi sem hvílir á Ísraelum í sunnanverðu landinu sem búa við hættuna af flugskeytaárásum.“
>
> YIGAL PALMOR
> TALSMAÐUR UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS

Flugskeytaárásirnar frá Gaza efla andstöðu margra Ísraela við friðarsamninga, sem hvort eð er virðast engar líkur á nú þegar stutt er í þingkosningar í Ísrael.

Á Vesturbakkanum gætu einnig brotist út átök hvenær sem er, eins og sjá mátti af viðbrögðum harðsnúinna landtökumanna nýlega þegar ísraelski herinn rýmdi hús í borginni Hebron, sem landtökumenn höfðu eignað sér.

Herinn mætti að vísu lítilli mótspyrnu, sem vakti vonir um að framhald yrði á slíkum aðgerðum, en í framhaldinu tóku landtökumenn til við skotárásir og íkveikjuárásir á Palestínumenn.

Landtökumennirnir ætla greinilega að koma í veg fyrir að Ísraelsstjórn rými fleiri landtökubyggðir, sem eru ein helsta hindrunin í vegi fyrir friðarsamningum. gudsteinn@frettabladid.is

Stýrivextir í Noregi:

# Hafa lækkað í 3,0 prósent

**NOREGUR** Bankastjórn Noregsbanka hefur ákveðið að lækka stýrivexti um 1,75 prósentustig eða niður í 3,0 prósent. Stjórnmálamenn lýstu yfir ánægju sinni með vaxtalækkunina og kröfðust þess að bankarnir fylgdu þétt í fótspor Noregsbanka og lækkuðu vexti.

Forsvarsmenn í atvinnulífinu óskuðu þess að stýrivextir myndu lækka niður í 2,0 prósent, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK.

Stýrivextir hafa lækkað hratt í Noregi að undanförnu, en með því er verið að bregðast við hættunni á efnahagssamdrætti. Þeir voru tæp 6 prósent í september. - ghs

Kannað hvort birting upplýsinga úr bókhaldi forsetaembættisins sé trúnaðarbrot, segir ríkislögreglustjóri:

# Forsetaritari kannast ekki við rannsókn

**STJÓRNSÝSLA** Verið er að kanna hvort starfsmaður hafi framið trúnaðarbrot í opinberu starfi með þeim afleiðingum að upplýsingar úr bókhaldi embættis forseta Íslands komust til fjölmiðla. Þetta kemur fram í bréfi ríkislögreglustjóra til dómsmálaráðherra.

„Ég hef ekki farið fram á neina opinbera rannsókn í þessu máli,“ segir Örnólfur Thorsson forsetaritari. Hann vildi ekki tjá sig um hvort einhvers konar athugun eða könnun á málinu væri í gangi, eins og ríkislögreglustjóri fullyrðir.

Ríkislögreglustjóri sendi dómsmálaráðherra bréf 17. desember síðastliðinn, í kjölfar færslu á vef Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra. Þar sagði Össur forsetann glíma við áhlaup óvildarmanna, sem hafi komist yfir stolin gögn úr stjórnsýslunni, og spyr hvers vegna ríkislögreglustjóri rannsaki ekki málið.

Fréttastofa Stöðvar 2 flutti í byrjun desember fréttir af ýmsum útgjöldum forsetaembættisins.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir aðstoðarríkislögreglustjóri hafði samband við forsetaritara vegna málsins, segir í bréfi ríkislögreglustjóra. Þar er haft eftir forsetaritara að ekki standi til að leita til lögreglu vegna meints upplýsingaleka úr bókhaldi embættisins.



**SÍMREIKNINGAR** Í fréttum Stöðvar 2 kom meðal annars fram að símreikningur forsetaembættisins væri 5,7 milljónir fyrir fyrstu tíu mánuði ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þar segir enn fremur að verið sé að kanna hvort trúnaðarbrot í opinberu starfi hafi átt sér stað um meðferð upplýsinga í bókhaldi. Hafi forsetaritari verið í sambandi við fjársýslustjóra vegna málsins.

Þetta vildi Örnólfur forsetaritari ekki staðfesta í samtali við Fréttablaðið í gær, og sagði aðeins að hann væri í reglulegu sambandi við Fjársýslu ríkisins.

„Það liggur fyrir að það voru birtar einhverjar upplýsingar, en hvaðan þær komu höfum við ekki hugmynd um,“ segir Gunnar H. Hall fjársýslustjóri. Hann segir enga rannsókn í gangi innan fjársýslunnar. Þar treysti menn á að þetta gerist ekki aftur. - bj



**ÆTLA FRAM Í JANÚAR** Lúðvík Lúðvíksson og Kristófer Jónsson, starfsmenn Mest, ætla að koma fram með heilan framboðslista í janúar.

Framboðsmál í VR:

# Koma með heilan lista í janúar

**VINNUMARKAÐUR** **Frestur til framboðs á uppstillingarlista kjörstjórnar VR rann út á hádegi í gær. Eitt framboð barst og var það frá Gunnari Páli Pálssyni, formanni VR. Hann er því sjálfkjörinn á lista uppstillingarnefndar. Í sjö sæti á lista til stjórnar bárust fimmtán framboð og verða greidd atkvæði um þau í janúar.**

**Athygli vekur að hvorki Lúðvík Lúðvíksson né Kristófer Jónsson, starfsmenn Mest, sem fóru fyrir mótmælum gagnvart VR í haust, buðu sig fram. Kristófer segir að stefnt sé að því að koma með heilan framboðslista í janúar, nægur sé áhuginn í félaginu. Hann segir ekki ákveðið hver bjóði sig fram til formanns.** - ghs

Forsætisráðherra um Icesave:

# Vissi ekki um tilboð Bretanna

**ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að sér hafi ekki verið kunnugt um að breska fjármálaeftirlitið hafi verið reiðubúið að heimila yfirfærslu Icesave-reikninga Landsbankans í breska lögsögu gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu.



**GEIR H. HAARDE**

Á þann veg svarar hann fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur Framsóknarflokki.

Siv spurði Geir líka hvort embættismenn eða ráðgjafar ráðherra hafi haft vitneskju um málið. „Ekki svo ráðherra hafi verið kunnugt,“ svarar hann. - bþs

## FINNLAND

### Vill banna lakkrípípur

Finnar vilja gera Finnland tóbakslaust árið 2040. Vinnuhópur leggur til að banna innflutning á munntóbaki og allt sælgæti sem lítur út eins og tóbak, til dæmis lakkrípípur.

## REYKJANESBÆR

### Mesta fjölgunin á árinu

Íbúum Reykjanesbæjar fjölgaði um 952 á árinu, eða 7,2 prósent, og eru þeir nú 14.208. Þetta er mesta fjölgun íbúa á landinu. Miðað er við íbúafjölda 1. desember hvert ár.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
350 **-1,48%**

**Fjöldi viðskipta:** 141
**Velta:** 362 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | +1,73% | **EXISTA** | -33,33% |
| **EIMSKIP** | +0,79% | **STRAUMUR** | -6,70% |
| | | **FØROYA BANKI** | -2,04% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 217,6 -0,27

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:ALFESCA** 4,00 +0,00% ... Bakkavör 2,64 -0,75% ... Eimskipafélagið 1,28 +0,79% ... Exista 0,04 -33,33% ... Icelandair Group 13,25 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 73,60 -1,87% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,95 -6,70% ... Össur 100,00 +1,73%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kauphöllin áminnir Existu

Kauphöllin hefur veitt Existu opinbera áminningu og fésektir upp á fjórar milljónir króna vegna brota á ákvæðum reglna um viðskipti í Kauphöllinni.

Í tilkynningu Kauphallarinnar segir að Existu hafi verið skylt að sækja um skráningu á nýju hlutafé í kjölfar þeirrar ákvörðunar félagsins að hækka hlutaféð um 50 milljarða króna við kaup á Kvakki, óskráðu eignarhaldsfélagi þeirra Ágústs og Lýðs Guðmundssona, stærstu hluthafa félagsins.

Þá átelur Kauphöllin Lýð Guðmundsson stjórnarformann fyrir að hafa gefið upplýsingar um stöðu félagsins og kröfur þess á hendur íslensku bönkunum í viðtali við Björn Inga Hrafnsson í Markaðnum á Stöð 2 í október.

Í tilkynningu sem Exista sendi frá sér vegna málsins segir að ákvörðunin sæti undrun enda þar algerlega litið fram hjá sjónarmiðum félagsins auk þess sem Exista hafi leitast við að upplýsa fjárfesta um óvissa stöðu sína eins og kostur er. Með þeim hætti telji félagið að fylgt hafi verið ábyrgri upplýsingagjöf til fjárfesta og er því ósammála ákvörðun Kauphallar. **- jab**



**STJÓRNENDUR EXISTU** Kauphöllin hefur áminnt Existu vegna tveggja atriða. Stjórnarformaðurinn stendur á milli forstjóranna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjóðir í skoðun

Fjármálaeftirlitið (FME) rannsakar ýmis atriði sem varða peningamarkaðssjóði allra viðskiptabankanna, samkvæmt tilkynningu sem viðskiptaráðuneytið sendi frá sér síðdegis í gær. Þar á meðal eru til skoðunar fjárfestingar þeirra og markaðssetning, en NBI og Landsvaki hafa þegar beðist afsökunar á mistökum við kynningu á sjóðunum.

„Rannsókn er ekki lokið en FME leggur mikið kapp á að ljúka henni sem allra fyrst á nýju ári," segir í tilkynningunni og er áréttað að málum verði vísað til lögreglu þyki ástæða til. Þá sé viðbúið að væntanleg rannsóknarnefnd á vegum Alþingis taki málefni peningamarkaðssjóða til sérstakrar skoðunar. **- óká**

# Kröfuhafar fá fyrst

„Mér finnst þetta mikil gjafmildi," segir Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta. „Félagið á ekki fyrir skuldum. Þegar bankarnir fóru þá missti ég hlutabréfin mín og fékk ekkert í staðinn, en nú eiga þeir að fá hluti til baka þegar þetta verður arðvænlegt aftur. Ef þetta á að ganga þá verður fjandinn laus hér í samfélaginu."

Karl og Steingrímur Wernerssynir, eigendur fjárfestingafélagsins Milestone, fá að eiga þrettán prósenta hlut í félaginu og endurkaupарétt á 27 prósentum til viðbótar, þegar fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins er lokið.

Félagið mun skulda hátt í 115 milljarða króna en virði eigna þess er nú um 60 milljarðar, eftir því sem næst verður komist. Þetta mun að mestu skýrast af hruni á eignaverði á alþjóðlegum mörkuðum.

Stærsti einstaki kröfuhafinn er Glitnir. Fram kom í Morgunblaðinu á dögunum að tæpum þriðjungi krafna verði breytt í lán sem verði víkjandi að hluta. Afganginum megi breyta í hlutafé. Morgunblaðið sagði að tæknilega hefði sá hluti kröfunnar verið afskrifaður. Lánveitendur eiga þó að fá forgang af öllum útgreiðslum úr félaginu þangað til skuldin er að fullu bætt. Karl og Steingrímur geta enn fremur ekki innleyst neinn hagnað af hlutabréfaeign sinni fyrr en skilmálar kröfuhafa hafa verið uppfylltir.

Eftir því sem næst verður komist hefur sænska fjármálaeftirlitið haft hönd í bagga, en það fæst ekki staðfest.

Karl Wernersson vildi ekki tjá sig um málið. Ekki náðist í Árna Tómasson, formann skilanefndar Glitnis.

Milestone er eini eigandi sænska fjárfestingafélagsins Moderna. Það á aftur tryggingafélagið Sjóvá, hlut í Carnegie og fleira. **- ikh**

Formaður LÍÚ gagnrýnir hversu lítið sé rætt um kostnað við aðild að ESB:

# Útlendingar myndu eignast fjölda sjávarútvegsfyrirtækja

„Eins og sjávarútvegsstefna ESB er nú myndi íslenskur sjávarútvegur búa við mun lakari rekstrarskilyrði með aðild að ESB en utan sambandsins. Innan ESB myndum við ekkert hafa um það að segja hvernig veiðum úr deilistofnum við Ísland yrði háttað. Þetta á til dæmis við um loðnu og makríl. ESB hefur ekki viljað viðurkenna okkar strandríkisrétt og hleypa okkur að samningaborðinu um skiptingu makrílkvótans í Norður-Atlantshafi," segir Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, í ítarlegu viðtali við tímaritið Ægi.

Hann segir þá hættu fyrir hendi, gerðumst við aðilar að ESB, að útlendingar eignuðust hér fjölda fyrirtækja í sjávarútvegi. „Sumir segja að það sé bara allt í lagi, en ég tel að ef þetta myndi gerast væri síður en svo sjálfgefið að landið myndi allt haldast í byggð."



**ADOLF GUÐMUNDSSON**

Hann kveðst þess fullviss að úrsögn Bretlands úr sambandinu yrði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu þar í landi, yrði efnt til hennar og þar í landi komi ekki til greina að taka upp evruna.

Hann gagnrýnir hversu lítið sé rætt um kostnað við aðild að sambandinu. „Menn segja sem svo að Íslendingar fái svo mikið af styrkjum úr sjóðum sambandsins að ágóðinn yrði meiri en útlagður kostnaður. Það held ég að sé rangt vegna þess að þrátt fyrir allt held ég að Ísland sé of efnahagslega sterkt til þess að njóta mikilla styrkja úr sjóðum ESB. Eftir sem áður munum við eiga þess kost að fá vísinda- og menningarstyrki frá ESB, en ég hef ekki nokkra trú á því að við fáum byggðastyrki frá sambandinu," segir Adolf í viðtalinu við Ægi. **- bih**


Jólatilboðum fylgir

12.000 kr. inneign

Þú getur talað fyrir 12.000 kr. 1000 kr. inneign á mánuði í eitt ár fylgir.

Verslanir Símans eru fullar af glæsilegum símum á jólatilboði. Með öllum 3G símunum fylgir M, vefur Símans í farsímanum, sem þú getur notað þegar þú átt lausa stund og vantar afþreyingu. Farðu á netið í símanum og sláðu inn m.siminn.is til að opna fésbókina þína, spjalla á MSN, skoða tölvupóstinn eða kíkja á nýjasta nýtt á YouTube.

2 lög á M-inu á 0 kr.






Sendu SMS með textanum M í 1900 og fáðu M-ið beint í símann

Farðu á M-ið og náðu þér í nýtt lag með Buff eða Baggalúti á 0 kr.

Síminn og tónlist.is bjóða viðskiptavinum Símans að fara á M-ið og ná í „Kósíkvöld í kvöld" í flutningi Buff eða lagið „Í gær" í flutningi Baggalúts fyrir 0 kr. Hægt er að ná í lögin fram að áramótum.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.

ENNEMM / SÍA / NM38435

# EES-samningurinn reyndist vera eitraður kokteill

„Nei, það hefði mig aldrei grunað,“ segir dr. Jónas H. Haralz, fyrrverandi bankastjóri og stjórnarmaður í Alþjóðabankanum í Washington, þegar hann er spurður hvort hann hefði getað ímyndað sér að jafn illa yrði komið fyrir íslensku efnahagslífi og raun ber vitni nú.

Jónas ræddi stöðu efnahagsmála í Markaðnum á Stöð 2 síðastliðinn laugardag og þar kom meðal annars fram að hann telur nauðsynlegt að fá fastan grunn til að byggja á framtíð peningamálanna. Í þeim efnum sé aðild að Evrópusambandinu lykilatriði. „Þess vegna er æskilegt að sem allra fyrst sé hægt að taka upp aðildarviðræður. Það er eina lausnin sem getur dugað til langframa og er skynsamleg,“ segir Jónas og hafnar hugmyndum um einhliða upptöku nýs gjaldmiðils, til dæmis evru eða dollars.

„Þeir sem hafa verið andvígir aðild að Evrópusambandsins hafa verið að leita og leita nýrra leiða til að komast hjá því að ganga þar inn. Það er afar, afar bagalegt að það skuli hafa verið gert,“ segir hann og bætir við að hann efist ekki um að Sjálfstæðisflokkurinn muni samþykkja að fara í aðildarviðræður á landsfundi sínum í lok næsta mánaðar.

Jónas telur að yfirlýsing um að sótt verði um aðild muni ein og sér strax hafa jákvæð áhrif, bæði innanlands og erlendis. Þá liggi fyrir hvert stefnan hafi verið tekin og það skapi traust.

„Á sínum tíma var ég andvígur því að við yrðum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, ég vildi að við færum beint inn í Evrópusambandið,“ segir Jónas enn fremur og rifjar upp að þá hafi hann verið búsettur í Bandaríkjunum, en komið heim árið 1992 og haldið um þetta erindi á vegum Verslunarráðs, en andmælandi hafi verið Styrmir Gunnarsson, þá ritstjóri Morgunblaðsins. „Við fáum frelsið og möguleikana til að setja upp fyrirtæki á öllu svæðinu, en við höfum ekki umgjörðina, höfum ekki aðhaldið, ekki fasta og örugga mynt og ekki sterkan og öflugan Seðlabanka á bak við okkur. Þess vegna var þetta í reynd mikið óheillaspor fyrir okkur, nokkurs konar eitraður kokteill, þegar horft er til baka, sem hefði mátt komast hjá með því að taka strax skrefið til fulls og ganga inn í Evrópusambandið,“ segir hann, þótt hann taki fram að auðvitað hafi þátttakan í EES-samstarfinu reynst okkur Íslendingum gagnleg á marga lund.



DR. JÓNAS HARALZ „Á sínum tíma var ég andvígur því að við yrðum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, ég vildi að við færum beint inn í Evrópusambandið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spurður um þau rök gegn aðild að þar með sé fórnað fullveldi þjóðarinnar, segir hann að sams konar rök hafi valdið því að fullveldið, sem í reynd hafi fengist með uppkastinu 1908, hafi ekki orðið fyrr en tíu árum seinna. „Er það ekki bara Uppkastið sem hér gengur aftur eftir hundrað ár?“ spyr hann. „Fyrir hrein formsatriði sem engu máli skiptu, frestuðum við því í tíu ár að ná því fullveldi sem hefði getað fengist 1908,“ segir Jónas og bendir á að Uppkastið hafi strandað á ákvæði um að öll málefni Íslands til undirskriftar konungs yrðu fyrst borin upp í ríkisráði Dana, enda þótt það hefði engu máli skipt, verið hreint formsatriði. - bih


Kærleikur
er stórkostlegur safndiskur og ljós í myrkrinu:

1. Kærleikur – Óðmenn
2. Ólýsanleg – Magnús Þór Sigmundsson
3. Allt í himnalagi – Regína Ósk
4. Ég lifi í draumi – Eyjólfur Kristjánsson og Björgvin Halldórsson
5. Losing a friend – Nylon
6. I think of angels – KK og Ellen Kristjánsdóttir
7. Lífsbókin – Bergþóra Árnadóttir
8. Þegar ég fer – Hera Björk
9. Vorið kemur (Víkivaki) Diddú og Valgeir Guðjóns.
10. Ást – Ragnheiður Gröndal
11. Stefanía – Valgerður Ólafsdóttir
12. Sól að morgni – Bubbi
13. Kramið hjarta – Helgi Björnsson og Regína Ósk
14. Söknuður – Vilhjálmur Vilhjálmsson




Innilegar þakkir til allra þeirra frábæru listamanna sem komu að útgáfu geisladisksins „Kærleikur“. Alúðar þakkir til dreifingaraðila um allt land og til þeirra sem stutt hafa okkur hjónin í hinni miklu vinnu sem liggur að baki útgáfunni. Allir kaupendur geisladisksins styrkja Kærleikssjóðinn sem stofnaður var til minningar um Stefaníu Guðrúnu Pétursdóttur en hún lést af slysförum á Spáni árið 2003 aðeins 18 ára að aldri.

www.kaerleikur.is er falleg heimasíða og upplýsandi. Kærleikssjóðurinn styrkir foreldra sem eiga um sárt að binda eftir fráfall ungmennis. Geisladiskurinn fæst í Hagkaupsverslunum um allt land, einnig í Pennanum og Eymundsson. Á www.kaerleikur.is eru nöfn og símanúmer dreifingaraðila um allt land.

Kærleikskveðjur, Pétur Emilsson og Sigrún Edda Sigurðardóttir.



Auglýsingasími 512 50 50 FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið





# NÓATÚN



20% afsláttur

Úr kjötborði

**1.598** kr. kg

**Nóatúns**
Hamborgarhryggur



**3.998** kr. kg

**Ungnautalund**
Erlend



**976** kr. kg

**Móa Veislufugl**
Með fyllingu



**998** kr. pk.

**Fjörfiskur**
Lúxusrækja 500 g



**3.448** kr. stk.

**Snæfiskur**
Risarækja, 1 kg



**20%** afsláttur

**Goða paté**
3 tegundir

# Fjölbreytt úrval

## af ferskum ávöxtum og grænmeti í Nóatúni!






**798** kr. pk.

**Emmess ís**
Konfektísblóm 8 stk.



**489** kr. pk.

**Coke og Coke Light**
6 flöskur í kippu

EXPO • www.expo.is

# Allar verslanir opnar til kl. 23 í kvö

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

# NÓATÚN



**Húsavíkur hangilæri**
Með beini

**25%** afsláttur



**Húsavíkur hangikjöt**
Úrbeinað

**2.998** kr. kg

# HÁTÍÐARMATUR Í ÚRVALSFLOKKI



**Kalkúnn**
Ferskur

**1.258** kr. kg



**Grísalæri**
Reykt

**898** kr. kg.




**Nóatúns Kalkúnafylling**
600 g

**799** kr. pk.



- Gamle Ole
- Brie Maxims
- Chaumes
- Jarlsberg
- Prima Donna
- Gorgonzola

*Erlendir ostar í Nóatúni*

Nú gefst viðskiptavinum Nóatúns kostur á að fá sneið af sínum uppáhalds erlenda osti skorna á staðnum í þeirri stærð sem þeir óska.

*Sjá nánar í ostabækling Nóatúns*



**Kjörís Konfektterta**
12 manna

**1.698** kr. stk.




**Kastali**
Hvítur

**309** kr. stk.




**Mjólka**
Skyrtertur

**1.195** kr. stk.

# ld - Aðfangadagur opið frá kl. 10-14

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gleymd hlið eftirlaunafrumvarpsins.

# Eftirlaun og stjórnmálamenn

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þáttaskil urðu í gær í einhverju umdeildasta pólitíska máli seinni tíma. Fimm árum eftir að alþingismenn tóku sér með lögum mun rausnarlegri eftirlaunakjör en aðrir þjóðfélagshópar, komst loks í verk að lagfæra þann dómgreindarlausa sérhagsmunagjörning.

Það tók Alþingi aðeins örfáa daga skömmu fyrir jól 2003 að keyra í gegn eftirlaunalögin, sem gilda um alþingismenn, ráðherra, forseta og hæstaréttardómara. Það er ekki góður vitnisburður um störf þingsins að það hafi tekið fimm ár að leiðrétta ranglæti þeirra.

Allt frá setningu eftirlaunalaganna 2003 var gagnrýnin á þau linnulaus. Breytingin frá því í gær stöðvar örugglega ekki þær deilur. Nýju eftirlaunalögin tryggja alþingismönnum og ráðherrum enn umtalsvert rýmri eftirlaunakjör en öðrum. Á meðan svo er verða þau umdeild.

Kjarni þeirrar umræðu hlýtur að snúast um þá grundvallarspurningu af hverju alþingismenn og ráðherrar eigi skilið að njóta betri eftirlaunakjara en aðrir?

Í athugasemdum með eftirlaunafrumvarpinu frá 2003 voru tínd til ýmis athyglisverð rök fyrir því sjónarmiði. Meðal þeirra helstu voru að lögin áttu að hvetja til þátttöku í stjórnmálum og styrkja lýðræðið. Þeir, sem hafa varið meginhluta starfsævi sinnar til stjórnmálastarfa á opinberum vettvangi, áttu að hafa þann kost að geta dregið sig í hlé fyrir yngra fólki án þess að hætta fjárhagslegri afkomu sinni, eins og það var orðað.

Hugsunin var sem sagt að tryggja ákveðna endurnýjun í röðum þingmanna, og þar með ráðherra, eins og kerfið hefur verið.

Þessi hugmynd um nauðsynlega endurnýjun í röðum ráðamanna þjóðarinnar er í raun og veru afskaplega góð. En útfærsla eftirlaunalaganna, sú mikla græðgi og sérhagsmunagæsla ekki síst í þeim kafla sem sneri að eftirlaunakjörum forsætisráðherra, varð hins vegar til þess að þessi ágæta hlið laganna féll algjörlega í skuggann.

Í nýja lögunum hafa sérkjör forsætisráðherra verið felld út og ýmsir aðrir þættir laganna sem voru harðast gagnrýndir. Eftir stendur hvort þau ná þeim tilgangi sínum að tryggja nægilega vel að þjóðin sitji ekki uppi með þingmenn, sem í krafti stöðu sinnar í flokkum sínum, geta setið á þingi eins lengi og þeim sýnist.

Annað, ekki síður mikilvægt álitamál, er hvort rausnarleg eftirlaun séu rétta aðferðin til að laða að þingstörfum „ungt efnisfólk“ eins kemur líka fram í fyrrnefndum athugasemdum.

Veikleikar Alþingis hafa komið berlega í ljós undanfarnar vikur. Það er stórmál fyrir þjóðina að starf alþingismanna verði gert eftirsóknarverðara. Sterkari hópur þingmanna þýðir sterkara Alþingi.

Það væri væntanlega gæfuríkara fyrir þjóðina að afnema með öllu umframeftirlaunakjör ráðherra og alþingismanna og hækka þess í stað föst laun þeirra. Sú leið er líklegri til að tryggja hraðari endurnýjun heldur en útgönguleið við lok þingferils.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gísli í leyfi

Gísli Marteinn Baldursson hefur ákveðið að fara í launalaust leyfi á næsta ári, en eins og kunnugt er hefur hann gegnt starfi borgarfulltrúa meðfram háskólanámi í Skotlandi undanfarna mánuði. Gísli Marteinn rak sig hins vegar á að þetta fyrirkomulag gekk ekki til lengdar; á bloggi sínu lýsir hann því hvernig störf hans fyrir skattgreiðendur í Reykjavík voru orðin dragbítur á nám hans út í Edinborg. Sif Sigfúsdóttir tekur sæti Gísla Marteins í borgarstjórn meðan hann lýkur námi.



### Þriðjungur

Borgarfulltrúar eru fimmtán talsins. Það sem af er kjörtímabilinu hefur þriðjungur þeirra horfið til annarra starfa, ýmist tímabundið eða fyrir fullt og allt. Árni Þór Sigurðsson, VG, Björn Ingi Hrafnsson, Framsóknarflokki, og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Samfylkingunni, eru hætt. Stefán Jón Hafstein fór í tveggja ára leyfi og Gísli Marteinn verður í námsleyfi fram á haust eins og áður sagði. Allt þetta fólk bauð sig fram til fjögurra ára og náði kjöri á þeim forsendum.

Hér er þeirri bón komið á framfæri að í næstu borgarstjórnarkosningum taki frambjóðendur fram hvort þeir bjóði fram krafta sína allt kjörtímabilið eða til skemmri tíma.



### Kjarabaráttan

Forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, heyr nú baráttu fyrir því að fá laun sín lækkuð. Byrjaði hann á því að óska eftir því að kjararáð lækkaði laun hans en fékk synjun þar sem það stangaðist á við lög. Nú hefur hann beðið fjármálaráðherra um að skera niður laun forsetans. Verði fjármálaráðherra ekki við því eru góð ráð dýr fyrir Ólaf Ragnar. Ætli forseti Íslands hafi verkfallsrétt?

bergsteinn@frettabladid.is

# Gleði og gjafir



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Á jólum

Frelsi og fögnuður eru orðin sem hljóma í kirkjum landsins á næstu dögum í tali og tónum þegar haldið er upp á fæðingu höfundar fagnaðarerindisins. Orð sem við þyljum eða syngjum árum saman, fallega texta sem minna okkur á jól bernskunnar. En hvert er erindi fagnaðarerindisins? Frá hverju erum við frelsuð? Þegar kerfinu sem við höfum komið okkur upp í kringum þessa kenningu sleppir, hvert er þá erindið? Erum við frjáls af okkur sjálfum? Frjáls af áliti annarra, öfund, heift, tilætlunarsemi og vanþakklæti? Varla. En jólin minna okkur engu að síður á að þetta tilboð stendur enn.

Þó að umbúðir kringum jólin séu fyrirferðarmiklar á Vesturlöndum vekur þessi tími okkur yfirleitt til vitundar um kjarnann í tilverunni; gjöfult fjölskyldulíf, góða vini og frið í sál og sinni.

**Frímínútur**

Við Íslendingar erum sem stendur í erfiðu námi. Námsefnið er þolinmæði, þrautseigja og útsjónarsemi. Helgidagarnir framundan eru frímínútur. Þessar mínútur eiga að vera frí frá kvíða, reiði og vonleysi. Við eigum að drekka í okkur gleðina yfir öllu sem við eigum og gleyma því sem okkur vantar. Umræður í jólaboðum eiga ekki að snúast um fjármálakreppu, atvinnuleysi eða svik og pretti, heldur hvað það er gaman að vera saman og eiga hvert annað.

Val á jólagjöfum í ár er gleðilegur vitnisburður um að kompásinn hjá þjóðinni er í góðu lagi. Bókaþjóðin stendur undir nafni og í harðærinu velja fleiri en nokkru sinni fyrr að gefa bækur í jólagjöf. Vinkona mín sem starfar hjá fyrirtæki sem selur vandaðan rúmfatnað á góðu verði segir söluna á sængurverasettum til jólagjafa fara fram úr öllu sem þær hafi áður kynnst. Maður heyrir úr öllum áttum frá fyrirtækjum og einstaklingum sem gefa rausnarlegar matargjafir í jólagjöf, og kona sem ég þekki tilkynnti fjölskyldu og vinum að hún vildi aðeins fá gjafir sem kostuðu innan við eitt þúsund krónur. Sjálf myndi hún ekki gefa dýrari gjafir. Og svo er það fjölskyldan sem skilur allt stress eftir í bænum og fer í friðinn og kyrrðina í þorpi á landsbyggðinni.

Þó að hefðir séu dýrmætar geta þær líka orðið að fjötrum ef maður er ekki í rónni nema allt sé eins og á síðustu jólum og jólunum þar á undan. Þegar aðstæður breytast og kalla á minni viðhöfn og öðruvísi jólahald, er ekki ólíklegt að kvíðinn snúist upp í létti og undrun yfir hvað hægt er að skapa góða hátíðarstemningu ef ekki er horft til baka. Það er frelsi að geta skipt um skoðun og hefðir, en við áttum okkur ekki á því fyrr en við reynum það.

Gjafir eru gjarnan í aðalhlutverki á bernsku- og æskuárum. Þegar fólk fullorðnast færist áherslan yfir á borðhaldið og félagsskapinn. Það nýtur þess að klæða sig upp á, snæða saman góðan mat, sitja lengi yfir borðum og spjalla. Kannski væri ráð að reyna að koma fjölskyldu – og samverugleðinni fyrr inn hjá börnum og unglingum.

**Heims um ból**

Alþjóðleg samvinna er víðtæk á okkar tímum og afar mikilvæg. Samskipti milli ólíkra þjóða getur verið góð þó að menning þeirra og gildismat sé gjörólíkt. Flestir upplifa þó og njóta tónlistar eins hvar sem er í heiminum. Sálmurinn Heims um ból er þannig eins og fugl sem flýgur alls staðar um heiminn. Er velkominn í öllum löndum, enginn veltir fyrir sér hvaðan hann er upprunninn. Allir gera hann að sínum. Halda laginu en snúa textanum yfir á mál sem þeir skilja. Hann er eins og friðardúfa, alls staðar velkominn og vekur gleði hvar sem hann er sunginn. Lag sem var samið fyrir tæplega tvöhundruð árum af manni í smábæ í Austurríki. Texti af presti staðarins, sem var fenginn til að fara á jólum upp í fjöllin til að blessa nýfætt barn. Var frá Vín og því fjarri sínum heimahögum. Saknaði jólanna þar, en þegar hann kom í þetta hús og blessaði barnið fékk hann hugljómun. Er hann gekk heim á leið inn í þorpið, komu orðin í sálminum til hans, einlæg, sönn og sígild. Fara aldrei úr tísku. Maður getur séð fyrir sér í huganum hvernig þessi sálmur tengir heimsbyggðina saman um jólin eins og ósýnilegur friðarvefur.

Gaman væri ef við Íslendingar gætum ofið okkar eigin sameiginlega friðarvef yfir hátíðarnar. Svo kemur nýtt ár.

# Stritast þeir við að sitja

**UMRÆÐAN**

Guðmundur J. Guðmundsson skrifar um ríkisstjórnina



GUÐMUNDUR J. GUÐMUNDSSON

Kröfunni um að ríkisstjórnin segi af sér og boðað verði til kosninga hefur vaxið ásmegin síðustu vikurnar. Skoðanakannanir benda til að meirihluti þjóðarinnar vilji stjórnina frá, vantraustið er algjört. Ráðherrar og stjórnarliðar vísa hins vegar öllu slíku á bug. Þeir benda á traustan meirihluta stjórnarinnar á þingi og hnýta því svo aftan við að nú sé ekki rétti tíminn til að fara í kosningar, stjórnin þurfi frið til að ráða fram úr vandamálunum.

Þessi rök verða þó léttvæg við nánari skoðun. Ríkisstjórnin stendur ekki bara frammi fyrir efnahagslegu áfalli heldur efnahagshruni, og ekki síður hruni hugmyndafræðinnar sem lá að baki þeirrar efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið sl. 17 ár og Sjálfstæðisflokkurinn á höfundarrétt að.

Geir Haarde stritast hins vegar við að sitja og stefnan, hugmyndafræðin sem setti allt á annan endann hún er hin sama, það kom hvað skýrast fram í fjárlagafrumvarpi því sem liggur fyrir þingi þegar þessi orð eru skrifuð. Þar er haldið áfram að hygla þeim sem mestu hafa úr að moða en láta hina sem nú eru um það bil að missa bæði atvinnu og húsnæði borga brúsann. Velferðarkerfið er skorið niður við trog en auðmennirnir sem mulið var undir í góðærinu sitja að sínu. Þeir greiða áfram 10 prósenta fjármagnstekjuskatt meðan almennur tekjuskattur er hækkaður. Á þá er ekki lagður hátekjuskattur, vegna þess að það væri bara táknrænt sagði utanríkisráðherra, trú og trygg stefnu forsætisráðherra. Vel má vera að ríkissjóður hefði ekki miklar tekjur af hátekjuskattinum en að leggja slíkan skatt á væri einmitt tákn þess að breytt hefði verið um stefnu, breytt hefði verið um hugmyndafræði. Sama má segja um hækkun á fjármagnstekjuskatti og skatti á fyrirtækjum.

En nei, stefnan er sú sama, þeim sem eru í kallfæri við stjórnarflokkana skal hyglað en hinir geta snapað gams. Það er forgangsmál að koma ríkisstjórn Geirs Haarde frá, ekki bara til að skipta um ráðherra heldur til að breyta í grundvallaratriðum þeirri stefnu sem fylgt hefur verið undanfarin 17 ár og virðist á góðri leið með að koma stórum hluta þjóðarinnar á vonarvöl.

*Höfundur er kennari.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


BT
BÍÓMYNDIR Í JÓLAPAKKANN!!
JÓLIN ERU AÐ KOMA
Þú færð DVD myndirnar á betra verði í BT!
Einnig á Blu-ray Disc
BÍÓMIÐI FYLGIR!!!
Einnig á Blu-ray Disc
DVD 2.499
BOÐSMIÐI
FYLGIR
DVD 2.499
STEELBOX ÚTGÁFA!!
Einnig á
Einnig á
Einnig á
DVD 1.999
DVD 2.499
DVD 2.499
DVD 2.499
SAMAN Í PAKKA!!!
DVD 2.199
DVD 2.499
DVD 2.499
DVD 3.999
DVD 1.799
DVD 5.999
DVD 6.799
DVD 6.799
DVD 6.799
BT SMÁRALIND OG BT AKUREYRI ERU OPNAR TIL 22:00 FRAM AÐ JÓLUM

# Mjúkar jólagjafir

Tempur heilsuinniskór - Allar stærðir

**Aðeins kr. 7.700,-**



AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ
TEMPUR® EFNI

TEMPUR®

## Jólagjafir sem allir elska....

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 669.920,-
~~Verð áður kr. 837.400,-~~



Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 171.920,-
~~Verð áður kr. 214.900,-~~



Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 221.176,-



Porto: Lyftistóll
Áklæði: Microfiber
Jólatilboð: Kr. 149.900,-



www.betrabak.is

# Hlýjar jólagjafir

## Quilts of Denmark - Gæsadúnsæng

**Aðeins kr. 13.520,-**



QUILTS OF DENMARK
www.QOD.dk
make your day

**Heitasta jólagjöfin!**
Gæsadúnsæng
á frábæru jólatilboði !

# ....og allir vilja fá

**TempraKON®** hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



**TempraKON®** dúnsokkar
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 5.900,-



**TEMPUR** heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur



**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**www.betrabak.is**

**Opnunartímar um jól:**
Sun. 21. des. frá kl. 13-19
Mán. 22. des. frá kl. 10-22
Þri. 23. des. frá kl. 10-23
Mið. 24. des. frá kl. 10-12
Lau. 27. des. frá kl. 10-16
Mán. 29. des. frá kl. 10-18
Þri. 30. des. frá kl. 10-18

**JODIE MARSH ER ÞRÍTUG Í DAG.**

*„Ég er metsöluhöfundur auk þess að vera kynnir í sjónvarpi, fyrirsæta, leikkona og sendiherra sjö góðgerðastofnana. En öllum virðist standa á sama um hið síðastnefnda. Hvorki fleiri né færri en sjö sagði ég.“*

***Jodie Marsh er ýmislegt til lista lagt en er þó þekktust fyrir fyrirsætustörf í heimalandi sínu Englandi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 23. DESEMBER 1981**

## *Hornsteinn lagður að Þjóðarbókhlöðu*



Hornsteinn var lagður að Þjóðarbókhlöðunni í Reykjavík þennan dag árið 1981. Bygging hússins tók hins vegar nokkuð langan tíma, eða um fimmtán ár. Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðunnar var fjársveltur og þótt sérstakur skattur hafi verið lagður á í nafni byggingarinnar þá skiluðu þeir peningar sér ekki í sjálfa framkvæmdina.

Byggingin var loks opnuð almenningi 1. desember árið 1994 og á sama tíma var Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn opnað eftir sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns.

Aðalstarfsemi safnsins fer fram í Þjóðarbókhlöðunni. Safnið hefur einnig yfir öðru húsnæði að ráða til geymslu gagna. Að auki rekur það útibú í nokkrum byggingum Háskóla Íslands. Helstu verkefni safnsins eru að varðveita handritasöfn og halda uppi bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu og rannsókna svo fátt eitt sé nefnt.

## MERKISATBURÐIR

**1193** Þorlákur Þórhallsson biskup í Skálholti deyr, sextugur að aldri. Helgi hans var lögtekin á Alþingi hinn 29. júní 1198 en ári síðar var ákveðið að 23. desember skyldi verða messudagur hans.

**1956** Richard Nixon, þáverandi varaforseti Bandaríkjanna, heimsækir Ísland og hittir Ásgeir Ásgeirsson forseta á Bessastöðum.

**1958** Ríkisstjórn Alþýðuflokksins tekur við völdum. Hún situr í ellefu mánuði undir forsæti Emils Jónssonar.

**1968** Til átaka kemur í Reykjavík milli lögreglu og fólks sem mótmælir þátttöku Bandaríkjamanna í Víetnamstríðinu. Atburðurinn er nefndur Þorláksmessuslagurinn.

## AFMÆLI



**JÓNÍNA BJARTMARZ** lögfræðingur er 56 ára í dag.



**ÓLI TYNES** fréttamaður er 64 ára í dag.



**EDDIE VEDDER,** söngvari Pearl Jam, er 44 ára í dag.



**CARLA BRUNI,** forsetafrú Frakklands, er 41 árs í dag.



*Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Grímur Ársælsson,**

Suðurbraut 16, Hafnarfirði,

var jarðsettur í kyrrþey að ósk hins látna.
Þökkum samúð og vinarhug.

**Maggý Ársælsdóttir,**
**Erla Ársælsdóttir,**
**Ragnar Gíslason,**
**og frændsystkini.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, systir og mágkona,*

**Hanna Edda Halldórsdóttir**

Hvassaleiti 157, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 21. desember.

**Jón Egill Sveinbjörnsson**
**Hanna Dóra Ólafsdóttir**
**Gunnar Halldórsson** — **Svenný Hallbjörnsdóttir**
**Páll Einar Halldórsson** — **Bára Melberg Sigurgísladóttir**
**Gyða S. Halldórsdóttir** — **Sigurjón Bjarnason**
**Margrét Pálmadóttir** — **Hreinn Mýrdal Björnsson**
**og aðrir vandamenn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Adolf Óskarsson**

pípulagningameistari
Hrafnistu, Hafnarfirði,

sem andaðist mánudaginn 15. desember verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 29. desember.

**Ásta Vigfúsdóttir**
**Hörður Adolfsson** — **Nanna M. Guðmundsdóttir**
**Erla Adolfsdóttir** — **Jóhann Pétur Andersen**
**Hilmar Adolfsson** — **Ólöf S. Sigurðardóttir**
**Adolf Adolfsson** — **Júlía Henningsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



**LÉT DRAUMINN RÆTAST** Haukur Ingi leggur hönd á plóg við fjáröflun Flugbjörgunarsveitarinnar og selur bæði jólatré og flugelda í húsakynnum hennar á Flugvallarvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HAUKUR INGI JÓNASSON:** ELSTUR Í NÝLIÐAÞJÁLFUN FLUGBJÖRGUNARSVEITARINNAR

# FETAR Í FÓTSPOR GÓÐRA FÉLAGA

Haukur Ingi Jónasson, lektor í stjórnunarfræðum við verkfræðideild Háskóla Íslands, hóf nýverið nýliðaþjálfun hjá Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur en það telst til nokkurra tíðinda að langskólagenginn maður á miðjum aldri taki upp á því. Blaðamaður tók Hauk Inga tali og spurði hvað hefði orðið til þess að hann ákvað að leggja fram krafta sína í sjálfboðavinnu í almannaþágu?

„Þetta hefur lengi verið draumur hjá mér en ég er búinn að vera í fjallamennsku í mörg ár og hef lengi verið félagi í Ferðafélagi Íslands,“ segir Haukur Ingi sem er með þrjár mastersgráður, doktorspróf og hefur mikla reynslu af meðferðarvinnu, bæði sem sálgreinir og sjúkrahúsprestur. „Ég valdi flugbjörgunarsveitina af því að ég þekki nokkra félagsmenn sem allir eru góðir ferðafélagar og flinkir fjallamenn. Mig langaði til að feta í fótspor þeirra,“ segir Haukur Ingi en áréttar að hann sé eingöngu í þjálfun og verði ekki fullgildur meðlimur fyrr en að tæpum tveimur árum liðnum, gangi þjálfunin að óskum. „Síðan spilaði það líka inn í að aldursdreifingin í nýliðahópnum er talsverð, þótt ég sé langelstur,“ segir Haukur Ingi, sem er 42 ára.

Flugbjörgunarsveitin er sérhæfð fjallabjörgunarsveit sem tekur einnig að sér aðkomu að flugslysum og starfar með rannsóknarnefnd flugslysa. Haukur Ingi segir það koma sér sérstaklega á óvart hversu umfangsmikil starfsemi sveitarinnar og annarra björgunarsveita er og hversu mikill metnaður og fagmennska sé við lýði.

„Ég verð í stífri þjálfun næstu tvö árin, sit fjölda námskeiða ásamt því að fara í ferðir aðra hverja helgi. Nú eru vetrarferðirnar í gangi og gistum við í snjóhúsum og uppi á heiðum við hinar ýmsu aðstæður. Þá kemur allur tæknibúnaður sveitanna einnig á óvart en í bílunum eru heilu tré- og járnsmíðaverkstæðin. Fólk slær heldur ekkert af og heldur sér í góðu formi allan ársins hring, hleypur sex til tíu kílómetra tvisvar í viku, gerir uppsetur og armbeygjur til þess að vera við því búið að rjúka upp á miðjan Fimmvörðuháls, inn á miðhálendi, upp á jökul eða út á Keflavíkurflugvöll gerist þess þörf.“

Haukur Ingi segir gaman að verða vitni að því hversu mikill einhugur og vinátta ríki á meðal félaga. Hingað koma gamlir félagar, lávarðarnir svokallaðir, segja sögur og skrafa saman. Sjálfboðaliðar afla svo björgunarsveitunum tekna með jólatrés- og flugeldasölu í desember en upplýsingar um útsölustaði má finna á heimasíðu sveitarinnar www.fbsr.is.

**vera@frettabladid.is**



*Móðir okkar,*

**Sigurlaug Ingunn Sveinsdóttir**

frá Hrauni, Glerárþorpi,

lést á dvalarheimilinu Kjarnalundi 21. desember.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Jóna Sigurðardóttir**
**Helga Sigurðardóttir**
**Kristján Sigurðsson**
**Sigrún Sigurðardóttir**
**Kolbrún Sigurðardóttir**
**Heiða Rósa Sigurðardóttir**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Líndal Benediktsson**

Neðri-Hundadal,

lést laugardaginn 20. desember á Landspítalanum.
Útför fer fram frá Kvennabrekkukirkju, Dalasýslu, þriðjudaginn 30. desember kl. 14.00.
Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11E fyrir alúðlega umönnun og hlýju.

**María G. Líndal og fjölskylda,**
**Svana Guðmundsdóttir og fjölskylda.**



**JÓLATÓNLEIKAR** verða haldnir í Jólaþorpinu í Hafnarfirði á Þorláksmessu frá klukkan 18 til 22. Kvöldið er tileinkað ABC barnahjálp en meðal flytjenda eru Frostrósir og söngkonurnar Lay Low og Regína Ósk.




**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447









Maríanna Clara Lúthersdóttir hefur fyrir hefð að baka sörur fyrir jólin ásamt vinkonu sinni Esther Talíu Casey leikkonu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allt fer að lokum vel

**Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona bakar sörur fyrir hver jól ásamt vinkonu sinni Esther Talíu Casey. Hún segist þó alls ekki vera liðtæk í eldhúsinu og gengur því oft á ýmsu meðan á bakstrinum stendur.**

„Við Esther vinkona höfum notað nýjar söru-uppskriftir fyrir hver jól. Af einhverjum ástæðum hefur samt alltaf eitthvað farið úrskeiðis í bakstrinum; mælingarnar ekki staðist eða eitthvert hráefni sem hefur vantað,“ segir Maríanna og bætir við að yfirleitt fari þó allt að lokum vel. „Kökurnar hafa að minnsta kosti alltaf verið dásamlegar.“

Fyrir þessi jól fóru þær vinkonurnar eftir uppskrift frá Baldri Trausta Hreinssyni leikara. „Hún á að vera alveg stórkostleg. Uppskriftin fór hins vegar eitthvað úrskeiðis sem endranær. Við ætluðum að tvöfalda hana en fjórfölduðum óvart eggjamagnið. Til að vega upp á móti því skundaði ég út í búð og keypti meira af flórsykri og möndlum, þó ekki til jafns við eggin. Ég veit ekki alveg hvert endanlegt magn af hráefni var en kökurnar urðu samt frábærar að vanda.“

Maríanna bætir við að þær hafi líka ætlað að tvöfalda magnið af suðusúkkulaði en fjórfölduðu það óvart líkt og eggin. „Ætli niðurstaðan sé því ekki bara sú að við sörugerð skipti mestu máli að leggja í þær nógu mikla ást og gleði. Þá sleppur þetta greinilega alveg fyrir horn þótt uppskriftin sé ekki hundrað prósent rétt,“ segir hún og hlær.

Maríanna viðurkennir að vera almennt ekki liðtæk í eldhúsinu. Hins vegar lumi hún á ýmsum ráðum sem hafi reynst henni vel í gegnum tíðina, meðal annars sé tilvalið að nota nógu mikið af góðu súkkulaði í eftirrétti. „Það er aldrei hægt að fá of mikið af góðu súkkulaði, til dæmis suðusúkkulaði eða súkkulaði með appelsínubragði. Það svínvirkar.“


Uppskrift Maríönnu er á síðu 2.


*roald@frettabladid.is*







# JÓLIN KOMA



**HLÍN PÉTURSDÓTTIR** sópran syngur í Gallerí Marló á Þorláksmessu milli kl. 16 og 17. Í galleríinu stendur yfir sýningin Með þinni skrift.














**1.** Allt sem til þarf er lím, kökuservíettur, glansmyndir, skæri og hanki klipptur úr gömlu dagblaði.



**2.** Rúllið saman servíettunni í kramarhús sem lokast í annan endann. Límið saman á samskeytum. Límið því næst glansmynd yfir samskeytin.

**3.** Klippið út ræmu úr dagblaði og límið á sem hanka á kramarhúsið. Fyllið síðan kramarhúsið með góðgæti að eigin vali og hengið á jólatréð eða annan góðan stað.

# Einfalt jólaföndur

**Jólaföndur þarf ekki að vera flókið eða taka mikinn tíma. Hér er hugmynd að skemmtilegu föndri.**

Margir halda að þeir hafi einfaldlega ekki tíma fyrir jólaföndur þar sem það krefjist mikillar vinnu. Hins vegar er til ýmiss konar einfalt, fljótlegt og ódýrt föndur sem allir geta dundað sér við.

Hér er hugmynd að einföldu og rómantísku kramarhúsi sem hægt er að föndra án mikillar fyrirhafnar. Allur efniviður fékkst í Söstrene Grenes og Tiger fyrir utan borðann sem var klipptur úr gömlu Fréttablaði. *- hs*

## UPPSKRIFT MARÍÖNNU

### SÖRUR

5 eggjahvítur
6 dl flórsykur
400 g möndlur (í flögum)

*Stífþeytið eggjahvítur í 10 til 15 mínútur. Hrærið flórsykri og möndlum saman við. Gott er að mylja möndlur aðeins áður. Ein teskeið af deigi sett á bökunarpappír og bakað við 180°C í um það bil 10 mínútur.*

KREM
1 ½ dl sykur
1 ½ dl vatn soðið saman í 10-15 mínútur
5 eggjarauður, stífþeyttar
300 g smjör
2 msk. kakó
2 tsk. kaffiduft
1 msk. Sviss Miss

*Hellið sykurblöndu rólega út í eggjarauður, hrærið vel saman og kælið vel. Setjið smjör út í kakó, kaffi og Sviss Miss. Hrærið vel þar til krem myndast. Þegar það er klárt smyrjið því á botninn á kökum. Gott er að setja kökur í frysti degi áður en súkkulaði er sett á.*

*250 g suðusúkkulaði, er gufubrætt og gott er að setja um það bil eina teskeið af olíu með súkkulaðinu.*




ALLT MATUR

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María 512 5473
Hugi 512 5447











Veitingastaðurinn Scandinavian leggur áherslu á smurbrauð en þar má einnig fá annars konar skandinavískan mat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Alls kyns kræsingar eru á jólaplattanum.

# Smurbrauð og purusteik

**Scandinavian heitir nýr veitingastaður á Laugavegi 24. Þar er lögð áhersla á danskt smurbrauð og aðra skandinavíska rétti. Viðtökurnar hafa verið frábærar að sögn eins eigendanna.**

„Þetta hefur bara slegið í gegn,“ segir Lárus Guðmundsson, einn eigenda veitingastaðarins Scandinavian, sem var opnaður á Laugavegi 1. desember síðastliðinn.

„Þetta er ekta skandinavískur staður þar sem við leggjum mikla áherslu á danskt smurbrauð,“ segir Lárus, en þessa dagana er einnig í boði sérstakur jólaplatti með blöndu af alls kyns kræsingum. Þar má nefna purusteik, síld, osta, jólaskinku og ál. Lærðar smurbrauðsdömur sjá um smurbrauðið og matreiðslumeistarar um annan mat. „Við bjóðum einnig upp á salöt og brauð sem ekki er týpískt danskt. Síðan erum við alltaf með uppi á krítartöflu nokkra rétti dagsins,“ segir hann.

Hugmyndin að staðnum kviknaði hjá Lárusi sem hefur verið mikið í Kaupmannahöfn og víðar í Skandinavíu. „Mér fannst vanta kósí, vinalegan stað í þessum anda,“ segir hann og álítur að viðtökurnar hafi verið frábærar. „Það er fullt að gera frá opnun til loka,“ segir Lárus, sem telur að góðir, vinalegir staðir sem bjóði upp á spennandi mat með verðlagi fyrir alla muni ávallt standa fyrir sínu.

*solveig@frettabladid.is*



Það vekur sanna jólastemningu að gæða sér á smurbrauði, purusteik og alls konar kræsingum.




Diplómanám

- Almenn lína í rekstri og stjórnun (45 ein.)
- Útvegsrekstrarfræði (45 ein.)
- Flugrekstrarfræði (45 ein.)
- Rekstrarfræði (60 ein.)

Nánari upplýsingar um nám á háskólastigi í s. 514 9601 eða á ave@tskoli.is

zetor

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Hver með sitt svipmót

**Á Blönduósi spretta jólasveinar úr viðarrunnum með hjálp Hrefnu Aradóttur sem býr þá til með sínum tálguhníf. Þótt þeim svipi saman eins og títt er um bræður þá eru engin tvö andlit eins.**



„Það er svolítið jólavesen á mér. Ég tek niður myndir á veggjum og set eitthvað jólalegt í staðinn," segir Hrefna sem sjálf sker út hina skrautlegustu karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

„Ég teikna aldrei á tréð. Oftast byrja ég á nefi og held þaðan áfram niður. Þannig fær hver og einn sveinki sitt svipmót," segir Hrefna Aradóttir, sem hefur varla undan að skera út jólakarla. „Allt sem ég geri selst og ég hef frekar verið í vandræðum með að anna eftirspurn," staðfestir hún og segist velja útsölustaðina því hún geti ekki sinnt öllum. Nefnir Litlu jólabúðina á Laugavegi, nokkrar hótelverslanir og Listfléttuna á Akureyri.

Hrefna er búin að tálga í tíu ár. „Ég byrjaði 1997 og strax 1998 var þetta orðið að heilmikilli vinnu hjá mér. Lengi vel var ég að vinna með í banka en fyrir rúmi ári var fækkað þar. Ég var í hlutastarfi og missti vinnuna en leit á það sem heppni því þá gat ég hellt mér út í tálgunina." Hún kveðst einungis vinna úr nýjum viði. „Ég sæki mér alltaf nýjar spýtur. Hef fengið leyfi til að ganga í stóra runna við tjaldstæðið og bæjarbúar koma með greinar til mín sem brotna í görðum þeirra. Þetta er hreinsunarstarf í leiðinni."



Hún segir spýturnar kalla á það sem úr þeim verður. „Stundum er ég búin að taka þær fram nokkrum sinnum án þess að finna hvað þær vilja," segir hún brosandi. En breytast ekki stytturnar í lögun þegar þær þorna? „Nei, ég vef þær í eldhúspappír svo þær springi ekki og mála þegar þær eru orðnar þurrar."

Þótt Hrefna hafi fyrir alvöru byrjað að munda tálguhnífinn fyrir tíu árum þá hafði hún oft séð honum beitt. „Afi minn tálgaði þegar ég var barn og mér fannst að allir ættu að geta tálgað ef þeir hefðu spýtur. Ég byrjaði að fikta við að tálga búálf eins og ég sá hjá frænda mínum. En það gekk ekki upp. Ég var með vasahníf en honum getur maður ekki beitt eins og tálguhníf, blaðið er svo stíft. Búálfurinn týndist og breyttist í jólasvein og á tímabili hélt ég að ég kæmist ekki frá því formi. En nú er ég líka farin að gera styttur fyrir ýmis tækifæri sem eru þá sérpantaðar," segir Hrefna og bendir á heimasíðu sína www.123.is/hrefnaa.

*gun@frettabladid.is*


ALLT 512 5447 auglýsingasími

ALLT 512 5473 AUGLÝSINGASÍMI

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Fasteignablaðið 512 5469 694 4103 Ruth Bergs ruth@365.is

ALLT TÍSKA
Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María 512 5473
Hugi 512 5447

Við mætum kreppunni 25% afsláttur af öllum vörum til áramóta

Fatastandur tilvalin jólagjöf verð nú kr. 12.900.-

Náttborð/kommóða
Breidd:50 cm
Dýpt:30 cm
Hæð 74 cm
Verð kr. 10.900.-

Vandað lítalskt leðursófasett 3+1+1
Litir: Brúnt og ljóst

Úrval af slökunarstólum
Með leðuráklæði eða taui og skemlum - Margir litir

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18
Laugardag kl. 11-19 - Sunnudag kl. 13-16

Val húsgögn Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375




# þorláksmessa

ÞRIÐJUDAGUR 23. DESEMBER 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Heiðið í eðli sínu



Hilmari tekst aldrei að kaupa gjöf handa konunni sinni fyrr en á Þorláksmessu, sama hvað hann reynir, að eigin sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þegar allsherjargoðinn Hilmar Örn Hilmarsson er spurður hvað hann geri yfirleitt á Þorláksmessu kemur ýmislegt skondið í ljós.

„Það sem er fast hjá mér er að mér tekst aldrei að kaupa gjöf handa konunni minni fyrr en á Þorláksmessu. Sama hvað ég reyni. Ég er búinn að reyna að breyta þessu í mörg ár en vikurnar fyrir jól hafa alltaf farið í eitthvert rugl. Eldingunni sem segir manni hvað sé rétt lýstur ekki niður fyrr en á Þorláksmessu. Þá skýrist þetta atriði.

Annað sem hefur tekið tíma minn á Þorláksmessu síðustu ár er að ég hef fylgst svolítið með þessum sýklahernaði sem er kallaður skata því skötuát er iðkað af vinum mínum. Þar er mjög dularfull hreyfing í gangi þar sem ólíklegustu menn eru að uppgötva í sér vestfirsk gen. Ég bara fylgist með þessu með undrun og ógeði. Kem gjarnan við hjá Steindóri Andersen vini mínum sem er farinn að tengjast þessum eiturefnahernaði."

Spurður hvort þeir félagar fremji einhvern seið við þetta tækifæri svarar Hilmar Örn. „Nei, nei, ég skýt bara nefinu inn hjá Andersen og svo held ég mig í hæfilegri fjarlægð og fylgist með hröfnum og öðrum fuglum æla allt í kring."

Allsherjargoðinn telur að lúterstrúnni hafi hnignað við eflingu skötunnar. „Það er heiðið í eðli sínu að fara í svona manndómsvígslu eins og að éta skötu. Þetta eru einhver afturvirk þjóðlegheit. Fólk er að uppgötva hluti sem það hefur ekki iðkað áður og enginn af þeirra forfeðrum. Það er kannski einhver trúarlegur þáttur í þessu sem ég er ekki búinn að meðtaka sjálfur því ég er náttúrulega svo mikil kveif. Samt er aðdáunarvert að sjá fullorðið fólk og vitiborið standa í þessu. En svona er Þorláksmessan hjá mér og ég fer brosandi inn í aðfangadag." *- gun*

# Gengið í þágu friðar

Íslenskir friðarsinnar standa sem fyrr að blysför niður Laugaveginn klukkan 18 í dag, en þetta er í 29. sinn sem gengið er í þágu friðar á Þorláksmessu. Að göngunni stendur samstarfshópur friðarhreyfinga en í honum eru: Félag leikskólakennara, Friðar- og mannréttindahópur BSRB, Friðar- og mannréttindanefnd Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar, Menningar- og friðarsamtökin MFÍK, SGI á Íslandi (Friðarhópur búddista) og Samtök hernaðarandstæðinga.

Í upphafi göngunnar gefst fólki kostur á að kaupa kyndla en Hamrahlíðarkórinn leiðir hana að venju með söng. Göngunni lýkur svo á Ingólfstorgi þar sem efnt verður til fundar. Birna Þórðardóttir flytur ávarp en fundarstjóri er Lárus Páll Birgisson sjúkraliði og félagi í Samtökum herstöðvaandstæðinga. Hann segir göngunni ætlað að vekja fólk til umhugsunar um frið. Að hans mati hefur sjaldan verið jafn mikil þörf á því. „Þetta er líka kröfuganga. Við viljum ekki að landið okkar sé notað undir hernað eða hernaðarhyggju og að peningarnir okkar fari í að taka þátt í hernaði. Það hefur engin ríkisstjórn á Íslandi, svo ég muni, gert jafn marga samninga við erlend herveldi um æfingaaðstöðu hér á landi en núverandi ríkisstjórn með tilheyrandi útgjöldum. Sýnist mér nýtt fjárlagafrumvarp benda til þess að útgjöld til Varnarmálastofnunar verði aukin enn frekar," segir Lárus.

Birna Þórðardóttir hefur tekið þátt í friðargöngunni frá upphafi. „Ég man ekki til þess að hafa legið inni á spítala á Þorláksmessu en það væri það eina sem gæti komið í veg fyrir það að ég færi í gönguna. Mér hefur aldrei áður hlotnast sá heiður að fá að ávarpa göngufólk en ég mun fjalla um frið í víðum skilningi." *- ve*



Birna Þórðardóttir hefur tekið þátt í friðargöngunni frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



Garðar Thor Cortes hefur bæst í fríðan hóp tenóra sem syngja á Þorláksmessutónleikum á svölum Gimlis í Kvosinni. Snorri Wiium hefur áður sungið á tónleikunum en auk þeirra verða Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Gissur Páll Gissurarson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tenórar á Gimlissvölum

**Hefð hefur skapast fyrir því að þrír tenórar komi fram á Þorláksmessukvöld og taki lagið. Í þetta sinn verða þeir hins vegar fjórir.**



Guðríður Inga Ingólfsdóttir hefur haft veg og vanda af því að skipuleggja tónleikana í samráði við tenórana og hlakka þau öll til kvöldsins.

Síðustu ár hafa nokkrir af fremstu tenórum þjóðarinnar haldið tónleika á svölum kaffi- og veitingahússins Sólons við góðar undirtektir. Þetta árið verður hins vegar brugðið aðeins út af vananum þar sem tónleikarnir verða haldnir í Kvosinni á svölum Gimlis við útitaflið í Lækjargötu og verða tenórarnir fjórir.

„Tenórarnir eru Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Snorri Wiium, Gissur Páll Gissurarson og Garðar Thor Cortes. Undirleikari er Steinunn Birna Ragnarsdóttir og hefjast tónleikarnir klukkan níu að kveldi. Þetta er um fjörutíu mínútna dagskrá," segir Guðríður Inga Ingólfsdóttir, viðburðafulltrúi á Höfuðborgarstofu.

Ástæðan fyrir breyttri staðsetningu er vegna hagræðingar. „Tónleikarnir eru búnir að festa sig í sessi sem Þorláksmessuhefð og eru fastur liður hjá mörgum, þannig að svæðið fyrir framan Sólon er ekki nógu stórt lengur. Hjá Gimli er mikið rými án þess að stöðva þurfi umferð eða nokkuð annað og því þótti tilvalið að halda tónleikana á svölunum þar. Þá komast fleiri að og fleiri geta notið viðburðarins," útskýrir Guðríður Inga ánægð.

Á boðstólum verða nokkrar af vinsælustu tenóraríum óperubókmenntanna, söngleikjatónlist og að sjálfsögðu hátíðleg jólalög. „Jóhann Friðgeir hefur sungið á þessum viðburði frá upphafi en Garðar Thor er að syngja með í fyrsta skipti. Tenórarnir fjórir hafa þó verið að syngja saman nú í aðdraganda jóla og hafa til dæmis verið með hátíðartónleika í Íslensku óperunni," segir Guðríður Inga.

Tónleikarnir eru lokaviðburður Miðborgarstofu á þessu ári en á Þorláksmessu mun Gabríeliblásturskvintettinn einnig leika víða um bæinn. „Hann spilar ljúfa tóna víðs vegar um miðborgina milli klukkan átta og níu. Síðan er friðargangan klukkan sex, líkt og vant er. Okkar helsti viðburður er hins vegar tónleikar tenóranna," segir Guðríður Inga og hlakkar til að sjá sem flesta í miðborginni í kvöld. *- hs*


Íslenskur saltfiskur
útvatnaður að hætti Spánverja

Saltfisksteikurnar frá Ekta fiski eru sérstaklega útvatnaðar fyrir matreiðslu eins og hún gerist best við Miðjarðarhafið.



Ekta fiskur
PÖNTUNARSÍMI:
466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940





Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

# VAR MARÍA MAGDALENA LÆRISVEINNINN SEM JESÚS ELSKAÐI?

Hér er dregin upp mynd af einni dularfyllstu söguhetju fornaldar. Hvert var hlutverk hennar og tenging við Jesú Krist?

Þórhallur Heimisson beitir aðferðum leynilögreglusögunnar og tekur lesendur með sér í spennandi rannsóknarleiðangur.

Frá aldaöðli hefur María skipað sérstakan sess í huga fólks, jafnt þeirra sem fylgdu söguskoðun kirkunnar og efasemdarmanna.

„... mikill fengur að þessari bók Þórhalls Heimissonar.“
JÓN Þ. ÞÓR, DV




- Reyndi kirkjan að fela sannleikann um Jesú og Maríu Magdalenu?
- Var María kannski vændiskona?
- Hvað varð um Maríu eftir krossfestinguna?

Í bókinni er ýmsum spurningum svarað en að sama skapi vakna margar nýjar. En eitt er víst að María Magdalena hefur markað dýpri spor í mannkynssöguna en margan grunar.

www.Salka.is Salka

Salka/GBÓ

Stórglæsileg sérblöð,
**Skólar og námskeið og Heilsa og lífsstíll**
fylgja Fréttablaðinu í janúar.




6. janúar




8. janúar

**Auglýsendur vinsamlegast hafi samband:**
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Benedikt í síma 512 5411 eða eða benediktj@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga




Ragnheiður Steindórsdóttir hóf jólaundirbúninginn snemma í ár; sendi jólakortin í tíma og smám saman hafa jólagjafirnar skilað sér heim á borð þar sem hún lýkur við að pakka þeim í litríkan jólapappír, ásamt því að skreyta húsið hátt og lágt á Þorláksmessu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hún er drjúg innansleikjan

**Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona heldur fast í hefðir æsku sinnar á Þorláksmessu.**

„Sem barn, og reyndar langt fram á fullorðinsár, fórum við fjölskyldan alltaf á aðalæfingu jólasýningar Þjóðleikhússins á Þorláksmessu, en foreldrar mínir unnu báðir í Iðnó, þar sem ekki voru jólafrumsýningar," segir Ragnheiður um Þorláksmessusiði bernskuáranna. „Úr leikhúsinu fórum við ávallt í skötuveislu hjá Ninna föðurbróður mínum og Gullu, konu hans. Það var dýrðlegur fjölskyldufagnaður með vestfirskri, verulega kæstri skötu, þannig að maður gat rétt almennilega dregið andann, hnoðmör og staupi af brennivíni. Síðan var farið heim að skreyta," segir Ragnheiður sem rekur föðurætt sína vestur í Hnífsdal. „Eiginmaður minn gaf þeim Gullu og Ninna kassa með glerloki, en í honum var hamar sem hlaut nafnið Fnykvari; til öryggis ef maður væri við dauðans dyr úr skötufnyk. Fnykvara fylgdi svohljóðandi vísa:

Þó að skatan skilning teppi
skynfæranna minna,
þessu boði því ei sleppi,
Þorláks, Gullu og Ninna.

Ragnheiði finnst Þorláksmessa sviplaus án skötu, en undanfarin ár hefur skötuveislan færst yfir í hús foreldra hennar, leikarahjónanna Steindórs Hjörleifssonar og Margrétar Ólafsdóttur.

„Mér þykir skata vera herramanns matur og alltaf gaman að tárast yfir henni. Dóttir mín og eiginmaður fá sér kæsta pítsu á meðan við sonurinn förum í skötu, en mér þykir vænt um að smekkurinn haldist áfram meðal afkomenda minna," segir Ragnheiður, sem á annan dag í jólum mun stíga á fjalir Þjóðleikhússins í Sumarljósi eftir Jón Kalman Stefánsson.

„Nú verð ég sjálf að leika á aðalæfingu á Þorláksmessu. Það er sterk hefð hjá leikhúsfólki að mæta og mörgum sem finnst ekki vera jól nema farið sé í leikhúsið. Á eftir förum við í skötuveisluna og aðeins í bæinn til að upplifa andrúmið, en drífum okkur svo heim að klára, því eins og amma mín sagði: „Hún er drjúg innansleikjan"," segir Ragnheiður sem ávallt skreytir heimili sitt á Þorláksmessukvöld. „Krakkarnir harðneita að skreyta fyrr en á Þorláksmessu, eins og tíðkaðist áður meðal þjóðarinnar. Við erum enn í þeim takti og ljúkum öðrum undirbúningi fram eftir, en helst vil ég geta sofið út á aðfangadag og eiga bara eftir að skipta á rúmunum og viðra vel. Það skiptir svo miklu að fá ferskt loft í sængurfötin á jólanótt." *- þlg*

# Ólíkar skoðanir á skötunni

Skatan var á leið í pottinn hjá Vigni Hlöðverssyni og Mike Viney, kokkum á Grand hóteli, enda eiga þeir von á um 300 manns í mat í hádeginu í dag. Mike smakkaði þennan kæsta eðalrétt fyrst í fyrra og kunni alls ekki að meta hann en Vignir er kampakátur.

„Við höfum verið með skötuveislu í mörg ár á Þorláksmessu hér á Grand hóteli. Það hefur verið geysivinsælt og við erum með fullbókað," segir Vignir, sem er yfirmatreiðslumaður á staðnum.



**Þeir Vignir og Mike á Grand hóteli ætla að bera fram þrenns konar skötu fyrir gesti sína í dag. Mike kann ekki að meta fnykinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mike er breskur og kynntist ekki skötu fyrr en á síðasta ári. „Ég var ekki hrifinn," segir hann með áherslu en kveðst samt ætla að standa sína plikt í eldhúsinu, jafnvel þótt hann tárist yfir lyktinni. Skyldu þeir félagar verka skötuna sjálfir? „Nei, við kaupum hana af góðum mönnum sem kunna til verka. Hluti hennar kemur að vestan," segir Vignir, sem býður upp á þrjár gerðir, lítið kæsta, miðlungs og svokallaðan Vestfirðing sem er sú sterkasta. „Við erum líka með saltfisk og nætursaltaðan fyrir viðkvæma og berum fram rófur, kartöflur, rúgbrauð, hangiflot, hamsa og hnoðmör. Þetta á að henta öllum og sumir koma bara til að vera með en ekki vegna aðdáunar sinnar á skötu."

En telur Vignir ekki vont að fylla hótelið af svona vondri lykt rétt fyrir jólin? „Nei, lyktin er fljót að fara. Það er ágæt loftræsting í húsinu og við erum með skötuna á afmörkuðu svæði. Svo er lítill umgangur hér eftir veisluna og fram undir kvöld en þá koma erlendir gestir sem munu dvelja hér yfir jólahátíðina." *- gun*

# Þorláksmessa alltaf einstök

**Laugavegurinn iðar af lífi á Þorláksmessukvöld og er stemmingin jafnan einstök. Búðargluggarnir skarta sínu fegursta og fólk komið í jólaskapið.**


Svava Eyjólfsdóttir, eigandi herrafataverslunar Guðsteins á Laugavegi, er barnabarn Guðsteins sjálfs. Hún hefur eytt Þorláksmessukvöldum í versluninni síðan hún man eftir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Starfsfólk sem er hætt að vinna hjá mér biður jafnan um að fá að vinna á Þorláksmessu því það er svo gaman og góð stemming,“ segir Svava Eyjólfsdóttir, eigandi herrafataverslunar Guðsteins á Laugavegi. Svava er barnabarn Guðsteins sjálfs og hefur því eytt Þorláksmessukvöldum í búðinni síðan hún man eftir sér.

„Þetta er fjölskyldufyrirtæki og verður eins og annað heimili mitt fyrir jólin. Hingað kemur fólk sem tengist fjölskyldunni og fær sér hressingu uppi hjá okkur og svo er alltaf einstök stemming niðri í búðinni. Allt gengur vel fyrir sig þó mikið sé að gera því það liggur svo vel á öllum.“

Verslunin var stofnuð árið 1918 af Guðsteini Eyjólfssyni og vann Eyjólfur sonur hans og faðir Svövu við hlið hans í búðinni frá barnæsku. Svava er því þriðji ættliður sem tekur við. Hún segir verslunina hafa átt sína fastakúnna gegnum árin en á Þorláksmessu reki ný andlit inn nefið.

„Fyrir jólin eru viðskiptavinirnir á öllum aldri að kaupa gjafir. Við höfum einbeitt okkur að eldri kynslóðinni en við erum alltaf með úrval fyrir yngri líka. Mér finnst sérstaklega ánægjulegt hvað unga kynslóðin kemur vel fyrir sig og kann að meta þetta gamla sem er búið að vera til lengi.“

Á Þorláksmessukvöld segir Svava það helsta sem fólk kaupi í jólapakkana vera smávöru eins og bindi og náttföt sem fljótlegt er að velja. Sjálf segist hún þó leita annað í jólagjafainnkaupum sínum en í hillurnar í eigin verslun og er mikið fyrir að gefa bækur í jólagjöf. Hún segir viðskiptin ávallt ganga ánægjulega fyrir sig á Þorláksmessukvöld.

„Ég er með góðan hóp starfsfólks og svo er fólk bara svo glatt og ánægt þennan dag. Allir eru komnir í jólaskapið.“

*- rat*

# Ætlar í veglega veislu


Ólöf ætlar í skötuveislu til systur sinnar og mágs í dag þar sem meðal annars verður farið í alls kyns selskapsleiki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við hjónin erum vön að fara til systur minnar, Hörpu Harðardóttur, og mágs, Brynjars Freys Stefánssonar, í skötuboð í hádeginu. Allt verður þá að vera frágengið svo jólin geti byrjað á Þorláksmessu,“ segir Ólöf Kolbrún Harðardóttir, óperusöngkona og -kennari, sem hlakkar mikið til skötuveislu í dag þar sem um tuttugu vinir og vandamenn ætla að hittast og hafa það gott.

„Við borðum saman allar mögulegar tegundir af skötu sem hafa verið sérvaldar ofan í mannskapinn. Með þessu er svo borin fram heimagerð hamsatólg, gerð í september þegar slátur er tekið, en þá er mörinn bræddur. Þetta er eiginlega aldrei borðað eftir það á árinu, ja nema við sérstök tilefni. Þarna er líka vestfirskur hnoðri, sem er of úldinn fyrir minn smekk.“

Ólöf segist snemma hafa lært að meta skötuna. „Ég lærði að borða skötu hjá föðurafa mínum, Haraldi Jónssyni prentara, sem borðaði hana á laugardögum. Þar sem ég söng í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma var líka til siðs að bera fram skötu og saltfisk í mötuneytinu um helgar allt starfsárið um kring.“

Foreldrar Ólafar tóku svo upp á því að hafa skötu á Þorláksmessu þegar hún komst á fullorðinsár og hélst sá siður á meðan faðir hennar hélt heilsu.

„Harpa og Brynjar tóku síðan við og taka alltaf höfðinglega á móti öllum mannskapnum. Dagurinn hefur síðan smám saman undið upp á sig og gestunum fjölgað. Farið er í skemmtilega selskapsleiki, þar sem gestir þurfa að þola góðlátlegt grín. Ekki er annað hægt að segja en þetta sé virkilega skemmtilegur eftirmiðdagur í faðmi þeirra Hörpu og Brynjars á Þorláksmessu.“

*- rve*
















Hvítar kúlur og stjörnur eru í stíl við stofuna. Svo er hér notuð hvít slaufa í stað hinnar hefðbundnu jólastjörnu á toppi trésins. NORDICPHOTO/GETTY



Gylltur litur er hlýlegur. Hér er gyllt skraut í bland við skreyttar piparkökur á trénu. Einnig er skemmtileg hugmynd að setja lítið tré upp á kassa til að auka veg þess.



Sumir kjósa gervitré og hér hefur verið gengið alla leið með þá hugmynd.



Hvít gervitré eru vissulega svolítið bandarísk en þau fella í það minnsta ekki barrið.



Sannur jólaandi svífur yfir vötnum í þessum bjálkakofa.

# Kertin standa á greinum gul og rauð og blá

**Á Þorláksmessu skreyta margir jólatréð. Öll fjölskyldan sameinast þá í því að greiða úr jólaseríum, koma fætinum í jólatrésstandinn og rifja upp minningar sem fylgja hverju skrauti.**

Engin ein leið er rétt þegar kemur að jólatrésskreytingum. Sumir kjósa stílhreinar skreytingar en aðrir vilja hlaða á jólatréð heimagerðu skrauti úr ranni fjölskyldunnar. Úrval af skrauti í verslunum landsins er ótakmarkað og því ætti fólki ekki að verða skotaskuld úr því að skreyta jólatréð. Það eina sem gæti háð mönnum er valkvíðinn. Hér eru nokkrar myndir af jólatrjám með ýmiss konar skrauti. Nú er bara að velja hvað hentar hverjum.

*- sg*



Rauðar slaufur koma vel út á jólatrénu.



Fjólublár er tískulitur og er jólatréð sannarlega líflegt.



Enn má nálgast síðustu gjafirnar því verslanir eru opnar til klukkan 23 í

# Síðustu gjafakaupin

Einhverjir gætu átt eftir að kaupa síðustu jólagjafirnar í dag. Þeir þurfa þó ekki að örvænta því verslanir verða opnar víðast hvar til kvölds og fram að hádegi á morgun.

Opið verður í **Kringlunni** í dag frá klukkan 10 til 23 og á morgun aðfangadag frá klukkan 10 til 13.

Verslanir Smáralindar verða opnar til klukkan 23 í kvöld og 10 til 13 á aðfangadag.

Á **Laugaveginum** verða verslanir opnar frá klukkan 10 til 23 og á morgun frá klukkan 09 til 12.

Í **Mjóddinni** verður opið í dag frá klukkan 10 til 23 og á morgun frá klukkan 10 til 12.

Verslanir í **Glæsibæ** verða opnar í dag milli klukkan 10 til 23 og á morgun frá 10 til 12.

Í **Firðinum** í Hafnarfirði verður opið í dag frá klukkan 10 til 23 og á morgun frá klukkan 10 til 13.

**Glerártorg** á Akureyri verður opið í dag milli klukkan 10 og 23 og á morgun milli klukkan 10 og 12.

*- rat*



Það er indælt að hita kroppinn með heitri súpu á götum úti á Þorláksmessu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Baráttusúpa fyrir ungt fólk

Ungir jafnaðarmenn bjóða gestum og gangandi upp á rjúkandi heita og ljúffenga súpu í félagsmiðstöð UJ á Laugavegi 66 frá klukkan 18 í dag.

Með súpueldhúsinu vilja þeir vekja athygli á stöðu ungs fólks í kreppunni, en stúdentar búa við mjög lök kjör þar sem námslán duga ekki fyrir lágmarksframfærslu og minnkandi möguleikar eru á vinnu með skóla. Ungir íbúðaeigendur eiga ekki fyrir afborgunum á eignum sínum og ungt, óreynt fólk missir gjarnan fyrst vinnu á tímum sem þessum.

UJ býður því stúdentum og ungu fólki að metta magann, og öllum hinum að sýna samstöðu með þeim.

Í félagsmiðstöð UJ verður kynnt neytendaherferðin Hugsa fyrst, kaupa svo!, en með Dr. Gunna fór UJ í flesta framhaldsskóla landsins til að kynna siðræna og umhverfisvæna neytenda- og kostnaðarvitund.

*- þlg*

## ● ÖRYGGI Í ÖNDVEGI

Þeir sem ætla að aka um langan veg þurfa að huga vel að veðri og færð áður en þeir leggja af stað. Þar eru

Síðurnar www.vegagerd.is og www.vedur.is ásamt textavarpinu eru góðir upplýsingagrunnar. Einnig er ráðlegt að gæta að ljósum, rúðuþurrkum, hjólbörðum, olíu og eldsneyti á farartækinu og láta aðstandendur vita af ferðum sínum.

Skófla og kaðall eru sjálfsagðir ferðafélagar á þessum árstíma. Einnig GSM-sími og vasaljós. Þá er hlýlegur klæðnaður nauðsynlegur og skór sem hæfa aðstæðum. Þetta er meðal þess sem Slysavarnafélagið Landsbjörg bendir fólki á í ferðareglum sínum.



**Betra er að snúa við í tíma en að koma sér í ógöngur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Til leigu frá 01.01.09 3-4 herb. risíbúð í nóatúni v.125 þ.+rafmagn. S. 694 9592

3.herb. Íbúð í miðbæ Rvík. Er laus strax. Verð 100 þús. hiti, Rafm. Húsgj. innifalið. Uppl. í s. 691 6982.

4ra herb íbúð til leigu í Holtabyggð í HFJ. Laus þegar. uppl. 865-7101 Linda

Appartment 90m2 í Garðabæ ósamþ nýleg mjög opin hátt til lofts. V 110þús 8927858

Íbúð/Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

Geymsla fyrir bíla, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Austan Selfoss. Uppl. í s. 897 1731 Ásgeir

**Geymslugámar**
Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhellu 6 • 221 Hafnarfirði
S. 535 2550 • www.hafnarbakki.is

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kisan mín Penny Lane er týndist frá heimili sínu Holtsgötu 25 101 rvk lau 20.des. Hún er blandaður norskur skógarkisi þrílit;svört, brún og hvít, er með rauð ól en er búin að týna merkinu sínu. Hennar er mjög sárt saknað svo ef þið sjáið Penny hringið þá í Sólveigu í síma 6959257.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Stefnumót.is**
Nýr og vandaður vefur fyrir fólk sem vill kynnast með félagsskap, vinskap eða varanleg kynni í huga. Ekkert rugl, engin nekt, ekkert lauslæti. Vertu velkomin/n í heimsókn.

**32 ára strákur**
ljóshærður, í mjög fínu formi, vill kynnast karlmanni. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8759.

**Ný upptaka!**
Ung kona í afar innilegum leik í sófanum sínum! Njóttu lífsins með henni í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, miklu ódýrara), upptökunúmer 8754.

**Kona á miðjum aldri,**
blíð og góð, ágætlega stæð, búsett rétt utan Reykjavíkur, vill kynnast einhleypum karlmanni sem er með allt sitt á hreinu, bæði fjárhagslega og á aðra vegu. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8904.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

## Til sölu

**Rekstur á veislusal og veitingaþjónustu**

Hestamannafélagið Fákur leitar að rekstraraðila fyrir veitingaþjónustu í Reiðhöllinni í Víðidal.

Um er að ræða rekstur á veislusal sem tekur um 120 - 140 manns í sæti og kaffistofu í samstarfi við Hestamannafélagið Fák. Nokkrir fjölmennir viðburðir eru á hverju ári í Reiðhöllinni þar sem veitingarsala og sjoppa er opin og einnig þyrfti að þjónusta hestamenn í Hestamannafélaginu Fáki. Veislusalurinn hefur undanfarið verið í útleigu fyrir ýmsa viðburði s.s. afmæli, fermingar, brúðkaup, starfsmannaveislur osfrv.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á netfanginu fakur@simnet.is

**Umsóknarfrestur er til 30. des. 2008**

## Til sölu

**Vantar þig hlýlega jólagjöf handa fjölskyldunni eða starfsfólkinu?**

**Þá er kínverska fótanuddið tilvalin gjöf!**

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Virka daga 11.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

**Bjóðum einnig 20% afslátt af gjafakortum í desember.**

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



# Áramóta annáll Markaðarins

**Kemur út 30. desember**




## Meðal efnis í blaðinu:

- Innlendur og erlendur viðskiptaannáll.
- Viðskiptamaður ársins valinn og ítarlegt viðtal við hann birt í blaðinu.
- Bestu og verstu viðskiptin á árinu.
- Greinar frá forkólfum viðskiptalífsins. Árið gert upp og horft fram á veginn.

## Auglýsendur athugið!

Tryggið ykkur auglýsingapláss í tíma. Nánari upplýsingar veitir Örn Geirsson, netfang: orn@frettabladid.is, sími: 512 5448.

FRÉTTABLAÐIÐ



Forsvarsmenn fyrirtækisins ákváðu að styrkja Barnaspítalasjóð Hringsins með peningum sem annars hefðu farið í jólagjafir til viðskiptavina.

# Kemur í góðar þarfir

Portfarma, minnsta samheitalyfjafyrirtæki landsins, afhenti Barnaspítalasjóði Hringsins 500.000 króna peningagjöf síðastliðinn föstudag.

Ragna Eysteinsdóttir, formaður Hringskvenna, veitti gjöfinni viðtöku í litlu kaffisamsæti sem haldið var í kaffistofu Barnaspítalans. Hún sagði að gjöfin kæmi í góðar þarfir þar sem verkefni sjóðsins væru mörg og að ekki væri útlit fyrir að þeim færi fækkandi á næstunni.

Fyrir tilkomu Portfarma var lítil samkeppni á lyfjamarkaði hérlendis, en allir stærstu lyfjaframleiðendurnir höfðu þá runnið inn í Actavis.

Ávinningurinn af samkeppninni hefur verið umtalsverður. Lyfjakostnaður greiddur af ríkinu hefur lækkað verulega í þeim flokkum þar sem Portfarma hefur boðið upp á samheitalyf.

Meðal þeirra lyfja sem Portfarma framleiðir eru geðlyf, hjartalyf og verkjalyfið íbúprófen Portfarma, sem selt er í lausasölu.

# Hilmir er allur

Báturinn Hilmir ST-1 var rifinn með stórvirkri skurðgröfu á Hólmavík í síðustu viku. Niðurrifið fór fram samkvæmt ákvörðun sveitarfélagsins. Báturinn hefur staðið á landi á Hólmavík frá árinu 1996. Þá var ætlunin að nota hann í ferðaþjónustu sem eins konar sýningargrip og varðveita hann til minningar um sögu útgerðar á Hólmavík.

Hilmir var smíðaður 1942 og hafði smíðanúmer 1 úr dráttarbrautinni í Keflavík. Tveimur árum síðar á sjómannadegi árið 1944, kom hann til Hólmavíkur. Í hálfa öld var hann gerður út frá Hólmavík.

Báturinn hefur verið vinsælt myndefni ferðamanna í öll þessi ár og tók blaðamaður strandir.is síðustu myndirnar af þessum sögufræga bát.

Frétt af www.strandir.is.




Báturinn var rifinn með stórvirkri skurðgröfu á Hólmavík.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Ólafsdóttir Hjartar**

frá Þingeyri,

lést á Vífilsstöðum 19. desember.

**Þórður Eiríksson** **Guðbjörg Haraldsdóttir**
**Margrét Eiríksdóttir**
**Edda Eiríksdóttir** **Gunnar G. Smith**
**Sigríður Eiríksdóttir** **Þórarinn Eyþórsson**
**Björk Eiríksdóttir** **Curtis Ólason**
**Sæunn Eiríksdóttir** **Gísli I. Gíslason**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Elskuleg dóttir mín, systir, mágkona og frænka,*

**Sigríður Hulda Sigurþórsdóttir**

Mururima 4, Reykjavík,

lést föstudaginn 19. desember.

**Guðrún Karlsdóttir**
**Áslaug Sigurþórdóttir** **Hannibal Kjartansson**
**Gunnar Sigurþórsson** **Ragnheiður Sigurþórsdóttir**
**og systkinabörn.**



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Einarsdóttir,**

Heiðarvegi 56, Vestmannaeyjum,

sem lést á Landspítalanum 18. desember, verður jarðsungin frá Landakirkju í Vestmannaeyjum mánudaginn 29. desember kl. 14.00.

**Hallgrímur Þórðarson**
**Þórður Hallgrímsson** **Anna Friðþjófsdóttir**
**Einar Hallgrímsson** **Margrét Íris Grétarsdóttir**
**Halldór Hallgrímsson** **Guðrún Kristmannsdóttir**
**Jónína Hallgrímsdóttir** **Þórir Magnússon**
**Heimir Hallgrímsson** **Íris Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ólafía Sigurbjörg Ólafsdóttir**

Lækjasmára 21,

lést sunnudaginn 21. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Svanhvít Ásta Jósefsdóttir** **Ásgeir Ólafsson**
**Björn Ingi Jósefsson** **Dóra Ásgeirsdóttir**
**Ólafur Jósefsson** **Steinunn Svanborg Gísladóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Tryggvi Marteinsson Tausen**

Þverbrekku 4, Kópavogi,

lést á líknardeild LHS sunnudaginn 21. desember. Jarðarför auglýst síðar.

**Ingibjörg Hafberg**
**Anna D. T. Tausen** **Gísli Björnsson**
**Vilborg Á. T. Tausen** **Ásbjörn Jensson**
**Marteinn Ó. T. Tausen** **Vignir L. Jónsson**
**Tryggvi Dór, Sigurbjörn, Ingibjörg Huld, Elmar Gísli, Egill og Sólveig.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför okkar ástkæru, sambýliskonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Málhildar Sigurbjörnsdóttur**

Heiðarbrún, áður Holtsgötu 14 a, Reykjavík.

**Arthúr Karl Eyjólfsson**
**Sigmundur Karlsson** **Linda B. Sigurðardóttir**
**Unnur Sigurbjörg Karlsdóttir**
**Karl Sesar Karlsson** **Þorbera Fjölnisdóttir**
**Þóra Lind Karlsdóttir** **Salómon V. Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt okkur hlýhug, vináttu og samúð við fráfall ástkærs eiginmanns mín, föður, tengdaföður og afa,*

**Harðar Jónassonar**

húsasmíðameistara og kennara
Mánabraut 6, Kópavogi.

Sérstakar þakkir eru færðar því starfsfólki sem annaðist hann á Landspítalanum við Hringbraut og líknardeild LSH Kópavogi. Óskum ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar.

**Sigrún Eliseusdóttir**
**Ellert Ingi Harðarson** **Oddný Jóna Þorsteinsdóttir**
**Jónas Freyr Harðarson** **Anna Soffía Reynisdóttir**
**Hörður Már, Sigrún og Aðalbjörg Ellertsbörn**
**Unnsteinn Freyr, Hjördís María og Dagbjört Ásta Jónasarbörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Oddbjörg Sigurðardóttir**

Bræðraborgarstíg 5, Reykjavík,

lést á deild B-4 Landspítalanum, Fossvogi, laugardaginn 20. desember. Útförin auglýst síðar.

**Halldór S. Aðalsteinsson**
**Guðmundur Kr. Aðalsteinsson** **María Eygló Jónsdóttir**
**Aðalsteinn R. Aðalsteinsson** **Bergrós Hilmarsdóttir**
**Sigdóra Jóna Aðalsteinsdóttir** **Jóhann Guðmundsson**
**Ingibjörg Guðrún Aðalsteinsdóttir**
**Kristín Pálína Aðalsteinsdóttir** **Reynir Baldursson**
**Halldór Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Teitur Magnússon**

skipstjóri, Kirkjulundi 8, Garðabæ,

lést á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, laugardaginn 20. desember.

**Guðný Sæmundsdóttir**
**Margrét Teitsdóttir** **Jón Ásgeir Eyjólfsson**
**Magnús G. Teitsson** **Erla S. Ragnarsdóttir**
**Oddný S. Teitsdóttir** **Ari F. Steinþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkæri maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Egill Guðmundsson**

bóndi, frá Króki í Grafningi,
til heimilis að Skúlagötu 40b,

lést 21. desember. Útför verður auglýst síðar.

**Svala Marelsdóttir**
**Birgir Egilsson** **Sigríður Guðlaugsdóttir**
**Tómas Egilsson** **Ingibjörg Sigurunn**
**Elfa Egilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Anna Tryggvadóttir**

Hamraborg 32, Kópavogi,

lést á Hrafnistu Vífilsstöðum mánudaginn 15. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 29. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hinnar látnu láti líknarstofnanir njóta þess.

**Tryggvi M. Þórðarson** **Selma Þórðardóttir**
**Agnes Þöll Tryggvadóttir** **Hjalti Lýðsson**
**Þórður M. Tryggvason**
**Egill Andri Tryggvason**













NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmunsson

# „Hann Corbin Bernsen sagði mér ...“

Íslendingar hafa oft komist ansi nálægt heimsfrægð, eins og sést á þessari frétt úr Morgunblaðinu frá ágúst 2006, um hljómleika Sigur Rósar í Los Angeles:

*Fræga fólkið í Hollywood lét sig ekki vanta, Ron Jeremy, Eric Szmanda (CSI: Las Vegas) og leikarinn Jason Schwartzman (Rushmore) voru á meðal áhorfenda en þarna voru einnig nafntogaðir Íslendingar, svo sem Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona úr KR, Sigurjón Sighvatsson athafnamaður og Gottskálk Dagur Sigurðarson leikari. (Mbl., 22/8/06).*



Vá! Mánuði fyrr hafði Fréttablaðið greint frá ævintýralegum sigrum Arnórs G. Bieltvedt í myndlistarheimi Chicago, undir fyrirsögninni „Málar fyrir stjörnurnar“:

*Arnór nefnir að meðal þeirra sem hafa eignast verk eftir hann séu leikarinn Tim Kazurinsky, sem ætti að vera aðdáendum Lögregluskólans að góðu kunnur, leikkonan Jessica Harper, sem komið hefur fram í myndum á borð við Minority Report, Bruce Jarchow sem brugðið hefur fyrir í þáttum á borð við Desperate Housewifes og Seinfeld og Jimmy Arias, sem var í fimmta sæti á styrkleikalista Alþjóða tennissambandsins árið 1984. (Fbl., 21/7/06).*

Tvöfalt vá!! „Það er ekki hægt að komast mikið hærra í þessu. Það hverfur allt egó út um gluggann í einum grænum, maður fyllist bara auðmýkt,“ var haft eftir trommuleikaranum Gunnari Waage í Fréttablaðinu í ágúst síðastliðnum, þegar út spurðist að Derek Sherinian myndi stýra upptökum á þriðju sólóplötu Gunnars:

*Sheninan er virtur upptökustjóri og hefur meðal annars tekið upp plötur með Simon Philips, trommara Toto. (Fbl., 18/8/08).*

Vá vá vá!!! Hvað næst?, segi ég nú bara.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




GLÆSILEG NÝ
JÓLATILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
OPIÐ Í DAG FRÁ 10-19
EINN KASSI Á MANN
HVERGI BETRA VERÐ
Verbatim
PHOTO PRINTABLE DVD+R
16X
CERTIFIED
10DVD ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI 1.490
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
HVERGI BETRA VERÐ
ARGOSY
500GB SJÓNVARPS FLAKKARI 29.900
JÓLA KVEÐJUR
ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR OG ÖÐRUM LANDSMÖNNUM GLEÐILEGRA JÓLA
HVERGI BETRA VERÐ
10% AF ÖLLUM STÝRIPINNUM TILBOÐ
OPNUNARTÍMAR
OPIÐ Í DAG
10:00 - 19:00
Aðfangadag
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is




KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni í dag 23. des:

| Krónan Höfða | Krónan Lindum | Krónan Granda | Krónan Árbæ |
|---|---|---|---|
| 10-22 | 10-22 | 10-22 | 11-22 |




| Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Akranesi | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |
|---|---|---|---|---|---|
| 11-22 | 11-22 | 10-22 | 10-22 | 11-19 | 11-18 |

**Kl. 22**

*Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens verða haldnir í Háskólabíói í kvöld. Í meira en tuttugu ár hefur Bubbi haldið þessari hefð sinni á Þorláksmessunni og eru tónleikarnir orðnir fastur liður í jólaundirbúningnum hjá aðdáendum hans. Bubbi hefur verið þekktur fyrir að ræða málin opinskátt á þessum tónleikum og verður væntanlega engin breyting á í kvöld. Að venju verður útvarpað frá tónleikunum á Bylgjunni. Miðaverð er 2.900 krónur og fást miðar á vodafone.is og í verslunum Vodafone.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# Ný tónleikamynd

Ný tónleikamynd með Sigur Rós er í undirbúningi. Leikstjórinn heitir Vincent Morrisset, sá hinn sami og tók upp myndband við lag kanadísku sveitarinnar Arcade Fire, Neon Bible.

Morrisset tók upp tvenna tónleika Sigur Rósar í London í síðasta mánuði sem hann mun klippa til á næstunni og búa til heilsteypta tónleikamynd. Ekki hefur verið ákveðið hvenær myndin kemur út en ljóst er að hún verður ekkert í líkingu við heimildarmyndina Heima, þar sem ýmislegt annað spilaði inn í en bara frammistaða sveitarinnar á tónleikum.





**Menningarmiðstöðin Gerðuberg**
**opnunartími sýninga um hátíðarnar**

| | | |
|---|---|---|
| 23. desember | Þorláksmessa | 11-17 |
| 24. desember | Aðfangadagur | LOKAÐ |
| 25. desember | Jóladagur | LOKAÐ |
| 26. desember | Annar í jólum | LOKAÐ |
| 27. desember | Laugardagur | 13-16 |
| 28. desember | Sunnudagur | 13-16 |
| 29. desember | Mánudagur | 11-17 |
| 30. desember | Þriðjudagur | 11-17 |
| 31. desember | Gamlársdagur | LOKAÐ |
| 1. janúar | Nýársdagur | LOKAÐ |
| 2. janúar | Föstudagur | LOKAÐ |

Þökkum ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða

*Gleðileg jól*

Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs

GERÐUBERG

Gerðubergi 3-5 | Sími 575-7700 | www.gerduberg.is | gerduberg@reykjavik.is


# Uppgjör meints glæpakvendis



**UMDEILD** Erla Bolladóttir hefur gefið út ævisögu sína.

Ekki er ofsögum sagt að Erla Bolladóttir hafi á sínum tíma verið fyrirlitnasta kona landsins, eins og fram kemur á kápu nýútkominnar ævisögu hennar. Sem ein af aðalpersónunum í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, umtöluðustu sakamálum síðari tíma hér á landi, hefur Erla verið tíður gestur milli tanna á slúður- og skandalaþyrstum almenningi í yfir þrjá áratugi, þótt lægst hafi stjarnan hnigið á áttunda og níunda áratugnum.

Ævisagan, sem ber hinn skemmtilega tvíræða titil Erla, góða Erla, skiptist í raun í fjóra hluta. Eðli málsins samkvæmt eru Guðmundar- og Geirfinnmálin fyrirferðarmest, og gerir Erla vel í að ljóstra upp ýmsum upplýsingum og smáatriðum um innviði hinnar viðamiklu lögreglurannsóknar og fangelsisvistarinnar sem fylgdi í kjölfarið. Sem slík er sagan skyldulesning fyrir áhugamenn um málið og ætti að treysta enn í sessi þá viðteknu skoðun að í úrvinnslunni hafi átt sér stað allsherjar klúður, mannréttindabrot og dómsmorð. Meðal annars minnist Erla í fyrsta sinn opinberlega á kynferðislega misnotkun sem hún varð fyrir meðan á langri gæsluvarðhaldsvist hennar stóð, en lætur lesendum eftir að reikna út hver rannsóknarmanna átti þar í hlut.

Ekki minna áhugavert er þó að fræðast um uppvöxt Erlu og þá runu atburða sem varð til þess að hún missti smám saman sjónar á beinu línunni bragðvísu. Áföll af ýmsu tagi virðast varða veginn fram á unglingsár og rennir frásögnin stoðum undir þá kenningu Erlu að henni hafi ungri lærst að til einskis væri að lifa flekklausu lífi; allt væri dæmt til að fara til fjandans á endanum. Þetta atriði fær aukið vægi þegar haft er í huga hversu mjög í mun Erlu var að þóknast rannsóknaraðilum í Guðmundar- og Geirfinnsmálum með fölskum játningum. Þó kemur Erla þessu til skila án þess að beri um of á sjálfsvorkunn eða afneitun. Hún horfist í augu við galla sína, og er það gegnumgangandi í sögunni.

Þegar Erla hafði setið af sér dóm sinn tóku við nokkur ár í viðjum fíkniefnaneyslu á fjarlægum ströndum. Þessum tíma í lífi hennar er oft og tíðum óþægilega hreinskilnislega gerð skil, enda líferni sem fæstir þekkja af eigin raun. Fór svo á endanum að Erla fann frið í trúnni, hjálparstörfum og maraþonhlaupum, og einblína lokakaflar bókarinnar á þetta lífsskeið. Þeir kaflar eru fráleitt jafn krassandi og hinir fyrri, og mögulega of margir og langir, en réttlætanlegt er að þjörtu hliðunum séu gerð skil ekki síður en þeim dökku.

Erla, góða Erla segir sögu af helst til viðburðaríku lífshlaupi rúmlega fimmtugrar konu, sem þrátt fyrir alla sína vankanta kemur lesendum fyrir sjónir sem bæði dugleg og hugrökk. Hreinskilni er slíkri sögu nauðsynleg og er í lykilhlutverki hér.

**Kjartan Guðmundsson**




**BÓKMENNTIR**
**Erla, Góða Erla**
Erla Bolladóttir
★★★★
Áhugaverð ævisaga einnar umtöluðustu konu landsins. vel skrifuð og hreinskilin.

# Galsi og hraði

Fjóli Fífils einkaspæjari er mættur til leiks öðru sinni. Með honum í för er Fornfríður vinkona hans og hinn dyggi ofurhamstur Pedró. Sögurnar af Fjóla eru í teiknimyndastíl. Söguþráðurinn er hraður, allar lýsingar litríkar og myndrænar og samtölin lík því að geta átt heima í talsetningu í teiknimynd. Sögupersónurnar eru ýktar rétt eins og söguþráðurinn. Sagan daðrar aðeins við raunveruleikann, í lausn sakamálsins koma bæði Rússland og Noregur við sögu, þó að staðarheiti í sögunni sé að finna í hvorugu landinu. Fornfríður er vel að sér í öllu sem er fornt og veit hvar á að leita heimilda.

Gátan sjálf tengist norrænni goðafræði. Þrátt fyrir að goðafræðin sé sannarlega ekki raunsæisleg verður vísanin til hennar til þess að hægja mátulega á hraðanum í sögunni. Höfundur ætlar sér greinilega stóra hluti með Fjóla og hans fólk. Rétt eins og fyrri bókin gaf fyrirheit um framhald bendir margt til þess í lok bókarinnar að framhalds megi vænta.

Kristjana hefur fengið nýjan myndskreyti til liðs við sig. Eva Kristjánsdóttir myndskreytir þessa bók en fylgir þeim stíl sem Ingi Jensson lagði upp með í fyrstu bókinni um spæjarana. Eva er söguni trú og myndirnar líkar því að vera klipptar út úr teiknimynd. Hver veit nema aðdáendur Fjóla Fífils megi eiga von á því að sjá hetjuna hreyfast á skjánum einhvern daginn.

Fjóli Fífils er hröð og galsafull spennusaga, þar sem teiknimyndaheimurinn mætir heimi skáldsagnanna.

**Hildur Heimisdóttir**




**BÓKMENNTIR**
**Fjóli fífils - Lausnargjaldið**
Kristjana Friðbjörnsdóttir
★★★
Hröð og galsafull spennusaga.


# Íslensk list
er jólagjöfin í ár



Hallur Karl Hinriksson



Daði Guðbjörnsson

LISTMUNASALA fold

Opið er í Galleríi Fold á Rauðarárstíg til kl. 22
alla daga fram að jólum, opið á Þorláksmessu til kl. 23

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is
Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnum kl.10.00 í dag
KJARNAFÆÐI
KJARNAFÆÐI KOFAREYKT HANGIKJÖT
25% AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
1424 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
20% AFSLÁTTUR
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
2398 kr./kg.
MERKT VERÐ 2998 KR./KG.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
20% AFSLÁTTUR
ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
1838 kr./kg.
MERKT VERÐ 2298 KR./KG.
Holda KALKÚNN
959
FROSINN ÍSLENSKUR
KALKÚNN
959 kr./kg.
Gljái fyrir hamborgarhrygg
Kartöflu Gljái
259
KF SYKURGLJÁI FYRIR
KARTÖFLUR 550g 259 kr.
KF HAMBORGARHRYGGS
GLJÁI 320g 259 kr.
norðanfiskur Lax
30% AFSLÁTTUR
NF REYKTUR LAX 1259 kr./kg.
Jólaís
595
EMMES JÓLAÍS 1,5 litrar 595 kr.
Ávaxta SALAT
Waldorf SALAT
359
KF WALDORFSALAT 350g 359 kr.
KF ÁVAXTASALAT 280g 359 kr.
BÓNUS ÍSTERTA
598
BÓNUS ÍSTERTA 8 MANNA 598 kr.
norðanfiskur Lax
30% AFSLÁTTUR
NF GRAFINN LAX 1259 kr./kg.
BRAGÐAREFUR
1 LÍTRI
BÓNUS
259
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR
1 ltr. 259 kr.
ÍSLANDS NAUT
30% AFSLÁTTUR
UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
559 kr. MERKT VERÐ 798 KR./KG.
129 kr. stk
NÝBAKAÐ BAGUETTE
ALLA DAGA Í BÓNUS
ALLIR BESTU MOLARNIR
Í EINUM KASSA.
1598
NÓA KONFEKT 650 GR
1598 kr.
Diletto
298
DILETTOKAFFI 400g 298 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: ÞRIÐJUDAGUR FRÁ 10.00 TIL 22.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið til kl.22.00




30% AFSLÁTTUR

MEÐ BEINI 1329 kr./kg.
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

Ali

## HAMBORGAR-HRYGGUR

## 30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN




30% AFSLÁTTUR

ÚRBEINAÐUR 1749 kr./kg.
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans




30% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSGRÍS HAMBORGARHRYGGUR 1329 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

norðanfiskur

SKELFLETTUR HUMAR

**3998 KR./KG.**



## NÝTT Í BÓNUS KALKÚNABRINGA



2498

K.B. FROSIN KALKÚNABRINGA
2498 kr./kg.




2498

USA KALKÚNABRINGA
ELDUÐ 2498 kr./kg.

**AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS:**

| | |
|---|---|
| Aðfangadagur: | 09.00-12.00 |
| 27. des. laugard. | 10.00-18.00 |
| 28. des. sunnud. | 12.00-18.00 |
| 29. des. mánud. | 12.00-18.30 |
| 30. des. þriðjud. | 10.00-20.00 |
| Gamlaársdagur | 10.00-14.00 |

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: ÞRIÐJUDAGUR FRÁ 10.00 TIL 22.00

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

## > RIHANNA BEST KLÆDD

Lesendur heimasíðunnar Entertainmentwise.com hafa kosið söngkonuna Rihanna best klæddu stjörnu ársins. Auk þess að hafa góðan tónlistarsmekk kann Rihanna einnig þá list að velja á sig föt og virðist allt ganga upp sem hún klæðir sig í. Fótboltatöffarinn David Beckham komst í annað sætið og hjartaknúsarinn Brad Pitt endaði í því þriðja. Aðrir sem komust ofarlega á listann voru Suri Cruise, dóttir Toms Cruise og Katie Holmes, og söngkonan Beyoncé Knowles.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Andrea opnar eigin vefverslun

„Ég flutti út sumarið 2007 til að læra fatahönnun í Margrethe-hönnunarskólanum í Kaupmannahöfn," segir Andrea Magnúsdóttir sem hefur opnað sína eigin vefverslun á síðunni andrea.is, þar sem hún selur bæði fatnað og fylgihluti sem hún hannar.

„Ég er alltaf að sauma eitthvað og fékk margar fyrirspurnir um hvar ég væri að selja svo ég ákvað bara að kýla á þetta. Planið var alltaf að vinna undirbúningsvinnu á meðan ég væri í skóla og vinna svo hjá sjálfri mér eftir útskrift," segir Andrea sem hefur setið stíft við saumaskap upp á síðkastið.

„Ég gerði alls kyns tilraunir með að láta sauma fyrir mig víðs vegar um heiminn svo sumt á síðunni er framleitt úti. Þegar kreppan kom breyttust hins vegar allar forsendur og þá þurfti maður bara að gera eins og í gamla daga og sauma sjálfur," útskýrir Andrea. „Eins og staðan er núna langar mig að koma heim eftir jól og opna saumastofu. Akkúrat núna væri það mjög spennandi kostur, því á einni nóttu breyttist það frá því að vera dýrasti kosturinn yfir í að vera sá hagkvæmasti. Mig langar líka rosalega að geta boðið Íslendingum upp á íslenska hönnun á viðráðanlegu verði," bætir hún við. Andrea verður í snyrtivöruversluninni Andorru á Strandgötu í Hafnarfirði í dag milli 16 og 22, þar sem fólki gefst tækifæri til að máta og prófa það sem fæst í verslun hennar á andrea.is. - ag



**FLINK Í HÖNDUNUM** Andrea hannar og saumar sjálf bæði föt og fylgihluti sem hún selur í vefverslun sinni á andrea.is.

# Carrey beint á toppinn

**Nýjasta gamanmynd Jims Carrey, Yes Man, fór beint í efsta sæti norður-ameríska aðsóknarlistans um síðustu helgi. Myndin fjallar um mann sem ákveður að umturna lífi sínu með því að segja „já" við öllu.**

**Næstvinsælasta myndin var Seven Pounds með Will Smith í aðalhlutverki.**

**Hún aflaði sextán milljóna dollara, sem er lélegasti árangur nýrrar myndar frá Smith í sjö ár. Kenna má stórhríð, sem gekk yfir norðaustur Bandaríkin um helgina, um hluta af óförunum.**

**Þriðja vinsælasta myndin var The Wrestler með Mickey Rourke í aðalhlutverki. Hefur hún fengið mjög góða dóma og þykir Rourke líklegur til að verða tilefndur til Óskarsverðlauna.**

# Undirbýr sína fyrstu plötu

Listamaðurinn Jón Sæmundur Auðarson hefur gefið út nýtt lag, Dead Mantra, og gert myndband við það. Stefnir hann á útgáfu sinnar fyrstu plötu á næsta ári undir hljómsveitarnafninu Buddhachrist.

„Þetta var alltaf draumur hjá manni þegar maður var lítill," segir Jón. „Ég byrjaði í fyrra í kringum Brian Jonestown Massacre-dæmið þegar ég söng eitt lag inn á disk með þeim. Það má segja að það hafi kveikt í mér," segir Jón, sem söng einnig með sveitinni á Glastonbury-hátíðinni í Bretlandi og á tónleikum í New York.

Honum til aðstoðar í Dead Mantra er Henrik Björnsson, söngvari Singapore Sling, auk þess sem félagar hans úr bandarísku hljómsveitinni Sunsplit koma við sögu. Einnig notast hann við barkasöng frá Tíbet.

Texti lagsins er einfaldur, þar sem konsept-setning Jóns er í fyrirrúmi: „Sá sem óttast dauðann kann ekki að njóta lífsins." Er hún bæði sungin á íslensku og þýsku. Jón vildi einnig að grænlensk útgáfa af textanum kæmi við sögu en varð ekki að ósk sinni.

„Þeir þýddu þetta en þetta var á skjön við þeirra trúarbrögð og þeir vildu ekki syngja þetta," segir hann. Einnig má geta þess að lagið er hluti af verki Jóns í Listasafni Reykjavíkur.

Nýja platan verður ekki tekin upp í hefðbundnu hljóðveri heldur í myndlistarstúdíói Jóns sem er skreytt með beinum og hauskúpum frá Tíbet. „Það er galdur í loftinu. Fólk sem kemur og aðstoðar mig við gerð plötunnar fer inn á vissa tíðni og svo er ég tónlistarstjórnandinn," segir hann. - fb



**JÓN SÆMUNDUR** Jón hefur gefið út nýtt lag sem kallast Dead Mantra. Stefnir hann á útgáfu sinnar fyrstu plötu á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gefur út ævisögu sína

Brian Johnson, söngvari AC/DC, hefur ákveðið að rita endurminningar sínar. Nýverið undirritaði hann samning við bókaforlagið Penguin Book um útgáfu á þeim.



**BRIAN JOHNSON**

Hann segir að bókin muni ekki fjalla eingöngu um rokk og róllífstílinn með AC/DC. „Ég er hrifinn af góðum húmor og bílar hafa einnig verið stór hluti af mínu lífi," sagði hann. „Ég er svo heppinn að ég hef getað keypt suma af þeim sjaldgæfustu. Í staðinn fyrir að taka inn eiturlyf einbeitti ég mér að bílum. Ég er heldur ekki viss um hvort er dýrara."





Gleðileg jól
í faðmi fjölskyldunnar

# JOE BOXER®

Kringlan • Smáralind

og Hagkaup: Holtagarðar Kringla Akureyri Njarðvík Skeifan Smáralind Borgarnes Garðabær
+ Gallerí Ozone, Akranesi - Efnalaug Suðurlands - Perlusól, Egilstaðir




# Stórsveitin semur við köttinn

Stórsveit Nix Nolte hefur gengið frá útgáfusamningi við enska plötufyrirtækið Fat Cat. Mun önnur skífa hljómsveitarinnar, Royal Family – Divorce, koma út með vorinu bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi, en platan kom út á Íslandi í fyrra. „Við erum gríðarlega ánægð með þessi tíðindi,“ segir Ólafur Björn Ólafsson, trommuleikari sveitarinnar. „Þetta er staðfesting á gæðum plötunnar okkar, auk þess sem við erum miklir aðdáendur Fat Cat.“



**KOMIN TIL KATTARINS** Stórsveitin Nix Noltes hefur samið við Fat Cat.

Fat Cat hefur gefið út listamenn á borð við Animal Collective, The Bug og No Age, að ógleymdum plötum með bæði Sigur Rós og múm. Framúrstefnurokk og hávaðamúsík hefur verið aðal útgáfunnar svo léttleikandi og lífsglatt Balkanskaga-þjóðlagapopp Nix Noltes stingur dálítið í stúf við annað efni hjá kettinum. Að sögn Ólafs er ætlunin að fylgja eftir útgáfunni með tónleikaferð beggja vegna Atlantsála með viðkomu á Fróni. Tónleikaferðin verður farin með hækkandi sól. - drg

# Íslenska Eurobandið slær í gegn á Eurovision-vefsíðu

**Eurovision-vefsíðan esctoday.com hefur tilkynnt hvaða atriði eru tilnefnd til Eurovision-verðlaunanna. Íslenska Eurobandið fær sjö tilnefningar, þar á meðal fyrir besta lagið.**



**EFTIRMINNILEG** Friðrik Ómar og Regína voru eftirminnileg á sviðinu í Belgrad og Eurovision-nördar hafa tilnefnt þau til sjö verðlauna.

„Þetta er auðvitað frábært og gaman að sjá að fólk skuli muna eftir okkur,“ segir Friðrik Ómar, annar söngvari Eurobandsins. Eurobandið fær sjö tilnefningar í fimmtán verðlaunaflokkum. This Is My Life, er tilnefnt sem lag ársins og sem besta europopp-lagið. Flutningur þeirra Regínu Óskar og Friðriks er einnig tilnefnt auk þess að vera tilnefnd í flokknum besta hljómsveitin eða dúett og besti söngur hljómsveitar eða dúetts. Myndbandið og klæðaburðurinn fá svo einnig sína tilnefninguna hvor. Friðrik er nokkuð viss um af hverju klæðaburðurinn sé þarna. „Það eru upphandleggirnir, ekki nokkur spurning,“ segir Friðrik en sjálfur Gillzenegger hafði dáðst að því hversu miklum framförum þeir höfðu tekið í aðdraganda aðalkeppninnar í Belgrad fyrr í sumar.

ESCtoday.com er samfélag fólks sem lifir og hrærist í sínum Eurovision-heimi en þetta er í þriðja sinn sem vefsíðan blæs til þessara verðlauna. Eðli málsins samkvæmt hafa Íslendingar ekki riðið feitum hesti frá þessum verðlaunum en þó má nefna að Eiríkur Hauksson var kosinn annar besti söngvarinn í fyrra. Sigurvegararnir verða tilkynntir á morgun, aðfangadag, en eins og flestir Íslendingar er Friðrik nokkuð önnum kafinn þá við að keyra út jólapakka. „En ætli ég stelist ekki til að kíkja á síðuna rétt fyrir klukkan sex.“

Þúsundir manna taka þátt í kosningunni en talið er að yfir þrjátíu þúsund manns séu skráðir á vefsíðuna og í gær höfðu fjórtán þúsund greitt atkvæði í kosningunni. Friðrik er í raun gáttaður á hversu mikið líf er eftir Eurovision-keppni. Menn geti haft töluvert að gera við það að spila fyrir Eurovision-aðdáendur. „Það eru einhverjir þrjátíu klúbbar víðs vegar um Evrópu sem halda nafni keppninnar á lofti,“ segir Friðrik en Eurobandið fer meðal annars til München, Gautaborgar og Brussel eftir áramót þar sem það spilar fyrir Eurovision-aðdáendur. Og það er ekki eins og hljómsveitin hafi lognast út af eftir keppnina því þau eru nú í hljóðveri að taka upp plötu með sautján Eurovision-slögurum sem ráðgert er að komi út í febrúar. Friðik segir þau annars fara hægt yfir enda ber Regína barn undir belti. „Því hefur reyndar verið haldið fram á einhverjum síðum að ég sé pabbinn. Aðrir eru hins vegar handvissir um að við séum systkini,“ segir Friðrik. freyrgigja@frettabladid.is







* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2008 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 23. jan. 2009.
Jólapakkatilboð gildir til Boston, New York, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, London, Manchester, Frankfurt, Parísar og Amsterdam.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–11.200 Vildarpunkta.






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Margrét Kara valdi að fara í KR

Kvennalið KR í körfubolta fékk mikinn liðsstyrk í gær þegar landsliðskonan Margrét Kara Sturludóttir ákvað að ganga til liðs við Vesturbæjarliðið. Margrét Kara hóf tímabilið með bandaríska háskólaliðinu Elon en er nú komin aftur heim og valdi að fara í KR frekar en að snúa aftur til Keflavíkur. Kara er uppalinn Njarðvíkingur en hefur spilað undanfarin þrjú tímabil með Keflavík. Hún var lykilmaður í Íslandsmeistaraliði Keflavíkur í fyrra og var þá með 12,2 stig, 9,7 fráköst og 3,4 stoðsendingar að meðaltali í leik.



sport
sport@fretta

**HAUKUR INGI GUÐNASON:** SKRIFAÐI Í GÆR UNDIR TVEGGJA ÁRA SAMNING VIÐ UPPELDISFÉLAG SITT KEFLAVÍK

# *Erfitt að yfirgefa Fylki, auðvelt að velja Keflavík*

Sóknarmaðurinn Haukur Ingi Guðnason ákvað í gær að ganga aftur í raðir uppeldisfélags síns Keflavíkur og skrifa undir tveggja ára samning eftir sex ára dvöl hjá Fylki en samningur hans við Árbæjarfélag átti að renna út um áramótin. Hinn þrítugi Haukur Ingi á að baki 138 leiki í efstu deild með Keflavík, KR og Fylki og hefur skorað 30 mörk í þeim leikjum en hann var einnig á mála hjá Liverpool um hríð.

„Það má orða það þannig að það hafi verið erfitt að yfirgefa Fylki en auðvelt að velja Keflavík. Ég var búinn að vera í sex ár hjá Fylki og er sá leikmaður sem hefur verið lengst samfleytt þar af núverandi leikmannahópi og mér leið vel í Árbænum. Það voru nokkur félög sem höfðu samband við mig og ég var að skoða mín mál en þegar Keflavík kom inn í þetta þá var valið ekki erfitt. Ég er náttúrulega uppalinn í Keflavík og ef yngri flokkar eru teknir með þá hef ég eflaust leikið þar í einhver tuttugu ár,“ segir Haukur Ingi.




Keflavík rétt missti af Íslandsmeistaratitlinum síðasta sumar eins og kunnugt er eftir mikið kapphlaup við FH en Haukur Ingi fer ekkert leynt með það að hann sé mættur í Bítlabæinn til þess að ná enn betri árangri næsta sumar.

„Það var ótrúlega svekkjandi fyrir Keflvíkinga að hafa ekki náð að klára dæmið síðasta sumar og ég viðurkenni það að ég var líka mjög svekktur fyrir þeirra hönd. Það er því vissulega krefjandi verkefni fyrir höndum að gera enn betur næsta sumar og ég er alla vega mættur til þess að gefa mig 100 prósent fram í að svo verði og ég tel víst að allir verði innstilltir á það.“

Haukur Ingi hittir fyrir mörg kunnugleg andlit í Keflavíkurliðinu og þar á meðal er einn af bestu vinum hans, Jóhann Birnir Guðmundsson.

„Árið 1997 skildu leiðir hjá mér og góðvini mínum Jóhanni Birni þegar við fórum báðir í atvinnumennsku erlendis en við hétum okkur því að spila aftur saman einn daginn og við höfðum reglulega talað um það síðan þá. Ég reyndi nú að plata hann yfir til Fylkis á tímabili en það gekk ekki eftir en núna verður gaman að spila með honum hjá Keflavík,“ segir Haukur Ingi að lokum.



**ALVEG BRJÁLAÐUR** John Terry var allt annað en sáttur við rauða spjaldið frá Phil Dowd dómara. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin í fótbolta:

## Terry fékk rautt

**FÓTBOLTI** Sigurganga Chelsea á útivöllum endaði á Goodison Park í gærkvöldi þegar liðið gerði markalaust jafntefli við heimamenn í Everton. Liverpool verður þar með á toppnum í ensku úrvalsdeildinni um jólin, einu stigi á undan Chelsea.

Chelsea var fyrir leikinn búið að vinna 11 útileiki í röð en eftir að liðið missti mann af velli eftir hálftíma leik hugsaði liðið meira um að komast burtu með stig.

John Terry, fyrirliði Chelsea, fékk rautt spjald strax á 35. mínútu fyrir tæklingu á Leon Osman. Terry sýndi takkanna og fór hátt í tæklinguna en rauða spjaldið var harður dómur. - óój

**STAÐAN Í ENSKU DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Liverpool** | **18** | **11** | **6** | **1** | **27-12** | **39** |
| Chelsea | 18 | 11 | 5 | 2 | 36-7 | 38 |
| **Aston Villa** | **18** | **10** | **4** | **4** | **30-20** | **34** |
| Man. United | 16 | 9 | 5 | 2 | 27-10 | 32 |
| **Arsenal** | **18** | **9** | **4** | **5** | **30-21** | **31** |
| Hull City | 18 | 7 | 6 | 5 | 27-31 | 27 |
| **Everton** | **18** | **7** | **5** | **6** | **23-25** | **26** |
| Fulham | 17 | 6 | 6 | 5 | 16-12 | 24 |
| **Bolton** | **18** | **7** | **2** | **9** | **22-24** | **23** |
| Portsmouth | 18 | 6 | 5 | 7 | 20-28 | 23 |
| **Wigan** | **17** | **6** | **4** | **7** | **21-20** | **22** |
| Newcastle | 18 | 5 | 7 | 6 | 24-25 | 22 |
| **Sunderland** | **18** | **6** | **3** | **9** | **21-26** | **21** |
| Middlesbrough | 18 | 5 | 5 | 8 | 17-27 | 20 |
| **Stoke City** | **18** | **5** | **5** | **8** | **17-30** | **20** |
| Tottenham | 18 | 5 | 4 | 9 | 20-23 | 19 |
| **West Ham** | **18** | **5** | **4** | **9** | **18-26** | **19** |
| Man.City | 18 | 5 | 3 | 10 | 31-27 | 18 |
| **Blackburn** | **18** | **4** | **4** | **10** | **20-34** | **16** |
| West Brom | 18 | 4 | 3 | 11 | 14-33 | 15 |

# Metár hjá hópíþróttamönnum

**Kjör Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins er sögulegt í ár því í fyrsta sinn kemst aðeins einn einstaklingsíþróttamaður á topp tíu listann. Handbolta- og fótboltamenn eru fjölmennastir á listanum.**

**ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS** Íþróttamaður ársins fyrir árið 2008 verður útnefndur föstudaginn 2. janúar næstkomandi en atkvæði í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna hafa verið talin og því liggur ljóst fyrir hvaða tíu íþróttamenn urðu í efstu sætum í kjörinu.

Atkvæðagreiðsla félagsmanna í Samtökum íþróttafréttamanna er leynileg og fer þannig fram að hver félagsmaður SÍ setur saman lista með nöfnum tíu íþróttamanna sem honum þykja hafa skarað fram úr á árinu.

Kjörið er þegar orðið sögulegt hvað varðar að níu af íþróttamönnunum tíu koma úr hópíþróttum. Þetta er einstakt í 53 ára sögu kjörsins en gamla metið er frá árinu 2005 þegar aðeins tveir einstaklingsíþróttamenn voru á listanum. Það setur þetta sögulega kjör kannski í enn betra samhengi að í 51 af 53 kjörum Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins þá hafa einstaklingsíþróttamennirnir verið fjórir eða fleiri á topp tíu listanum.

Eini einstaklingsíþróttamaðurinn að þessu sinni er júdókappinn Þormóður Árni Jónsson sem er jafnframt fyrsti júdómaðurinn í sextán ár til þess að komast inn á listann. Síðastur á undan honum til þess að komast á listann var Bjarni Friðriksson árið 1992 en hann var þá á listanum ellefta árið í röð. Síðan þá hefur enginn júdómaður komist í hóp þeirra tíu bestu.



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** 35 ára handboltamaður hjá Ciudad Real á Spáni. Í tíunda sinn á topp tíu listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handbolta- og fótboltamenn eru fjölmennastir á listanum en fjórir leikmenn silfurliðsins frá Ólympíuleikunum í Peking komast á topp tíu listann. Á listanum eru einnig tveir knattspyrnumenn og tvær knattspyrnukonur. Þetta er í fimmta sinn sem handbolti á svo marga meðal þeirra tíu efstu en það gerðist einnig árin 1960, 1972 og 1987. Handboltamenn áttu þrjá á listanum 1989 þegar liðið vann b-keppnina í Frakklandi en þeir voru allir í þremur efstu sætunum.

Ólafur Stefánsson er meðal tíu efstu í tíunda sinn en hann hefur verið á listanum allar götur frá og með árinu 1997 að árunum 1998 og 2005 undanskildum. Ólafur er aðeins áttundi íþróttamaðurinn í sögu kjörsins sem nær að komast meðal tíu efstu í tíu skipti eða fleiri en sundmaðurinn Guðmundur Gíslason á metið en hann komst fimmtán sinnum í hóp þeirra tíu bestu í kjörinu.

Eiður Smári Guðjohnsen er ekki langt á eftir Ólafi en hann er níunda árið í röð á lista yfir þá tíu bestu. Eiður Smári hefur fimm sinnum á undanförnum átta árum verið meðal þeirra fjögurra hæstu í kjörinu.

Aðrir reynsluboltar á listanum eru þeir Jón Arnór Stefánsson sem er í sjötta sinn á listanum og Hermann Hreiðarsson sem er í fimmta sinn á listanum. Þrír nýliðar eru á listanum í ár, handboltamaðurinn Alexander Petersson, knattspyrnukonan Katrín Jónsdóttir og júdómaðurinn Þormóður Árni Jónsson.

ooj@frettabladid.is



**ALEXANDER PETERSSON** 28 ára handboltamaður hjá Flensburg í Þýskalandi. Í fyrsta sinn á topp tíu listanum FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON** 26 ára körfuboltamaður hjá KR á Íslandi. Í sjötta sinn á topp tíu listanum. MYND/ GRAZIANERI



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** 30 ára fótboltamaður hjá Barcelona á Spáni Í níunda sinn á topp tíu listanum. NORDICPHOTOS/AFP



**KATRÍN JÓNSDÓTTIR** 31 árs fótboltakona hjá Val á Íslandi. Í fyrsta sinn á topp tíu listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** 29 ára handboltamaður hjá Rhein Neckar Löwen í Þýskalandi í fjórða sinn á topp tíu listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** 22 ára fótboltakona hjá Val á Íslandi Í þriðja sinn á topp tíu listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON** 27 ára handboltamaður hjá GOG í Danmörku Í þriðja sinn á topp tíu listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HERMANN HREIÐARSSON** 34 ára fótboltamaður hjá Portsmouth í Englandi Í fimmta sinn á topp tíu listanum. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÞORMÓÐUR ÁRNI JÓNSSON** 25 ára júdómaður hjá JR á Íslandi Í fyrsta sinn á topp tíu listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Hefur þú séð þessa kerru?

Þessi tveggja öxla kerra hvarf frá Hamarshöfða 8, Reykjavík á sunnudag eða mánudagsmorgun (14.–15. desember). **Númerið á vagninum er TB 168.**

Þeir sem geta gefið upplýsingar um hvarf kerrunnar eru beðnir að hringja í lögregluna í Reykjavík í síma **444 1000 eða 820 1790.**


32
TOMMUR
Ódýrasta 32" LCD tækið á landinu
Hisense LCD32W57
32" LCD sjónvarp • 1366 x 768 punkta upplausn • Skerpa: 5000:1 • svartími: 6,5ms • HD Ready • Stafrænn DVBT móttakari • 3 HDMI tengi ofl.
Max verð
99.989
Troðfull búð af tilboðum
Max verð
3.989
Fullt verð 4.489
12 þættir
DAGVAKTIN
Max verð
1.989
Fullt verð 2.489
Max verð
989
fyrir hvert stk.
19 TOMMUR
Með DVD
United TVD7056
19" LCD • Innb. DVD spilari • Uppl: 1440x900 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi ofl. • 12v og 220v
Max verð
59.989
Fullt verð 69.989
Playstation 2
Max verð
24.989
Fullt verð 29.989
Ódýr og góður GSM
Samsung C170
Einfaldur GSM • 65.000 lita CSTN skjár • Titrari • Handfrjáls hátalari • Diktafónn • Fjölradda tónar • FM útvarp ofl.
Max verð
8.989
Philips Senseo gjafapakki fylgir öllum litum Senseo
Philips HD7810SV
1450w Senseo kaffivél • Hellir upp á 1 - 2 bolla í einu • Fæst í fjölda lita
Max verð
15.989
Örbylgjuofn
United MWO7103
20 lítra örbylgjuofn • 700w Örbylgjuofn • Snúningsdiskur • Afþýðingarmöguleiki
Max verð
8.989
Hár blásari
Philips HP4981
2000w hárblásari • 6 hita- og hraðastillingar • 1,8m kapall
Max verð
4.989
Fullt verð 5.989
Max verð
989
fyrir hvert stk.
DVD myndir 3 fyrir 2
Keyptu tvær DVD og fáðu þriðju fría
OPIÐ KL. 11-22 ALLA DAGA TIL JÓLA
MAX RAFTÆKI - KAUPTÚNI 1 GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM - SÍMI 412 2200 - WWW.MAX.IS
MAX RAFTÆKI

> **Jamie Oliver**

„Ég vil gera hollan mat aðgengilegan öllum og sýna fram á að við getum öll eldað. Það má gera mistók, ég geri það sjálfur – aðalatriðið er að allir geta eldað."

Stöð 2 sýnir í kvöld sérstakan jólaþátt með Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur hvað hann ætlar að bjóða fjölskyldunni sinni upp á yfir jólahátíðina.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SPÁIR Í STJÖRNURNAR

# *Jesús fæddist sautjánda júní*

Fá tákn eru manninum jafn heilög og tákn stjörnunnar. Hvort sem hún er sexhyrnd eða fimmhyrnd birtist hún í fjölmörgum trúarbrögðum. Form stjörnunnar hefur tengst öllu frá kristni til satanisma og geymir eins og einhverja ævagamla vitneskju um leyndarmál alheimsins. Fornir menningarheimar byggðu musteri tileinkuð stjörnufræðinni og álitu að gangur himintunglanna skipti sköpum fyrir fólkið á jörðinni. Ein frægasta stjarna fyrr og síðar er auðvitað Betlehemstjarnan sem átti að hafa leitt vitringana þrjá að fæðingarstað Jesú Krists. Hvaða barn hefur ekki heillast af sögunni um vitringana þrjá sem ferðuðust á úlföldum yfir eyðimörkina til að færa jesúbarninu táknrænar gjafir. Í síðustu viku birtist ástralskur stjörnufræðingur í fréttum og segist hafa leyst gátuna um teiknið á himninum sem birtist fyrir rúmum tvö þúsund



árum. Dave Reneke hefur rannsakað hvernig stjörnuhiminninn leit út á tímum Nýja testamentisins og segir að Betlehemstjarnan hafi í raun verið skínandi birta sem myndaðist þegar Venus og Júpiter voru óvenjulega nálægt hvor annarri og færðust yfir Ljónsmerkið árið 2 fyrir Krist. Reneke segir að mikill ljósgeisli hafi verið sýnilegur í austri 17. júní sem væri þá réttur fæðingardagur frelsarans. Þeir heittrúuðu gætu því jafnvel haldið tvöfalt upp á þjóðhátíðardag Íslendinga í stað þessarar „rammheiðnu" hátíðar þann 25. desember sem á rætur sínar að rekja til rómverskra, egypskra og keltneskra siða og trúarbragða á vetrarsólstöðum. Hvernig sem trú manna er háttað er það vissulega skemmtileg tilhugsun að „stjarnan" hafi verið til í raun og veru og að fallega ævintýrið um vitringana þrjá hafi mögulega gerst í raun og veru.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.25** Flensburg - RN Löwen, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20** Mæðgurnar SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** Moulin Rouge STÖÐ 2



▶ **22.10** The Dead Zone SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Mótorsport 2008** (e)

**16.15 Leiðarljós**

**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.20 Bjargvætturin** (9:26)

**17.50 Latibær** (e)

**18.15 Verstu jól ævinnar** (3:3) (e)

**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Mæðgurnar** (5:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.

**21.05 Paul Potts - Úr sölumanni í stórsöngvara** Danskur þáttur um símasölumanninn Paul Potts sem sló í gegn í hæfileikakeppninni Britain's Got Talent og varð frægur um allan heim.

**21.35 Metropolitan og sinfónían** Upptaka frá tónleikum með djasshljómsveitinni Metropolitan og Norsku útvarpshljómsveitinni í Osló í júní 2006.

**22.05 Sálin og Gospel** Upptaka frá tónleikum hljómsveitarinnar Sálarinnar og Gospelkórs Reykjavíkur í Laugardalshöll í september 2006. (e)

**23.35 Múmían** Bandaríkjamaður í frönsku útlendingahersveitinni vekur upp múmíu í hinni fornu borg Hamúnaptra. Aðalhlutverk: Brendan Fraser, Rachel Weisz og John Hannah. (e)

**01.35 Kastljós** (e)

**02.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Jumanji**

**10.00 Shopgirl**

**12.00 Surviving Christmas**

**14.00 The Jewel of the Nile**

**16.00 Jumanji**

**18.00 Shopgirl**

**20.00 Surviving Christmas** Gamanmynd með Ben Affleck, James Gandolfini og Christinu Applegate.

**22.00 Red Eye**

**00.00 Working Girl**

**02.00 Control**

**04.00 Red Eye**

**06.00 Lake House**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Galdrabókin, Jesús og Jósefína, Lalli og Ruff's Patch.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (219:300)

**10.15 The Celebrity Apprentice** (1:13)

**11.15 Las Vegas** (15:19)

**12.00 Numbers**

**12.45 Neighbours** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang enda eru íbúar það einkar skrautlegir og skemmtilegir.

**15.15 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það besta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

**15.50 Saddle Club**

**16.13 Tutenstein**

**16.33 Ben 10**

**16.58 Stuðboltastelpurnar**

**17.23 Galdrabókin** (23:24)

**17.33 Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan heldur áfram að slá í gegn í tískubransanum þrátt fyrir mikið mótlæti og erjur utan sem innan fyrirtækisins.

**17.58 Neighbours**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** Níunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hvunndag hennar.

▶**19.55 Dagvaktin** (10:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

**20.25 Dagvaktin** (11:12)

**21.00 Jólaveisla Jamies Olivers**

**21.50 Moulin Rouge** Dans- og söngvamynd með Nicole Kidman og Ewan McGregor í aðalhlutverkum.

**23.55 Grey's Anatomy** (9:24)

**00.45 Bad Santa** Billy Bob Thornton fer á kostum í kolsvartri gamanmynd sem boðar allt annað en hinn rétta anda jólanna.

**02.15 Joyeux Noël**

**04.05 Jólaveisla Jamies Olivers**

**04.55 Dagvaktin** (11:12)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.20 Gillette World Sport 2008** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**16.50 Race of Champions - Hápunktkar** Sýnt frá hápunktunum frá Race of Champions-mótinu sem fram fór á Wembley.

**17.50 Þýski handboltinn: Hápunktar** Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

▶**18.25 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Flensburg og RN Löwen í þýska handboltanum.

**19.55 PGA Tour 2008** Útsending frá Chevron World Challange-mótinu í golfi.

**22.55 NBA Action** Í þessum þáttum verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

**23.25 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Flensburg og RN Löwen í þýska handboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Chelsea.

**14.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Tottenham.

**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Middlesbrough.

**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum markaþætti.

**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik WBA og Man. City.

**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Liverpool.

**22.20 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Portsmouth.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**14.55 Vörutorg**

**15.55 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**16.40 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**17.25 America's Funniest Home Videos** (34:42) (e)

**17.50 Charmed** (8:22) (e)

**18.40 Friday Night Lights** (8:15) (e)

**19.30 America's Funniest Home Videos** (35:42) (e)

**20.00 Family Guy** (15:20) (e)

**20.30 30 Rock** (9:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. (e)

**21.00 The Bachelor** (3:10) Raunveruleikaþáttur þar sem efnilegur piparsveinn leitar að stóru ástinni. (e)

▶**22.10 The Dead Zone** (2:12) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny notar hæfileika sína til að hindra það að Miranda giftist Greg Stillson í von um að bjarga lífi hennar því hún veit of mikið um fortíð hans.

**23.00 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.50 CSI:New York** (18:21) (e)

**00.40 In Plain Sight** (7:12) (e)

**01.30 Sugar Rush** (6:10) (e)

**01.55 Vörutorg**

**02.55 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Jólakveðjur**

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Tryggvi Ólafsson og Bragi Ásgeirsson

árita bækur sínar,

þriðjudaginn 23. desember frá kl 15–17







LISTMUNASALA fold

Opið er í Gallerí Fold á Rauðarárstíg á Þorláksmessu til kl. 23

Gallerí Fold óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 EXTRA KL. 18.15 OG 21.15
**The O.C.**



Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið virðist leika við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Surviving Christmas**
**Stöð 2 bíó kl. 12.00 og 20.00**

Gamanmynd með Ben Affleck, James Gandolfini og Christinu Applegate í aðalhlutverkum. Affleck leikur óþolandi auðmann sem borgar venjulegri fjölskyldu fyrir að fá að eyða með henni jólahátíðinni. Vandinn er sá að mannleg samskipti eru ekki hans sterkasta hlið og erfiðast á hann með að umgangast venjulegt fólk.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Jólakveðjur
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Jólakveðjur
**11.03** Jólakveðjur
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Jólakveðjur
**14.03** Jólakveðjur
**15.03** Jólakveðjur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Jólakveðjur
**17.03** Jólakveðjur
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.24** Dánarfregnir
**18.34** Jólakveðjur
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Jólakveðjur
**00.07** Jólakveðjur
**01.00** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (86:260)
**16.30 Hollyoaks** (87:260)
**17.00 Seinfeld** (12:24)
**17.30 Ally McBeal** (4:24)
**18.15 The O.C.** (1:27)
**19.00 Hollyoaks** (86:260)
**19.30 Hollyoaks** (87:260)
**20.00 Seinfeld** (12:24)Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
▶**20.30 Ally McBeal** (4:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**21.15 The O.C.** (1:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið virðist leika við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.
**22.00 Men in Trees** (12:19) Önnur þáttaröðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**22.45 Journeyman** (11:13)
**23.30 Help Me Help You** (9:13)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn skoðar jólapólitík að þessu sinni.
**21.00 Í kallfæri** Gestur Jóns Kristins Snæhólms er Geir Ólafsson stórsöngvari.
**21.30 Guðjón Bergmann** Í leit að lausnum með Guðjóni Bergmann.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

### DR 1

**10.00** Det lille hus på prærien **10.45** Den frygtløse **12.15** Landsbyhospitalet **13.00** Robin Hood **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Hvem ved det **14.35** Hans og hendes jul **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Max **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** Hvem ved det! **18.30** Nissernes Ø **19.00** Hit med Sangen - jul **20.00** TV Avisen **20.25** Pretty Woman **22.20** Signetringen **23.50** En sag for Frost

### NRK 1

**10.00** Nonnen **11.00** NRK nyheter **11.10** Jessica Fletcher **11.55** Historien om **12.05** Det ligg i lufta **13.00** Det var en gang **14.00** NRK nyheter **14.05** Creature Comforts **14.30** Bokprogrammet spesial **15.00** Beat for beat **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat **16.15** Julehelsing frå Med hjarte på rette staden **16.40** Jul med Sissel **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Småplukk **17.30** Superjulevangeliet **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Alle tiders Henki **19.30** Kvelden før kvelden **21.05** Hvilket liv! **22.05** Extra-trekning **22.15** Kveldsnytt **22.30** Det kvinner vil ha

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Det ljuva livet **13.55** Jan och sparvhöken **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.25** Owl **15.30** Lilla sportspegeln **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Slut för idag... tack för idag **16.25** Jane och draken **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Oväntat besök **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Dom kallar oss artister **20.00** Uppesittar-Go'kväll **23.00** Kulturnyheterna **23.15** Min bäste väns bröllop **01.00** Sändningar från SVT24


Jólatónleikar Jólaþorpsins

JÓLAÞORPIÐ ER OPIÐ Í DAG KL. 16-22

Jólamarkaður og glæsilegir tónleikar í miðbæ Hafnarfjarðar

Fjölbreyttur varningur til sölu í Jólaþorpinu.

Fallegir munir og handverk

Fallegar jólagjafir

Heimagerðir hattar
Leikföng
Skart
Sjöl
Húfur og treflar
Útskorið jólaskraut
Handmáluð kerti og margvíslegt fleira.

Dagskrá Jólaþorpsins
23.12.2008

TÓNLEIKAR Í SAMVINNU VIÐ ABC-BARNAHJÁLP
í Jólaþorpinu í Hafnarfirði á Þorláksmessu kl. 18–22

Landsþekktir skemmtikraftar koma okkur í sannkallað jólaskap í ævintýralegri rökkurstemmingu Jólaþorpsins. Meðal listamanna sem koma fram á tónleikunum eru hinar einu sönnu Frostrósir, Lay Low, Regína Ósk og Herbert Guðmundsson. ABC kynnir sitt góða starf og tekur á móti frjálsum framlögum.

DAGSKRÁ TÓNLEIKANNA:

18:00 The Revelation
18:20 Sylvía Guðnýjardóttir
18:30 Sönghópurinn Norðurljós
19:00 Unnar Gísli trúbador
19:20 María og Mamas Bag flytur sálar- og djasstónlist
19:50 Kammerkór Hafnarfjarðar leiðir jólagönguna inn í Jólaþorpið og syngur ásamt gestum
20:10 Frostrósir
20:30 Regína Ósk ásamt Keith Reed & Family Band, syngja amerísk jólalög
21:00 Herbert Guðmundsson og hljómsveit
21:30 Lay Low og hljómsveit
22:00 Dagskrálok

Kynnir: Edda Björgvinsdóttir

Mætum öll og gleðjumst saman í ævintýralegu andrúmslofti Jólaþorpsins.

JÓLAGANGA HAFNARFJARÐAR

Jólagangan leggur af stað frá Fríkirkjunni kl. 19.30 og endar í Jólaþorpinu rétt fyrir kl. 20.

Kammerkór Hafnarfjarðar leiðir gönguna og syngur jólasöngva.

JÓLADAGSKRÁ FJÖLSKYLDUNNAR ÁSVALLALAUG

Fjársjóðsleit kl.11

Lokahátíð og verðlaunaafhending í ýmsum keppnum kl.16

Opið til kl. 22

FABRIKAN

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

Sjáumst í Jólaþorpinu!

Nánari upplýsingar, myndir o. fl. á www.hafnarfjordur.is

Jólaþorpið í Hafnarfirði

## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Sigurður, sá tólfti,
kunni á aurum lag.
og sagði allt í fína
fram á lokadag.

Hann byggði svaka bústað,
en kom þar aldrei við.
Flaug þó stundum yfir
og glápt' á ferlíkið.



# Bubbi og Egó á Litla-Hraun um jólin

„Það eru orð að sönnu. Jólin „kikka“ ekki inn fyrr en ég er búinn að fara á Litla-Hraun á aðfangadag,“ segir Bubbi Morthens.

Bubbi er nú að fara í tuttugasta og fjórða sinni á Litla-Hraun til að gleðja fanga sem þar dvelja yfir hátíðarnar. Það er óneitanlega kuldalegur staður til að dvelja á yfir hátíðarnar og að sögn fangavarða er þetta hápunkturinn fyrir marga þegar Bubbi kemur ásamt föruneyti. Bubbi fór fyrst til að halda jólatónleika á Hrauninu árið 1981 og fór þá með hljómsveitinni Utangarðsmönnum. Nú fer hann með hljómsveit sína Egó en auk þeirra verða með í för kærustuparið Ragnheiður Gröndal og gítarsnillingurinn Guðmundur Pétursson.

„Við ætlum að reyna að gera flott „gigg“ eins og það heitir á góðu máli. „Line-up-ið“ er Addi úr Ham á trommur, Beggi bróðir Morthens, Krummi sem var í Jet Black Joe verður á hljómborð og Kobbi [Jakob Magnússon] á bassa.“

Bubbi er að ýta Egóinu úr vör og stendur til að fara um borg og bý með hljómsveitina. „Já, við erum að fara að spila á Players 27. desember. Taka ball. Ætlum að spila það besta sem Bubbi hefur gert, besta með Egó, Utangarðsmönnum og GCD. Já, vá. Ég hef ekki spilað á balli síðan með GCD. Ég hlakka mikið til.“ - jbg



**BUBBI OG JAKOB BASSALEIKARI** Jólin detta ekki inn fyrr en Bubbi hefur farið á Litla Hraun til að spila fyrir fanga þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT 2.** hærra, **6.** í röð, **8.** skordýr, **9.** suss, **11.** verslun, **12.** þverra, **14.** dul, **16.** guð, **17.** tala, **18.** hylli, **20.** frá, **21.** samtök.

**LÓÐRÉTT 1.** blað, **3.** tveir eins, **4.** land í S.-Evrópu, **5.** upphaf, **7.** girnast, **10.** gerast, **13.** stofn, **15.** daður, **16.** farvegur, **19.** drykkur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ofar, **6.** aá, **8.** fló, **9.** uss, **11.** bt, **12.** fækka, **14.** leynd, **16.** ra, **17.** níu, **18.** ást, **20.** af, **21.** stef.

**LÓÐRÉTT: 1.** lauf, **3.** ff, **4.** albanía, **5.** rót, **7.** ásælast, **10.** ske, **13.** kyn, **15.** dufl, **16.** rás, **19.** te.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Bjarni Haukur Þórsson.
2. 25 ára.
3. Margrét Frímannsdóttir.

EYÞÓR GUNNARSSON: HEFUR HINGAÐ TIL HAFT VIT Á ÞVÍ AÐ ÞEGJA

# Gagnrýnandi sagður hrokafullur og vanhæfur

„Það sauð aðeins á mér því þetta var nú dóttir mín, þá kvikna einhver foreldraviðbrögð. Annars hefur maður hingað til haft vit á því að þegja yfir svona málum,“ segir Eyþór Gunnarsson úr Mezzoforte.

Hann hefur átt í harðri ritdeilu við Jón Agnar Ólason, gagnrýnanda Morgunblaðsins, á bloggsíðu hins síðarnefnda vegna tveggja stjörnu dóms sem fyrsta sólóplata Elínar dóttur hans fékk hjá honum. Platan heitir See you in Dreamland og bar dómur Jóns Agnars yfirskriftina Fátt um fína drauma. „Eins og gengur þá vinnast sumar orustur í fyrsta áhlaupi, og aðrar ekki. Elín Ey (-þórsdóttir) sendi á dögunum frá sér skífuna See you in dreamland og verður að segjast að hún fellur mestmegnis í síðari flokkinn,“ segir í dómnum.

Eyþór sagði á bloggsíðu Jóns að viðskiptafræðingur á fertugsaldri hefði ekkert með það að skjóta niður sköpunarverk 17 ára unglinga með hrokafullum og meiðandi hætti. Sagði Eyþór hann vanhæfan til að fjalla um plötuna.

„Það er eins og maður finni stundum fyrir því að gagnrýnendur tilheyri ekki markhópi viðkomandi listamans. Að þeir séu að meta músíkina út frá vitlausum forsendum, eins og þeir séu að óska þess að hún sé eitthvað annað en hún er,“ segir Eyþór um tónlistargagnrýni almennt. „Mér finnst stundum eins og þetta sé vettvangur fyrir einhverja „besservissera“ til þess að skjóta.“

Hann segir að aðrir gagnrýnendur á Mogganum, þeir Árni Matthíasson og Arnar Eggert Thoroddsen, hafi báðir verið miður sín yfir þessum dómi Jóns. „Arnar Eggert er búinn að mæra þessa stúlku í hástert. Ef hann hefði skrifað dóminn hefði hann hljómað allt öðruvísi.“

Jón Agnar segir að viðbrögð Eyþórs hafi að sumu leyti komið sér á óvart. „Kannski er ég hissa á að jafnsjóaður og reyndur tónlistarmaður og Eyþór er skuli bregðast yfirleitt svona við dómi. Á hinn bóginn kemur þetta ekki á óvart því það er örugglega hverjum manni eðlislægt að stökkva til varnar ef honum þykir hallað á börnin sín. En eftir stendur að smekkur manna er misjafn,“ segir Jón, sem gaf mági Eyþórs, KK, mjög góða dóma fyrir sína plötu. Þá efaðist enginn um hæfni hans sem gagnrýnanda þrátt fyrir að tónlist KK og Elínar sé nokkuð svipuð. „Eflaust þykir KK geta svarað fyrir sig ef á því þarf að halda,“ segir Jón.

Hann segist ekki sjá eftir neinu sem hann skrifaði. „Það er leiðinlegt ef fólk tekur hlutina mikið inn á sig og kannski erfitt við að eiga þegar um svona unga tónlistarmenn er að ræða en svona fannst mér þessi geisladiskur eftir ítrekaðar hlustanir og þar við situr.“

Þess má geta að ritdeila Jóns og Eyþórs var horfin með öllu af bloggsíðunni í gær, skömmu eftir samtal Jóns við blaðamann.

freyr@frettabladid.is

## DEILT UM GAGNRÝNI



Elín Eyþórsdóttir, til vinstri, gaf út fyrstu sólóplötu sína fyrir skemmstu. Jón Agnar Ólason, til vinstri fyrir neðan, gagnrýndi plötuna í Morgunblaðinu og gaf henni tvær stjörnur. Jón Agnar og Eyþór Gunnarsson, faðir Elínar, hafa síðan átt í ritdeilu á bloggsíðu gagnrýnandans. Jón Agnar fjarlægði öll ummerki um orðaskak þeirra eftir að Fréttablaðið spurðist fyrir um málið í gær.





## FRÉTTIR AF FÓLKI

Jólin verða með sérkennilegu móti hjá **Agli Einarssyni** eða Störe líkamsræktarfrömuði því þegar hann er ekki að vinna í líkama sínum (og annarra), en hann er að skríða í 96 kíló af „hreinu kjöti“, er hann í stífum æfingum fyrir landsliðsferðina sem farin verður til Portúgals 12. febrúar. Þar keppir Egill auk Audda Blö og fleirum í póker eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Er æft á hverju kvöldi yfir hátíðarnar og allar etikettur um spil og jól þverbrotnar.



Í dag er skötudagurinn mikli og einn þeirra sem hafa hefðina með sér í því að slá upp rómaðri skötuveislu er meistari **Bjartmar Guðlaugsson**. Eins þeirra sem sótt hefur þessar veislur verður sárt saknað en það er Rúnar Júlíusson og má bóka að lyft verður brennivínsstaupi honum til heiðurs.



Kvikmyndin um glaðlyndu furðukonurnar Skoppu og Skrítlu var frumsýnd í Smárabíói á sunnudaginn. Margt góðra gesta var samankomið, meðal annars mátti sjá Jónsa í Svörtum fötum, Jóa úr Idol, Jón Gnarr og Óskar Jónasson skemmta sér með börnum sínum. Þá mættu þrír ráðherrar auk afkvæma, þau Björgvin G. Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**. Menntamálaráðherrann kemur fram í myndinni, sýnir stórleik sem sirkusáhorfandi þegar Skoppa situr á milli hennar og handboltakappans Sigfúsar Sigurðssonar.



- jbg, drg

FORLAGIÐ vísir.is

JÓLALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS
VINNINGSHAFAR

**Bækur frá Forlaginu**
Brynja Kristjánsdóttir, Hof
Einar Ásgeirsson, Hólmgarður 50
Elín Þórðardóttir, Lyngmóum 9
Erna Kristinsdóttir, Réttarholtsvegur 73
Guðlaugur Guðmundsson, Skeljatanga 46
Guðrún Guðmundsdóttir, Óðinsgata 4
Ingigerður Einarsdóttir, Langamýri 20
Ingveldur M. Tryggvadóttir, Reykjabyggð 15
Monica Roismann, Álfhólsvegur 89
Ragnar M. Sævarsson, Burknavellir 9
Sigríður Diljá Guðmundsd., Nýjabúð
Sædís Inga Ingimarsdóttir, Norðurgötu 28

**Bíókort frá Sambíóunum**
Andri Þór Sólbergsson, Háaleitisbraut 123
Aníta Ósk Haraldsdóttir, Eskivellir 9b
Ásta Kristín Guðbjörnsd., Laufrima 45
Birgir Sólveigarson, Oddabraut 9
Birkir Steinn Vésteinsson, Kaldasel 4
Jórunn Símonardóttir, Hólmgarður 1
Lilja Bjarnadóttir, Hraunbraut 36
María Dögg Tryggvadóttir, Ásakór 1
Ólöf Rún Óladóttir, Ásvellir 7
Sigrún Alla Barðadóttir, Kjarrhólmi 8
Steinunn Ósk Magnúsd., Pósthússtræti 1
Viktor Björn Jónsson, Dofrakór 6

**Gjafakort frá Þjóðleikhúsinu**
Arnþrúður H. Gunnlaugsd., Kirkjustétt 11
Guðmundur Fr Þorsteins., Móagerði 2

Taktu þátt á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vinninga skal nálgast í móttöku Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24. Opið alla virka daga frá klukkan 8-17.

# Hann var með alls kyns leiðindi

Erling Egilssyni hefur verið boðið að spila aftur á skemmtistaðnum Bungalow 8 í London. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá kom til slagsmála inni á staðnum um helgina þegar einn gestanna, undirfatahönnuðurinn og milljarðamæringurinn Joseph Corre, heimtaði að Erling hætti að spila sína tónlist og léki frekar rokk og ról af plötum. Þrátt fyrir vinsamleg tilmæli frá dyravörðum staðarins um að hætta afskiptum af plötusnúðnum lét Corre ekki segjast og var að endingu hent út, í bókstaflegri merkingu. „Ég held að þetta sé í eitt af fáum skiptum sem einhverjum er hent út með þessum hætti,“ segir Erling en Bungalow 8 er staður fyrir fína og fræga fólkið. Erling fann óþægilega mikið fyrir nærveru Corres á skemmtistaðnum en sagðist bara hafa reynt að leiða hann hjá sér þar sem hann stóð inni í plötusnúðabúrinu. „Já, hann kom til okkar, öskraði á okkur og var með alls kyns leiðindi,“ útskýrir Erling. Eigendur staðarins voru þó himinlifandi með frammistöðu íslenska plötusnúðsins og buðu honum að koma aftur. „Og lofuðu því að þetta yrði þá enn meira rokk.“

Erling segir framkomu Corres nokkuð skondna í ljósi þess hverra manna hann er. Pabbi stráksins er enginn annar en Malcolm McLaren, hugmyndasmiðurinn á bak við Sex Pistols og pönk-tískuna, og frumkvöðull á sviði pönkraftónlistar. „Já, ég er viss um að hann hefði ekkert orðið mjög ánægður með strákinn, Malcolm hefði sennilega sjálfur verið dansandi uppi á borðum ef hann hefði verið þarna,“ segir Erling. - fgg



**BOÐIÐ AFTUR** Þrátt fyrir að milljarðamæringnum Joseph Corre hafi verið hent út hefur Erling Egilssyni verið boðið að spila aftur á Bungalow 8.


DVD
í Skífunni!
SKÍFAN
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
LOST
KAHANA
GREY'S ANATOMY
Includes All Four Seasons
Seasons One · Two · Three · Four
DESPERATE HOUSEWIVES
SIZZLING SECRETS EDITION
SEASON 4
COMPLETE SET: SEASONS 1, 2, 3 and 4
GEFÐU SKEMMTILEGA DVD PAKKA Í JÓLAGJÖF
private practice
Extended Edition
the complete first season
gossip girl
Hela första säsongen
THE OC
THE COMPLETE SERIES
COURTENEY COX
dirt
THE COMPLETE FIRST SEASON
DESPERATE HOUSEWIVES
SIZZLING SECRETS EDITION
SEASON 4
THE COMPLETE FOURTH SEASON
LOST
THE COMPLETE FOURTH SEASON
4
GREY'S ANATOMY
Season Four
Expanded
INDIANA JONES
THE COMPLETE COLLECTION

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Landsprent
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin





**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur


## Þorláksmessa

Þorláksmessa er loksins runnin upp. Hjá sumum kannski allt of snemma því hið vel þekkta jólastress rís gjarnan hæst í dag. Verslanir eru opnar þar til klukkan fer að ganga miðnætti í kvöld og margir eyða allri Þorláksmessunni í síðustu innkaupin fyrir jólin. Fótafúnir hlaupa menn milli búða og leita uppi eitthvað, bara eitthvað, sem gæti hentað í jólapakkann.

**SÍÐAN** ég man eftir mér hefur Þorláksmessan samt verið tiltölulega rólegur dagur. Laus við stress og hamagang og frekar umvafin einhverjum töfraljóma og eftirvæntingu, ekki síður en aðfangadagur. Ég ólst upp í sveit þar sem jólainnkaupin voru afgreidd í einni bæjarferð viku fyrir jól því ekki var að treysta á veður eða færð í afskekktum sveitum. Allar búrhillur voru því fylltar og ekki farið aftur í kaupstað fyrr en vel var liðið á nýtt ár. Innkaup voru því ekki streituvaldur á Þorláksmessu.

**VENJAN** var að hengja upp jólaskrautið á Þorláksmessu. Heimatilbúnir músastigar og litríkar seríur rötuðu í glugga og á veggi, jólatréð var sótt út í brekkuna og fengu ég og litla systir mín jafnan það hlutverk að velja tré. Sú hefð hefur haldist nokkuð óslitið þó við séum báðar komnar yfir þrítugt. Hangikjötið kraumaði í pottunum svo allt húsið ilmaði af jólum og laufabrauðið var stundum skorið út þennan dag. Fram eftir kvöldi ómuðu jólakveðjurnar í útvarpinu meðan síðustu verkin voru kláruð, konfektskálin stóð á borðinu og tæmdist í rólegheitunum.

**ÉG** hef stundum velt því fyrir mér hvort það geti verið að jólastressið svokallaða sé sjálfskapað. Að við séum einfaldlega of góðu vön. Tilhneigingin til að geyma hlutina fram á síðustu stundu sé tilkomin vegna þess að tíminn til að versla er svona rúmur og við reiknum með því að geta reddað öllum sköpuðum hlutum rétt fyrir jól. Hvað gera þeir sem þurfa að vinna í verslununum fram á síðustu stund?

**JÓLIN** í ár verða um margt öðruvísi en undanfarin jól. Jólagjafirnar verða færri undir trénu á mörgum heimilum og jafnvel eitthvað minni í sniðum. Það er ekkert verra. Innst inni eru margir fegnir því að hafa gilda ástæðu til að kúpla sig út úr neyslubrjálæðinu.

**VIÐ** skulum njóta dagsins. Á morgun koma gleðileg jól.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 23. desember, 358. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.23 | 13.27 | 15.31 |
| Akureyri | 11.40 | 13.11 | 14.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





Í ljósi aðstæðna í íslensku þjóðfélagi hefur Pokasjóður ákveðið að breyta út frá áralangri vinnureglu og úthluta núna 50 milljónum til Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrksnefndar í formi gjafakorta.

Þessi tvö samtök deila út gjafakortunum til skjólstæðinga sinna um allt land.
Við bjóðum þeim vel að njóta.



Melabúðin · BÓNUS · KVH · 10-11 · HAGKAUP · KASKO · KSH · nettó · Þín verslun SELJABRAUT · Samkaup strax · Samkaup úrval · VÍNBÚÐIN

POKASJÓÐUR